


Utanskólarannsókn

*Félagsleg staða ungmenna utan framhaldsskóla og samanburður
við jafnaldra þeirra í framhaldsskólum*

*Svandís Nína Jónsdóttir
Stefán Hrafn Jónsson
Inga Dóra Sigfúsdóttir
Hera Hallbera Björnsdóttir
Bryndís Björk Asgeirsdóttir*

September 2003



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Laugavegi 58b – 101 Reykjavík

sími 535 3800 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is

Utanskólarannsókn

Félagsleg staða ungmenna utan framhaldsskóla og samanburður við jafnaldra þeirra í framhaldsskólum

Unnið fyrir:

Lýðheilsustöð/Áfengis- og vímuvarnaráð

Íþróttá- og tólmstundaráð

Rauða kross Íslands

Félagsþjónustuna í Reykjavík

September 2003

**Svandís Nína Jónsdóttir
Stefán Hrafn Jónsson
Inga Dóra Sigfúsdóttir
Hera Hallbera Björnsdóttir
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir**

© 2003 *Rannsóknir & greining ehf*

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsóknna & greiningar ehf.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Aðferð	9
Þátttakendur	9
Viðtalskönnun á högum 16 – 20 ára ungmenna utan framhaldsskóla	9
Könnun meðal nemenda í framhaldsskólum á Íslandi	10
Könnun meðal 16-20 ára fólks utan framhaldsskóla á Íslandi	11
Nokkur orð um úrtak og þýði, þátttakendur og hópa	13
Fyrirvarar	13
Skólinn	14
Viðhorf til náms	16
Frammistaða í námi	23
Væntingar til framhaldssnáms	31
Framhaldsskóli fyrir alla	32
Samantekt	36
Fjölskyldan	37
Breytt fjölskyldugerð	37
Álag í fjölskyldum	38
Tengsl innan fjölskyldna	40
Barneignir ungmenna	43
Samantekt	46
Frístundir	46
Íþróttaiðkun	49
Skipulagt tómstundastarf	51
Afpreying	53
Samantekt	59
Andleg og líkamleg heilsa	59
Andleg heilsa	60
Líkamleg heilsa	64
Samantekt	66
Vímuefnaneysla	67
Reykingar	67
Áfengisneysla	69
Hassneysla	71
Neysla annarra ólöglegra vímuefna	73
Samantekt	78
Lokaorð	79
Viðauki	85
Aðhvarfsgreining og möguleg samsetning brottfalls	85
Tvíflokka aðhvarfsgreining	86

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1.	Hlutfallsleg skólasókn árganga að hausti, 1980-2001.	7
Mynd 2.	Hlutfall ungs fólks utan framhaldsskóla sem telja nám oft eða nær alltaf tilgangslaust.	18
Mynd 3.	Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem telja nám oft eða nær alltaf tilgangslaust.	19
Mynd 4.	Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf leiðast nám.	19
Mynd 5.	Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf leiðast nám.	20
Mynd 6.	Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf líða illa í skóla.	21
Mynd 7.	Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf líða illa í skóla.	21
Mynd 8.	Hlutfall fólks utan framhaldsskóla sem fékk einkunnina 5 eða lægri á samræmdum prófum í stærðfræði, eftir því hversu oft fullyrðingin á við um þau að þau upplifðu einelti í skóla.	23
Mynd 9.	Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í íslensku við lok grunnskóla.	26
Mynd 10.	Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í íslensku við lok grunnskóla.	27
Mynd 11.	Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í stærðfræði við lok grunnskóla.	28
Mynd 12.	Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í stærðfræði við lok grunnskóla.	28
Mynd 13.	Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í ensku við lok grunnskóla.	29
Mynd 14.	Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í ensku við lok grunnskóla.	30
Mynd 15.	Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í dönsku við lok grunnskóla.	30
Mynd 16.	Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í dönsku við lok grunnskóla.	30
Mynd 17.	Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem telja það frekar eða mjög líklegt að þau fari í nám við framhaldsskóla.	31
Mynd 18.	Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf eiga við sértæka námsörðugleika að stríða.	33
Mynd 19.	Hlutfall stelpna <u>utan</u> framhaldsskóla sem eiga eitt eða fleiri börn.	45
Mynd 20.	Hlutfall stelpna <u>innan</u> framhaldsskóla sem eiga eitt eða fleiri börn.	45
Mynd 21.	Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem stunda líkamsrækt, æfa íþróttir með íþróttafélagi eða mæðast/svitna, 2 sinnum í viku eða oftar.	49

Mynd 22. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem stunda líkamsrækt, æfa íþróttir með íþróttafélagi og mæðast eða svitna, 2 sinnum í viku eða oftar.	50
Mynd 23. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem eru í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum, myndlist eða leiklist einu sinni í viku eða oftar.....	52
Mynd 24. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem eru í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum, myndlist eða leiklist einu sinni í viku eða oftar.	52
Mynd 25. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem rölta um og skoða í búðir, fara í bæinn að kvöldi til og fara í leiktækjasal, 1 sinni í viku eða oftar.....	53
Mynd 26. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem rölta um og skoða í búðir, fara í bæinn að kvöldi til og fara í leiktækjasal, 1 sinni í viku eða oftar.....	54
Mynd 27. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fara í bíó einu sinni í mánuði eða oftar.	55
Mynd 28. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fara í bíó einu sinni í mánuði eða oftar.	55
Mynd 29. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fara í partí einu sinni í mánuði eða oftar.	56
Mynd 30. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fara í partí einu sinni í mánuði eða oftar.	57
Mynd 31. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fara á kaffihús einu sinni í viku eða oftar.	57
Mynd 32. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fer á kaffihús einu sinni í viku eða oftar.	58
Mynd 33. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fer á bari eða skemmtistaði einu sinni í viku eða oftar.....	58
Mynd 34. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fer á bari eða skemmtistaði einu sinni í viku eða oftar.....	59
Mynd 35. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem segir að andleg heilsa þeirra sé sæmileg eða léleg.....	61
Mynd 36. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem segir að andleg heilsa þeirra sé sæmileg eða léleg.....	62
Mynd 37. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem segjast stundum eða oft hafa lítinn áhuga á að gera hluti, stundum eða oft grét auðveldlega eða langaði til þess að gráta og voru stundum eða oft einmana (miðað við síðustu viku)	62
Mynd 38. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem segjast stundum eða oft hafa lítinn áhuga á að gera hluti, stundum eða oft grét auðveldlega eða langaði til þess að gráta og voru stundum eða oft einmana (miðað við síðustu viku)	63
Mynd 39. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem finnst líkamleg heilsa þeirra vera sæmileg eða léleg.....	65
Mynd 40. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem finnst líkamleg heilsa þeirra vera sæmileg eða léleg.....	65

Mynd 41. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem reykja daglega.	68
Mynd 42. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem reykja daglega.	68
Mynd 43. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa orðið drukkin einu sinni eða oftar sl. 30 daga.	69
Mynd 44. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa orðið drukkin einu sinni eða oftar sl. 30 daga.	69
Mynd 45. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað heimabrugg/landa <u>þrisvar sinnum</u> eða oftar um ævina.	70
Mynd 46. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað heimabrugg/landa <u>þrisvar sinnum</u> eða oftar um ævina.	71
Mynd 47. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað hass <u>þrisvar sinnum</u> eða oftar um ævina.	72
Mynd 48. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað hass <u>þrisvar sinnum</u> eða oftar um ævina.	72
Mynd 49. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað svefntöflur eða róandi lyf <u>án</u> lyfseðils læknis <u>þrisvar sinnum</u> um ævina eða oftar.	73
Mynd 50. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað svefntöflur eða róandi lyf <u>án</u> lyfseðils læknis <u>þrisvar sinnum</u> um ævina eða oftar.	74
Mynd 51. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað E-töflur <u>þrisvar sinnum</u> um ævina eða oftar.	74
Mynd 52. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað E-töflur <u>þrisvar sinnum</u> um ævina eða oftar.	75
Mynd 53. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað kókaín <u>einu sinni</u> um ævina eða oftar.	75
Mynd 54. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað kókaín <u>einu sinni</u> um ævina eða oftar.	76
Mynd 55. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað sveppi sem vímuefni <u>einu sinni</u> um ævina eða oftar.	76
Mynd 56. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað sveppi sem vímuefni <u>einu sinni</u> um ævina eða oftar.	77
Mynd 57. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað sniffefni (t.d. lím) <u>einu sinni</u> um ævina eða oftar.	77
Mynd 58. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað sniffefni (t.d. lím) <u>einu sinni</u> um ævina eða oftar.	78

Inngangur

Þekking er lykilorðið í nútímasamfélagi. Öflun nýrrar þekkingar, dreifing hennar og nýting eru nú helstu viðfangsefni stjórnámálanna, stjórnenda og forystumanna í þjóðlífi og atvinnulífi. Þekking ræður að sama skapi æ meira um það hvernig þjóðum, fyrirtækjum og einstaklingum vegnar. Við búum í þekkingarþjóðfélagi, sem endurspeglast í nær öllum þáttum daglegs lífs okkar. Vinnumarkaðurinn hefur tekið stakkaskiptum og krafan um framhaldsskólamenntun er nú orðin almenn í flestum ríkjum hins vestræna heims.¹ Til marks um þær breytingar sem hafa átt sér stað á tiltölulega skömmum tíma, má nefna að veturinn 1984/1985 brautskráðust 35% íslenskra ungmenna með stúdentspróf úr framhaldsskóla. Veturinn 2000/2001 var þetta hlutfall komið upp í 48%.² Kröfur um sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum hafa á sama tíma tekið grundvallarbreytingum. Tækifæri til að afla sér menntunar eru langtum fleiri en áður og væntingar ungmenna hafa að sama skapi tekið stakkaskiptum. Fæstir eiga sér í dag þann draum einan að öðlast fasta atvinnu, sama hvaða nafni hún nefnist. Þvert á móti snúast draumar ungmenna nú miklu frekar um framtíð fulla af ánægjulegum óvæntum uppákomum. Framtíðarstörfin eiga að vera vel launuð, sveigjanleg, krefjandi og skemmtileg. Erlendir fræðimenn hafa kallað þessa kynslóð „metnaðarfullu kynslóðina“.³ Þau ungmenni sem ekki ná að ljúka námi við framhaldsskóla eru ótvírætt verr sett bæði hvað varðar tækifæri til frekara náms og góða atvinnumöguleika. Þá hafa erlendar samanburðarrannsóknir leitt í ljós að þjóðarbúskapurinn líður fyrir það ef hátt hlutfall ungmenna hættir í námi á framhaldsskólastigi. Skatttekjur samfélaga verða lægri og kostnaður vegna velferðarþjónustu ýmiss konar eykst.⁴

Á Íslandi var fyrsta heildarlöggjöfin um framhaldsskóla sett árið 1988 en áður giltu lög um menntaskóla. Þá varð sú grundvallarbreyting á framhaldsskólastiginu að „allir þeir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun

¹ Meyer, John W. (1977). The Effects of Education as an Institution. *American Journal of Sociology*, Vol. 83, No. 1, bls. 55 -77.

² Hagstofa Íslands, Landshagir 2002. (Hér er miðað við % hlutfall af tvítugum ungmennum.)

³ Schneider, B. og Stevenson, D. (1999). *The Ambitious Generation: America's Teenages, Motivated but Directionless*. New Haven and London: Yale University Press.

⁴ Sjá t.d. Catterall, J. (1985). *On the Social Costs of Dropping Out of School*. Stanford, CA: Stanford University Press.; Levin, H. (1972). *The Costs to the Nation of Inadequate Education* (study prepared for the Select Committee on Equality of Educational Opportunity, U.S. Senate). Washington, DC: U.S. Government Printing Office. Steinberg, L., P. Blinde, and K. Chan (1984). Dropping Out Among Language Minority Youth. *Review of Educational Research*, 54: 113-132.

eiga samkvæmt lögum kost á að hefja nám í framhaldsskóla,”⁵ sem þýðir að lögin gera ráð fyrir fornámi fyrir þá nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi. Þessu til viðbótar eru ákvæði í lögunum um sérstakar deildir fyrir fatlaða nemendur. Löggjöfin hefur því verið nefnd í daglegu tali „framhaldsskóli fyrir alla” en nafngiftin vísar í það að framhaldsskólinn er nú ætlaður öllum einstaklingum burtséð frá því hvort þeir hafi náð samræmdum prófum við lok grunnskólans eða ekki⁶. Þessi breyting á framhaldsskólalöggjöfinni hefur haldist í hendur við gríðarlega fjölgun nemenda í íslenskum framhaldsskólum. Árið 1950, til að mynda, voru 3.488 nemendur skráðir í framhaldsnám á Íslandi.⁷ Haustið 2001 hafði þessi fjöldi rúmlega fimmfaldast en þá voru framhaldsskólanemendur orðnir 18.291 talsins.⁸ Þessi aukning fer fram úr fólksfjölgun í landinu en á þessu tímabili tvöfaldaðist fjöldi Íslendinga á aldrinum 16 til 24 ára úr 23.459 í 42.889.⁹ Árið 1980 var 65% 16 ára unglinga í skóla í byrjun hausts en árið 2001 var þetta hlutfall komið upp í rétt tæp 90% (sjá mynd 1).

Sá hópur ungmenna á aldrinum 16 til 19 ára sem stendur utan framhaldsskólans skipar því annan sess í dag en hann gerði áður fyrr. Fyrir nokkrum áratugum var framhaldsskólanám ekki á valdi margra og því þótti eðlilegt að ungt fólk færi út á vinnumarkaðinn við lok grunnskólans. Í dag er þessu öðruvísi farið. Ungmenni sem hefja ekki framhaldssnám eru undantekning frá reglunni og lenda þar af leiðandi í frávikshópi ungs fólks.

Mynd 1 sýnir glögglega hversu stórt hlutfall nemenda hverfur frá námi á fyrsta ári framhaldsskóla. Til að mynda sést að árið 1996 voru 89% 16 ára fæðingarárangangsins skráður í nám að hausti. Ári seinna var aðeins 77% sama árgangs (þá 17 ára) skráðir í nám.


⁵ Menntamálaráðuneytið (1996). *Tölfræðihandbók um menntun og menningu*, bls. 13.

⁶ Viðtal við námsráðgjafa og sérkennara í Reykjavík

⁷ Hagskinna, tafla 18,8a. Hér er vitnað í heildarfjölda nemenda í mennta- og fjölbrautaskólum, iðnskólum, húsmæðraskólum, skóla heilbrigðisstétta, kennaraskólum, verslunarskólum, sjómannaskóla og búnaðarskólum.

⁸ Hagstofa Íslands (2002) Landshagir.

⁹ Hér er ekki tekið tilliti til breytinga á skólakerfinu heldur aðeins tilgreindur fjöldi nemenda í skólum sem teljast framhaldsskólar. Hvorugt árið er tekinn með sá fjöldi Íslendinga sem stundar nám á háskólastigi. Skólasókn og fjöldi nemenda í framhaldsskólum árið 1950 er ekki birtur eftir aldri nemenda. Fjöldi Íslendinga á aldrinum 15-24 er birtur hér til samanburðar til að taka tillit til breytinga á mannfjölda og aldursamsetningu eins og kostur er. Ef fjöldi nemenda í framhaldsskóla er deilt með fjölda Íslendinga 15-24 ára fæst hlutfallið 0,149 árið 1950 og 0,426 árið 2001.



Mynd 1. Hlutfallsleg skólasókn árganga að hausti, 1980-2001¹⁰.

Nú er ekki svo að skilja að utanskólahópurinn sé einsleitur hópur einstaklinga. Þvert á móti rúmast innan hans fjölbreytt flóra fólks með ólíkan bakgrunn, mismunandi væntingar, lífsstíl og viðhorf. Innan hópsins eru meðal annars einstaklingar með of litla námsgetu til að ná árangri í framhaldsskóla og eins þeir sem búa yfir of miklu hugmyndaríki og getu til að rúmast innan þess ramma sem framhaldsskólinn setur. Innan hópsins eru þeir sem ákveðið hafa að hætta námi og hefja vinnu og hinir sem líta svo á að um tímabundið hlé frá námi sé að ræða. Innan hópsins eru jafnframt ungmenni sem leiðist nám og önnur sem finnst ekkert skemmtilegra en að afla sér menntunar, en hafa ákveðið að afla hennar annars staðar um tíma, til að mynda með því að ferðast. Fjölmörg önnur ólík dæmi mætti nefna. Þrátt fyrir fjölbreytta flóru þess fólks sem hópin skipa er vert að leitast við að varpa ljósi á þau einkenni sem kunna að vera sameiginleg stórum hluta hans.

Í skýrslunni er sjónum beint að ungmönnum á aldrinum 15 til 19 ára sem hafa ekki skráð sig í framhaldsskóla eða byrjað í námi og hætt áður en náminu lauk með

¹⁰ Hagstofa Íslands, Landshagir (ýmis ár)

formlegri prófgráðu. Markmiðið er að skoða aðstæður þessa unga fólks og bera þær saman við aðstæður þess hóps sem stundar nám við framhaldsskóla. Sjónum er einkum beint að tengslum þessara tveggja hópa við meginstofnanir samfélagsins; fjölskylduna og skólann, þátttöku þeirra í skipulögðu tólmstundastarfi, líðan þeirra og vímuefnaneyslu. Eins og kemur fram í 2. kafla (*Aðferð*) hér á eftir byggir rit þetta á niðurstöðum þriggja aðskildra en tengdra rannsókna á högum ungs fólks á Íslandi. Í fyrsta lagi er stuðst við ítarleg viðtöl sem tekin voru við ungt fólk á aldrinum 16 til 20 ára sem hætt hefur framhaldsnámi án prófgráðu og hins vegar sérfræðinga sem þekkja til aðstæðna ungs fólks sem á í erfiðleikum í námi og skóla. Í öðru lagi byggir skýrslan á niðurstöðum spurningakönnunar sem send var í pósti til 2000 manna úrtaks ungmenna sem voru ekki skráð í framhaldsskóla á þeim tíma. Þessu til viðbótar er stuðst við niðurstöður rannsóknar á högum 16 til 20 ára nemenda í íslenskum framhaldskólum. Rétt er að taka fram að aldurssamsetning 16-20 ára ungmenna í framhaldsskóla er ólík aldurssamsetningu jafnaldra þeirra utan framhaldsskóla. Eins og sést á Mynd 1 er töluerður munur á hlutfalli 16 ára og 19 ára ungmenna sem skráð er í framhaldsskóla þar sem hlutfallið fyrir þá fyrrnefndu eru nær helmingi hærra (90%) en fyrir þá síðarnefndu (64%). Þessi munur á skólasókn eftir aldri er að jafnaði meir en sá munur sem sést á stærð fæðingaráranga almennt. Árið 2001 til að mynda var stærðarmunur fæðingaráranga 16-19 ára ungmenna á bilinu 4-15%¹¹, sem er nokkuð lægra en kemur fram hjá nemendum í framhaldsskóla.

Vegna þess muns sem er á aldursamsetningu ungs fólks utan og innan framhaldsskólans eru niðurstöður spurningakannanna greindar eftir árgöngum (aldri) unga fólksins þó markmiðið sé ekki að skoða áhrif þessara félagslegu þátta eftir aldri.

¹¹ Hagstofa Íslands, Landshagir 2001.

Aðferð

Þátttakendur

Skýrsla þessi byggir á bæði meginlegum (quantitative) og eigindlegum (qualitative) aðferðum. Fyrirnefnda aðferðin byggir á gögnum úr tveimur meginlegum (quantitative) rannsóknum, *Könnun meðal nemenda í framhaldsskólum á Íslandi* og *Könnun meðal 16-19 ára ungs fólks utan framhaldsskóla á Íslandi* en hin síðarnefnda á ítarlegum viðtölum við valinn hóp einstaklinga sem stóð yfir á tímabilinu janúar – apríl 2003. Orðalag spurninganna í meginlegu rannsóknunum er nokkru sambærilegt við fyrri kannanir sem lagðar hafa verið fyrir í efstu bekkjum allra grunnskóla á Íslandi undanfarin ár og könnun sem lögð var fyrir í framhaldsskólum á Íslandi árið 1992.

Viðtalskönnun á högum 16 – 20 ára ungmenna utan framhaldsskóla

Í ársbyrjun 2003 hófst viðtalsrannsókn á högum ungs fólks utan framhaldsskóla. Rannsóknin er nokkurs konar sjálfstætt framhald meginlegu spurningakönnunannarinnar sem var lögð fyrir 2000 manna úrtak 16 – 20 ára gamalla ungmenna utan íslenskra framhaldsskóla á vormánuðum ársins 2001. Markmiðið með rannsókninni er að dýpka þá mynd sem fékkst af þessum hópi með spurningakönnuninni tveimur árum áður. Í ljósi þess að fáar eða engar rannsóknir hafa verið gerðar á þessum hópi ungs fólks á Íslandi var talið nauðsynlegt að beita bæði eigindlegum og meginlegum aðferðum til þess að fá sem viðamestar upplýsingar um hópinn.

Þátttakendum rannsóknarinnar var skipt í tvo hópa, annars vegar sérfræðinga og hins vegar einstaklinga sem falla undir skilgreiningu rannsóknarhópsins (í þessu tilviki einstaklinga á aldrinum 16 – 20 ára sem eru ekki skráðir í framhaldsskóla og hafa ekki lokið formlegri prófgráðu úr framhaldsskóla). Einstaklingar í fyrirnefnda hópnum voru valdir með tilliti til sérfræðikunnáttu sinnar á námsframvindu ungs fólks. Tekin voru viðtöl við 10 sérfræðinga; þar af fimm námsráðgjafa, tvo sérkennara, einn ráðgjafa í skólamálum hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, einn forstöðumann vinnuskóla fyrir ungt fólk og einn unglingaráðgjafa hjá félagsmiðstöð í Reykjavík. Hins vegar voru þátttakendur rannsóknarhópsins valdir með svokallaðri snjóboltaaðferð (snowball sampling) sem er oft notuð ef hópurinn sem á að rannsaka

er óljós, þ.e. ef erfitt er að festa hendur á því hvar hópurinn er og hvernig á að nálgast hann. Aðferðin byggist á því að haft er samband við nokkra einstaklinga sem falla undir skilgreiningu rannsóknarhópsins sem síðan eru spurðir hvort þeir eigi vini eða skyldmenni sem svipað er ástatt fyrir og hægt er að ná tali af.¹² Með þessum hætti er byggt upp traust milli rannsakenda og þátttakenda sem mjög erfitt er að mynda með öðrum leiðum¹³. Snjóboltinn rúllar síðan áfram og stækkar eftir því sem fleiri einstaklingar bætast í hópinn.

Í þessari rannsókn voru tekin viðtöl við 23 ungmenni á aldrinum 16 – 21 árs sem öll hafa reynslu af afar brokkgengri framhaldsskólagöngu og voru ekki skráð í hefðbundið framhaldsskólanám þegar viðtalið var tekið. Tímalengd hvers viðtals var mismunandi eða allt frá 45 mínútum og upp í 3 klukkutíma. Algengasta viðtalslengd var þó um einn og hálfur klukkutími. Öll viðtölin voru tekin upp á segulband og síðan afrituð að þeim loknum.

Könnun meðal nemenda í framhaldsskólum á Íslandi

Þátttakendur voru þeir nemendur framhaldsskóla sem mættir voru í kennslustundir á þeim tíma sem könnunin var lögð fyrir mánaðarmótin október/nóvember 2000. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi. Gild svör fengust frá 8699 nemendum af þýðinu. Hér verður einungis unnið með svör þeirra 7264 nemenda, 3381 pilta og 3859 stúlkna (24 gáfu ekki upp kyn), sem fæddir eru árin 1981-1984 eða (16-19 ára) þegar könnunin fór fram¹⁴.

Spurningalistar voru sendir til allra skóla utan Reykjavíkur þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir samkvæmt ákveðnum fyrirmælum. Í Reykjavík hjálpaði aðstoðarfólk við að dreifa listunum í skólana og aðstoða kennarana við fyrirlögn. Íslensk rannsókn bendir til þess að það breyti ekki svörum nemenda við viðkvæmum spurningum hvort kennarar eða aðstoðarfólk sjái um fyrirlögn spurningalista.¹⁵ Nafnleyndar þátttakenda var gætt með því að ítreka það við nemendur að hvorki bæri að rita nafn né kennitölu á spurningalistana svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra.

¹² Sjá t.d. Babbie, E. 2001 *The Practice of Social Research* 9th Edition. Wadsworth; Belmont, USA

¹³ Sjá t.d. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir o.fl., 2001.

¹⁴ Hér er miðað við aldur fæðingararganga við lok árs 2000, þ.e.a.s. þeir sem fæddir eru árið 1984 teljast 16 ára, þeir sem fæddir eru árið 1983 teljast 17 ára, þeir sem fæddir eru árið 1982 teljast 18 ára og þeir sem fæddir eru árið 1981 teljast 19 ára. Þó er það svo að einhver lítill hópur er ekki búinn að ná því aldursári sem miðað er við hér þar sem könnunin var lögð fyrir í lok október og því einhver hluti nemenda sem átti eftir að ná fullum 16, 17, 18 og 19 ára aldri.

¹⁵ Þóroddur Bjarnason. (1995). Administrering mode bias in a school survey on alcohol, tobacco and illicit drug use. *Addiction*, 90, 555-559.

Einnig voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þörf var á.

Könnun meðal 16-20 ára fólks utan framhaldsskóla á Íslandi

Á vormánuðum 2001 var gerð könnun á aðstæðum ungs fólks utan íslenskra framhaldsskóla. Í þessum rannsóknum er þýði ungs fólks utan framhaldskólanna skilgreint sem allir Íslendingar fæddir á árunum 1981-1984, eru búsettir á Íslandi og eru líkamlega og andlega færir um að svara spurningalistanum. Um 3% fólks á aldrinum 16-19 ára er skráð með bannmerki í þjóðskrá sem útilokar þátttöku þeirra í póstkönnunum sem þessari. Megin annmarkar póstkannana er að heimtur úr þeim hafa gjarnan reynst lágar. Kerlinger (1986) bendir á að 40-50% heimtur séu mjög algengar.¹⁶

Þegar kerfisbundið tilviljanaúrtak er tekið er stuðst við skilgreindan lista einstaklinga eða lista yfir staði þar sem þessa einstaklinga er að finna (íbúðaskrá, húsaskrá, listi bekkja eða lista skóla o.s.frv.). Rannsóknir á íslenskum unglíngum síðustu áratugi hafa lang flestar verið framkvæmdar í skólum landsins. Kostur skólarannsókna eru margvíslegir þar sem m.a. er möguleiki á nokkrum leiðum við að taka kerfisbundið tilviljanaúrtak. Algengt er að tekið sé úrtak skóla, bekkja eða nemenda auk þess sem mögulegt er að allir eða hluti nemenda tiltekins árgangs er valinn í úrtakið (t.d. þegar allir nemendur í 10. bekk mættir í skólann tiltekinn dag eru í úrtakinu). Þegar kannaðir eru hágir ungs fólks utan skólakerfisins er þjóðskrá eini mögulegi listi til slíkrar úrtaksvinnu. Þjóðskráin er vel til þess fallinn að nota í úrtakskannanir fyrir megin þorra fullorðinna Íslendinga. Fjölskyldufólk sem eignast hefur eigin íbúð hefur beinan hag af því að heimilisfang þeirra sé rétt skráð í þjóðskrá og því er auðvelt að ná til þeirra í póstkönnunum. Hins vegar hafa rannsóknir sýnt að erfiðara er að ná til ýmissa hópa þjóðarinnar. Til að mynda hefur gengið einna verst í manntölum í Bandaríkjunum að ná til fólks á aldrinum 15-29 ára og þeirra sem minnsta menntun hafa.¹⁷

Innlendar rannsóknir hafa einnig sýnt að erfiðlega gengur að ná til ýmissa afmarkaðra hópa landsmanna. Rannsókn á stöðu barnafjölskyldunnar frá 1995 sýnir til

¹⁶ Kerlinger, F. N. (1986). *Foundations of behavioral research*. (3rd ed.). New York: Holt, Rinehart, and Winston.

¹⁷ Fein, D. J. (1990) Racial and Ethnic Differences in U.S. Census Omission Rates *Demography*, Vol. 27, No. 2. pp. 285-302.

að mynda að þegar heildarheimtur rannsóknarinnar voru 74% þá bárust nothæf svör aðeins frá 55% fráskildra forráðalausra foreldra.¹⁸

Upplýsingar úr þjóðskrá og skráning nemenda í framhaldsskóla á Íslandi haustið 2000 eru notaðar til að skilgreina þann hóp sem samanstendur af ungu fólki utan framhaldsskólans. Haustið 2000 voru 4623 ungmenni á aldrinum 16-19 ára ekki skráð í framhaldsskóla. Tæpur helmingur þeirra var valin af handahófi í upprunalegt 2174 manna úrtak. Upplýsingar sem söfnuðust við gagnasöfnun sýndu að nauðsynlegt var að breyta skilgreiningu þýðisins. Í þessu felst að úrtakið minnkaði í 1876 einstaklinga þar sem 297 eru ekki í þýðinu þar sem þeir ýmist líkamleg eða andleg fötlun hamlaði þátttöku, þeir voru erlendis tímabundið eða fluttir þangað, þeir voru óstaðsettir í hús eða tungumálakunnátta þeirra hamlaði þátttöku í rannsókninni.

Þann 28. maí 2001 var einstaklingum í úrtakinu sendur 32 síðna spurningalisti. Þátttakendur sendu spurningalistana til baka sér að kostnaðarlausu til Rannsókna og greiningar. Tíu dögum eftir fyrstu útsendingu var öllum í úrtakinu sent bréf þar sem þeim sem þegar höfðu sent listann var þakkað fyrir þátttökuna en hinir hvattir til að taka þátt. Þremur vikum eftir upphaflegu sendinguna var þeim sem höfðu ekki svarað sendur spurningalisti í þriðja sinn ásamt nýju fylgibréfi. Eftir þessar ítrekuðu tilraunir til að fá einstaklinga til að svara spurningalistanum var reynt að hringja í þá sem eftir voru. Símanúmer voru fengin frá Hagstofu og með uppflettingum í símaskrá. Margir einstaklingar í úrtakinu reyndust vera með rangt heimilisfang skráð í þjóðskrá. Einnig reyndist algengt að uppgefin símanúmer væru lokuð eða ekki lengur í notkun. Í sumum tilfella fékkst nýtt símanúmer og eða heimilisfang frá skyldmönnum einstaklinganna. Margir þeirra einstaklinga sem náðist í símleiðis könnuðust ekki við hafa fengið könnun í pósti, þá var þeim sendur nýr spurningalisti sem í nokkrum tilfellum kom útfylltur til baka. Ekki náðist að hringja í 455 einstaklinga þrátt fyrir ítarlega eftirfylgni. Ætla má að allt að 2/3 hluti þessara 455 einstaklinga hafi aldrei fengið könnunina í hendurnar af ýmsum ástæðum og því tæknilega ekki getað svarað henni. Sé svarhlutfall reiknað eingöngu fyrir þá einstaklinga sem mögulega gátu svarað könnuninni er það því 47%. Hins vegar var ávallt stefnt að því að ná í þessa einstaklinga, mikið reynt og strangt til tekið teljast þeir því til brottfalls þó fyrir liggja tæknilegar ástæður. Sé brottfall þessara einstaklinga tekið með þá reiknast heimtur 40%.

¹⁸ Sigrún K. Júlíusdóttir o.fl. (1995). *Barnafjölskyldur: Samfélag - lífsgildi – mótun: Rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi*. Félagsmálaráðuneytið, Landsnefnd um ár fjölskyldunnar.

Þó 40-50% heimtur séu nokkuð algengar í póstkönnunum þá er svo hátt brottfall síður en svo án vandkvæða eins og rætt er um hér á eftir. Eins og getið hefur er sá hópur sem stendur utan framhaldsskólans mjög misleitur. Í ljósi stöðu þessa hóps þá er óhætt að segja að 40% svarhlutfall er nokkuð góður árangur fyrir hóp sem til þessa hefur að mestu verið vanræktur í íslenskum æskulýðsrannsóknum.

Nokkur orð um úrtak og þýði, þátttakendur og hópa

Markmið flestra spurningakannana er að draga ályktanir um stóran hóp einstaklinga og áhugi er á að alhæfa niðurstöður yfir stærri hóp einstaklinga, svokallað þýði. Sé handahófsúrtak tekið á réttan hátt má gera ráð fyrir að úrtakið lýsi þýðinu án kerfisbundinnar skekkju. Eftir því sem úrtakið er stærri hluti af þýðinu minnkar jafnframt tilviljunarkennd skekkja og gert er ráð fyrir að úrtak endurspegli þýðið. Hins vegar er það nánast algild regla að þegar úrtak er tekið úr þýði fólks verður eitthvert brottfall. Brottfall getur verið af ýmsum toga. Algengast er að fólk neiti að svara. Rannsóknir benda til að brottfallshópurinn geti verið frábrugðinn þeim einstaklingum í úrtakinu sem svara, jafnvel á þáttum sem nátengdir eru rannsóknarspurningu hverju sinni. Eftir því sem brottfallið er stærra er hættara við að skekkjan sé stærri. Í rannsókn þessari er brottfallið talsvert. Þess vegna munum við tala talsvert um þýði, úrtak, brottfall, og svarhópin þegar niðurstöður eru kynntar. Úrtak er dregið úr fyrirfram skilgreindu þýði. Úrtakið skiptist svo í svarhóp og brottfallshóp. Þar sem við erum með gögn úr tveim aðgreindum, en tengdum hópum, höfum við jafnframt tvö þýði, tvö úrtök, tvo svarhópa og tvo brottfallshópa. Vegna þess hve brottfallið er hátt er varasamt að draga mjög sterkar ályktanir um þýðið. Þegar við kynnum niðurstöðurnar sem lýsingu á dreifingu í svarhópunum tveimur, þá vísar texti til svarhópanna en ekki til þýðisins. Í viðauka lýsum við því hversu líklegt er að þann mun sem við sjáum í svarhópunum megi einnig finna í framhaldsskóla- og utanskólaþýðunum.

Fyrirvarar

Vert er að benda á að þessar tvær kannanir voru ekki framkvæmdar á sama tíma. *Könnun meðal nemenda í framhaldsskólum á Íslandi* var framkvæmd um

mánaðamótin október/nóvember haustið 2000 en *Könnun meðal 15-19 ára ungs fólks á Íslandi* var framkvæmd árið 2001 (fyrstu spurningalistarnir voru sendir út í júní og lokið var við að hringja í þátttakendur í desember sama ár).

Þátttakendur í framhaldsskólakönnuninni voru hlutfallslega yngri en í könnuninni meðal þeirra sem ekki voru skráðir í framhaldsskóla haustið 2000. Brottfall úr framhaldsskóla eykst með hækkandi aldri. Hlutfallslega fleiri 16 ára einstaklingar en 19 ára einstaklingar voru í framhaldsskólakönnuninni. Þó skal á það bent að framhaldsskólakönnunin náði helst til þeirra sem mæta í skólann að staðaldri og eru því líkur á að ekki hafi náðst til barnafólks og annarra nemenda sem mæta stopult. Eins er vert að benda á það að hugsanlega voru einhverjir þeirra sem ekki voru skráðir í framhaldsskóla haustið 2000 byrjaðir í skóla þegar utanskólakönnunin var framkvæmd (vor-haust 2001). Skráning í framhaldsskóla haustið 2000 er látin ráða skilgreiningu hópanna þar sem þetta er ekki langtímarannsókn og því ógerningur að fylgja öllum einstaklingum úrtakanna eftir og stöðugt uppfæra stöðu hvers og eins.

Spurningalistarnir í könnuninum tveimur voru ekki fyllilega eins upp byggðir þar sem framhaldsskólalistinn var sniðinn að einstaklingum sem voru í námi en hinn með það að leiðarljósi að viðkomandi væri ekki í skóla. Sem dæmi má nefna að í framhaldsskólalistanum var spurt um ýmis félagsstörf innan skóla, spurning sem augljóslega á síður við í utanskólalistanum.

Skólinn

Félagsfræðingurinn Travis Hirschi (1969) nefndi skólann sem aðra þeirra tveggja meginstofnana sem gegna veigamiklu hlutverki í því að tengja ungt fólk við samfélagið. Hin meginstofnunin er fjölskyldan. Innlendar og erlendar rannsóknir hafa stutt þessa hugmynd. Ungmenni sem hafa veik tengsl við skólann, þ.e. sem gengur illa í námi, sem líður illa í skóla eða eru lítið skuldbundin náminu, er hættara við að tileinka sér neikvæðan lífsstíl.¹⁹ Þannig hafa rannsóknir leitt í ljós samband á milli brottfalls ungs fólks úr skóla og afbrotahegðunar²⁰ en fræðimenn telja þennan hóp í sérstakri áhættu (adolescents at risk). Þessi hópur ungmenna er til að mynda líklegri en aðrir til þess að neyta vímuefna og beita aðra ofbeldi²¹ ásamt því að vera í verri

¹⁹ Sjá Þórólfur Þórlindsson o. fl., 1998; Hirschi, 1969.

²⁰ Sjá Catterall, 1985; Levin, 1972.

²¹ Thornberry, T., M. Moore, and R. Christenson (1985). The Effect of Dropping Out of High School on Subsequent Criminal Behavior. *Criminology*, 23: 3-18.

atvinnu- og efnahagslegri stöðu.²² Þessu til viðbótar hafa rannsóknir sýnt fram á að ungmenni sem hætta í námi án þess að ljúka prófgráðu eiga við verri andlega og líkamlega heilsu að stríða²³ en ungmenni sem ljúka námi. Þau eru jafnframt líklegri til að stofna fjölskyldur og eignast börn áður en þau ná fullorðinsárum.²⁴

Í skólanum öðlast ungmenni því ekki aðeins þekkingu og hæfni til almennrar notkunar í lífinu eða sem grunn til frekara náms, heldur auðvelda tengslin við skólann þeim að fylgja viðmiðum og gildum samfélagsins. Það kemur ekki á óvart að erfið skólaganga er nátengd því hvort nemendur heltast úr framhaldssnámi eða ekki.²⁵ Þó er mikilvægt að geta þess að íslenskar rannsóknir hafa sýnt að námsárangur nemenda ræðst af verulegu leyti af þáttum sem liggja utan skólans sjálfs. Hann byggist ekki bara á því hvað og hvernig kennt er í skólanum, heldur ekki síður á því umhverfi sem unglingarnir lifa og hrærast í. Erfiðleikar í skóla geta því átt rætur að rekja til mismunandi þátta, svo sem námsörðugleika nemenda, vanda heima fyrir, áhrifa félagahóps sem hafnar skólanámi eða hegðunar nemenda innan eða utan skólafunnar. Hverjar sem upphaflegar orsakir erfiðleika í skóla eru, öðlast slíkir erfiðleikar fyrr en varir sjálfstætt líf. Nemendur missa sjónar á tilgangi námsins, hætta að undirbúa sig fyrir kennslustundir, skrópa í tímum, lenda „upp á kant“ við kennarana og frammistaða þeirra verður lakari. Nemendur sem lenda í slíkum vítahring eiga það á hættu að detta út úr skólakerfinu. Ef til vill er hægt að segja að sá hópur sem er líklegri en aðrir til þess að hætta í námi eigi það sammerkt að falla ekki vel að gildum og venjum skólans. Niðurstöður viðtalsrannsóknarinnar sem hér er stuðst við renna stöðum undir þessi sjónarmið. Ungt fólk sem hættir í framhaldssnámi virðist ekki hafa sterk tengsl við stofnanir og hópa samfélagsins. Aðstæðum þeirra er best lýst sem svo að þau „dingli í lausu lofti“ eins og einn viðmælandi komst að orði. En margir þeirra sérfræðinga sem rætt var við segja að erfitt sé að festa hendur á því hvernig umhverfi og aðstæður þessa ungmenna er. Þau virðast fljóta áfram og mörg þeirra flosna auðveldlega upp úr námi, tómsundum og vinnu. Viðmælandur eru allir á þeirri skoðun að það þurfi að byggja upp traust net í kringum þessi ungmenni ef vel á að fara. Þau þurfi sterka leiðsögn og stuðning til þess að viðhalda þeirri þrautseigju

²² Sjá Rumberger, 1987; Steinberg, Blinde, and Chan, 1984

²³ Sjá Levin, 1972; Rumberger, 1987

²⁴ Astone, N.M. and Upchurch, D.M. (1994). Forming a Family, Leaving School Early, and Earning a GED: A Racial and Cohort Comparison. *Journal of Marriage and the Family*, Vol. 56, No. 3., bls. 759-771.

²⁵ Sjá t.d. Alexander, Natriello og Pallas, 1985; McDill, Natriello og Pallas, 1985.

sem er nauðsynleg til þess að njóta velgengni í starfi og leik. Nánar verður vikið að þessu síðar í skýrslunni.

Í kaflanum hér á eftir verður litið á námsframmistöðu þeirra ungmenna sem hætt hafa námi í samiburði við þau sem stunda nám, svo og viðhorf þeirra til náms. Jafnframt verður fjallað um námserfiðleika ungs fólks og vanlíðan í skóla.

Viðhorf til náms

Viðhorf unglunga til náms hafa verið skilgreind sem einn þeirra þátta sem endurspegla tengsl þeirra við skóla.²⁶ Ingibjörg V. Kaldalóns (1996) hefur rannsakað gildi skólastarfs í tengslum við vímuefnaneyslu unglunga. Í rannsókn sinni studdist hún við þáttgreiningu sem leiddi í ljós þrjár mismunandi mælingar á því hvernig ungmenni tengjast skólastarfinu: gengi nemenda í skólanum, skuldbindingu nemenda við námið og líðan þeirra í skólanum. Niðurstöður hennar sýndu að því verr sem nemendur komu út í þessum þáttum því líklegri voru þeir til þess að reykja og neyta áfengis og annarra vímuefna. Hér á eftir verður fjallað um viðhorf ungmenna til náms, þ.e. hvort þeim leiðist námið eða ekki, hvort námið hafi einhvern tilgang í lífinu og hvernig þeim líður almennt innan veggja skólans. Í viðtölum við ungt fólk utan framhaldsskóla er áberandi hversu lítinn tilgang þau telja grunnskólanámið hafa haft. Meirihluti þeirra segir að námið á unglingsárunum hafi haft lítinn sem engan tilgang og hefðu mörg þeirra hætt í námi ef þau hefðu getað. Þau telja að nám í grunnskóla „skipti engu máli” og að það sé þeim „ekki til framdráttar í lífinu”. Afturvirkum skýringum, sem þessum ber að taka með fyrirvara.²⁷ Það er eðlilegt að ungmenni sem hætt hafa námi leiti skýringa á ákvörðun sinni í það að námið hafi ekki haft tilgang. Á sama tíma endurspeglar þetta viðhorf tengsl þeirra við skólann og reyndar við aðrar stofnanir samfélagsins. Þannig segir ungur piltur sem hætti námi:

„Ég sé ekki tilganginn með þessu [námi]...Flestir þeirra sem ná ekki 10. bekk og þurfa að taka hann upp sjá ekki tilganginn í náminu en þeir sem ná 10. bekk og fara í framhaldsskóla gera það ábyggilega af því að þeir eru tilneyddir af foreldrum sínum þannig að þeir eru bara þarna til þess að halda þeim í góðu skapi”

²⁶ Ingibjörg V. Kaldalóns (1996). *Vímuefnaneysla íslenskra unglunga*. Óbirt M.A. ritgerð.

²⁷ Miech, R.A., A. Caspi, T.E. Moffitt, B.R.E. Wright, and P.A. Silva (1999). Low Socioeconomic Status and Mental Disorders: A Longitudinal Study of Selection and Causation during Young Adulthood, *American Journal of Sociology*, vol. 104, no. 4, bls. 1096-1131.

Í engu tilviki rekja þau skýringar þess að þau hafi hætt í skóla til formbundinna þátta skólans, líkt og að skólinn hafi ekki haft boðið upp á nám við þeirra hæfi. Í flestum tilvikum rekja þau ástæðurnar til þátta utan skólans. Ung stúlka sem rætt var við sagðist til að mynda hafa þjáðst af þunglyndi, oft verið að hugsa um að fremja sjálfsmorð og skólanám hafi í hennar huga vegið létt. Námsráðgjafi í Reykjavík lýsir þessu svo:

„Þau eru leið og þreytt á skólanum en það er mín tilfinning að þetta séu nemendur með einhvers konar námserfiðleika eins og t.d. dyslexíu og krakkar með einhverskonar vandamál eins og þunglyndi og félagslega erfiðleika”.

Þessi orð benda til þess að „námsleiði” sé ekki endilega rót vandans heldur afleiðing hans. Orð nítján ára gamallar ofvirktrar stúlku renna stoðum undir þetta en eftir margra ára átök við móður sína og stjúpföður segist hún hafa fengið nóg af skóla og skólaumhverfi. Hún segir:

„Ég byrjaði skólaárið virkilega löt og var ekkert að standa mig...skrópaði og svona en það var ekkert auðvelt því ég bjó á heimavistinni og kennaranir komu bara og bönnuðu á hurðinni hjá mér...ég fékk skólaleiða í rauninni...bara nennti ekki meiru”


Íslensk rannsókn á líðan og námsframvindu pilta og stúlkna í íslenskum grunnskólum leiddi í ljós að piltar eru mun verr settir en stúlkur þegar námsleiði og frammistaða í skóla er annars vegar. Til að mynda kom fram umtalsverður kynjamunur í einkunnum á samræmdum prófum, sérstaklega í dönsku og íslensku. Yfir 27% stráka sögðust hafa fengið einkunnina fimm eða lægri á samræmdum prófum í íslensku borið saman við um ríflega 13% stelpna.²⁸ Svipað á við um samræmd próf í 4. bekk og 7. bekk en stelpurnar eru undantekningarlaust hærri en strákarnir þó munurinn virðist aukast með aldrinum.²⁹ Jafnframt eru piltar líklegri en stúlkur til þess að telja námið tilgangslaust. Tæplega 58% pilta samanborið við liðlega 70% stúlkna telja námið sjaldan eða nær aldrei tilgangslaust. Piltunum finnst þeir jafnframt frekar illa undirbúnir fyrir kennslustundir sem kemur ekki á óvart þar sem þeir læra minna heima en stúlkurnar. Ríflega 15% stúlkna verja minna en hálf tíma á

²⁸ Inga Dóra Sigfúsdóttir (1999). *Staða pilta og stúlkna í skóla og utan hans*. Samfélagstíðindi, bls. 41-42.

²⁹ Sama heimild, bls. 45.

dag í heimavinnu borið saman við tæplega 26% pilta.³⁰ Jafnframt segiast fleiri piltar en stúlkur að þeim semji illa við kennara sína og mun hærra hlutfalli pilta en stúlkna er reglubundið vísað úr kennslustundum. Í hnotskurn má því segja að myndin sem blasir við okkur sé skýr. Strákar ná ekki eins góðum námsárangri og stelpur, þeim líður verr í skóla og upplifa frekar tilgangssleysi með námi sínu.³¹

Niðurstöður spurningakannanna koma heima og saman við þetta. Á myndum 2 og 3 má sjá hlutfall unglunga innan og utan framhaldsskóla, sem telja námið tilgangslaust. Fram kemur að unglingar sem eru ekki í framhaldssnámi telja skólanám mun frekar tilgangslaust en þau ungmenni sem stunda nám.




Mynd 2. Hlutfall ungs fólks utan framhaldsskóla sem telja nám oft eða nær alltaf tilgangslaust.

Mynd 2 sýnir að piltar eru líklegri en stúlkur til þess að þykja nám oft eða nær alltaf tilgangslaust, þá sérstaklega piltar í yngstu og elstu árgöngunum.

³⁰ Sama heimild, bls. 46-47.


³¹ Sama heimild, bls. 48-50.



Mynd 3. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem telja nám oft eða nær alltaf tilgangslaust.

Hins vegar er meiri kynjamun að finna meðal framhaldsskólanema í þessu efni. Á mynd 3 má sjá að piltar eru um og yfir helmingi líklegri en stúlkur til þess að telja nám oft eða nær alltaf tilgangslaust. Aftur á móti eru framhaldsskólanemar ólíkir utanskólafólki að því leytinu til að kynjamunurinn helst nokkuð jafnt eftir árgöngum.


Myndir 4 og 5 sýna hlutfall ungmenna innan og utan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf leiðast nám.



Mynd 4. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf leiðast nám.

Á myndunum kemur fram að ungmenni utan framhaldsskóla eru að jafnaði líklegri en framhaldsskólanemar til þess að segjast oft eða nær alltaf leiðast nám. Eins og fyrri daginn kemur fram töluverður munur á milli pilta og stúlkna þar sem mun fleiri piltum en stúlkum virðist leiðast námið. Til að mynda er hlutfall stráka í


utanskólahópnum sem segjast leiðast nám á bilinu 37 til 49% (mynd 4) borið saman við lægra hlutfall stráka í framhaldsskóla (25 til 30%, mynd 5).



Mynd 5. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf leiðast nám.


Líðan barna og unglunga í skóla hefur verið tengd námsárangri þeirra. Ungmenn, sem líður illa í skóla, eru ósátt við skólafélaga sína og ná ekki góðu sambandi við kennara, eru líklegri til að ná síðri árangri en aðrir nemendur³². Á myndum 6 og 7 má sjá hlutfall ungmenna innan og utan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf líða illa í skóla. Á bilinu 16 til 31% ungmenna utan framhaldsskóla segjast oft eða nær alltaf líða illa í skóla. Ekki kemur fram mikill munur eftir kyni ungmennanna en á myndinni má þó sjá að slík vanlíðan er lítið eitt algengari meðal pilta en stúlkna.

³² Pallas, A.M., Entwisle, D.R. and Cadigan, D. (1987). Children who do Exceptionally Well in First Grade. *Sociology of Education*, Vol. 60, No. 4, bls. 257-271, 1987.



Mynd 6. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf líða illa í skóla.

Hins vegar kveður við annan tón hjá nemendum framhaldsskólanna. Á mynd 7 má sjá hlutfall framhaldsskólanema sem segjast oft eða nær alltaf líða illa í skólanum.



Mynd 7. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf líða illa í skóla.

Á myndinni kemur fram að hlutfall framhaldsskólanema í þessum sporum er langtum lægra en hlutfall utanskólafólks en á bilinu 3% til 7% framhaldsskólanema segjast oft eða nær alltaf líða illa í skóla. Þó eiga framhaldsskólanemendur það sameiginlegt með ungu fólki utan framhaldsskóla að ekki kemur fram mikill munur á vanlíðan nemenda í skóla eftir kyni.

Þótt vanlíðan í skóla eigi sér oft orsakir utan skólans sjálfs, er einelti innan skóla vandamál sem valdið hefur vaxandi áhyggjum á undanförunum árum. Sérkennari sem starfar í einu úthverfa Reykjavíkur segir að mörg ungmenni sem heltast úr námi eftir grunnskóla séu krakkar sem upplifað hafi einelti á námsárunum og gefist upp á námi í kjölfarið. Tvítug stúlka segir svo frá:


„...ég varð fyrir því að ég var lögð í einelti... ég kom grenjandi heim úr skólanum á hverjum degi af því að það var kannski búið að berja mig í kássu”

Þó að eineltið hafi tekið enda hjá stúlkunni og hún flutt sig yfir í annan grunnskóla skildi eineltið eftir sig ör sem erfitt var að má út. Hún segir:

„Það var nú eiginlega þannig að mér leið illa út af fyrri reynslu [eineltinu] og svo var ég rosalega feit. [Vanlíðanin] hafði mjög mikil áhrif á námið í 10. bekk, fyrir utan það að ég var mikið veik og lagði mig ekki fram við námið”

Átján ára gamall piltur, sem einnig hefur reynslu af einelti, brást þannig við að hann reyndi að „fitta inn í einhverja hópa og byrja að reykja og svoleiðis.” Í framhaldi af þessu fór hann að neyta fíkniefna og varð brátt afar vinsæll innan þess hóps, sérstaklega þar sem hann fór í reglulegar ferðir til fjölskyldu sinnar í Reykjavík og keypti birgðir af fíkniefnum fyrir vini og kunningja.

Niðurstöður utanskólakönnunarinnar benda til þess að allstór hluti þeirra ungmenna sem ekki stunda nám, hafi orðið fyrir einelti í grunnskóla. Tæplega 29% svarenda sögðu að það ætti vel við þá að hafa stundum, oft eða nær alltaf upplifað einelti í skóla (ekki sýnt á mynd).



Mynd 8. Hlutfall fólks utan framhaldskóla sem fékk einkunnina 5 eða lægri á samræmdum prófum í stærðfræði, eftir því hversu oft fullyrðingin á við um þau að þau upplifðu einelti í skóla.

Þegar þessi niðurstaða er skoðuð í ljósi einkunna á samræmdum prófum í stærðfræði kemur í ljós að ungmenni sem hafa fengið einkunnina 5 eða lægri í stærðfræði eða jafnvel ekki tekið prófið eru líklegri en ungmenni sem fengu hærri einkunn til þess að segja það eiga oft eða nær alltaf við sig að hafa upplifað einelti í skóla (mynd 8). Þessar líkur minnkar verulega þegar einkunnir í stærðfræði eru skoðaðar eftir nemendum sem hafa stundum, sjaldan eða nær aldrei upplifað einelti í skóla. Eins og mynd 8 sýnir segja 83% ungmenna sem fengu einkunnina 5 eða lægri í stærðfræði eða tóku ekki prófið að það eigi við um þau að hafa nær alltaf upplifað einelti í skóla. Til samanburðar má geta þess að einungis 17% þeirra sem fengu einkunnina 6 eða hærri í stærðfræði það eiga við um sig að hafa nær alltaf upplifað einelti í skóla.

Frammistaða í námi

Viðtölin við ungmennin í þessari rannsókn leiða í ljós að flest þeirra áttu við töliverðan, ef ekki mikinn, vanda að etja á unglingsárunum. Þessi vandi birtist aðallega með tvennum hætti. Sum nefna að þau hafi átt við námserfiðleika að stríða. Önnur nefna félagslega erfiðleika á borð við skort á stuðningi heima við. Í mörgum

tilvikum virðist þetta tvennt hafa tengst saman á flókinn hátt. Eftirfarandi er lýsing nítján ára gamallar stúlku, sem var ekki skráð í framhaldsskóla þegar viðtalið var tekið:

„10. bekkurinn var ekki góður...ég var á algjöru mótþróaskeiði og nennti ekkert að læra...mér hefur samt alltaf gengið vel í skóla...10. bekkurinn eyðilagði allt fyrir mér... Það var vesen milli mín og mömmu. Hún var að skilja við fósturpabba minn fyrrverandi og svona...ég var á mótþróaskeiðinu og var með strák sem kom ekkert ofsalega vel fram við mig...”

Annar viðmælanda átti í erfiðleikum með námið öll grunnskólaárin. Hann segir:

„...mér gekk bara illa [í námi]...var aldrei yfir sjö [í einkunn] og yfirleitt bara með þrjá og fjóra...[og] féll í öllu á samræmdu prófunum”

Þrátt fyrir slæman árangur í grunnskóla skráði hann sig í Iðnskólann eftir 10. bekk og komst þá í fyrsta sinn að raun um það að hann gæti lært. Þar fékk hann 10 í einkunn í nokkrum fögum og hlaut í kjölfarið verðlaun fyrir frábæran námsárangur. Ekki er auðvelt að sjá hvað olli þessum straumhvörfum á námsferli þessa unga manns en hann nefnir nokkrar ástæður:

„Ég eignaðist féлага í Iðnskólanum sem ég átti ekki áður...og [var kominn í] allt öðruvísi umhverfi...mér leið bara miklu betur...þarna var ég með krökkum sem höfðu fallið í öllu og kannski voru það bara kennsluáðferðirnar eða öðruvísi áherslur eða eitthvað, ég bara veit það ekki”

Viðtöl við námsráðgjafa og sérkennara innan íslenskra skóla gefa til kynna að oft sé erfitt að greina á milli þeirra atriða sem legið geti að baki slökum námsárangri. Oft sé um að ræða vanda sem snúi að persónulegum námserfiðleikum. Lesblinda há hluta þeirra ungmenna sem erfitt eigi með nám. Þá sé í sumum tilvikum um að ræða aðra sértæka námsörðugleika, líkt og einbeitingarskort. Stundum sé auðvelt að greina að nemendur eigi við félagslegan vanda að stríða heima fyrir sem komi niður á námshæfni þeirra. Námsráðgjafarnir nefna að í sumum tilvikum sé erfitt að greina hvort um sé að ræða námsvanda nemandans sjálfs eða hvort vandinn eigi sér bakgrunn í þeim aðstæðum sem hann sé alinn upp við. Flestir eru á hinn bóginn sammála um að

erfiðleikar í námi komi í ljós tiltölulega snemma á æviskeiði barna og unglinga. Þessu til stuðnings segir námsráðgjafi í Reykjavík:

[Þessi vandamál] „eru eitthvað sem krakkar eru búnir að berjast við síðan í grunnskóla en halda samt áfram upp í framhaldsskólann því flestir gera það...það er ekki búið að staldra við og taka stöðuna enda vaxa þessir erfiðleikar bara þegar komið er í framhaldsskólann”

Forstöðumaður vinnuskóla fyrir ungt fólk segir að mörg ungmenni sem komi þangað séu „varla læs né skrifandi”. Það bendir til þess að hans mati, að skólakerfið „gefist ómeðvitað upp á þeim nemendum.” Í samtölum við sérfræðinga innan skólakerfisins kemur fram að reynt sé að bregðast strax við vanda þeirra nemenda sem standi verr að vígi. Þessir nemendur fá í mörgum tilvikum stuðningskennslu til viðbótar við hefðbundna kennslu eða séu fluttir yfir í sérdeildir innan skólanna. Námsráðgjafi í reykvískum framhaldsskóla segir nemendur með sögu námserfiðleika, af hvaða toga sem þeir séu sprotnir, nær alltaf gefast upp þegar í framhaldsskóla sé komið. Hún segir:

„þegar við erum að innrita þá erum við með stóran hóp nemenda sem hafa staðist samræmd próf en einkunnir þeirra eru samt lágar...Þau byrja af fullum krafti en svo slær botninn úr...þau hafa ekki úthaldið og oft ekki þann stuðning sem þarf til þess að halda sér við efnið...þá byrjar þetta allt að molna smátt og smátt”


Annar námsráðgjafi sem rætt var við, kveður það áhyggjuefni hve margir nemendur sem eigi við námsörðugleika að stríða fari í gegnum grunnskólann án þess að fá vanda sinn greindan rétt. Þessir nemendur rekist á vegg þegar í framhaldsskólann sé komið, ráði ekki við þær kröfur sem þar séu gerðar til þeirra og sjálfsmat þeirri beri hnekki. Hún segir:

„Ástæðan [er oft] sú að lesblindir krakkar eru breiður hópur og þetta skönnunarpróf sem notað hefur verið hingað til er of einsleitt og nær því ekki öllum krökkunum til að mynda fólki sem er hæglæst og kannski með stafsetningarörðugleika...grunnskólinn hefur ekki getu til þess að leita grimmt að þessu...Ef þessir nemendur sleppa í gegnum grunnskólann með námserfiðleika þá fá þeir á sig tossastimpil. Þegar komið er í framhaldsskólann eru þeir oft bara búnir með kraftinn og geta ekki meira”

Á svipuðum nótum segir uppeldisfræðingur í Reykjavík að íslenskir grunnskólar séu “ekki nógu mikið stuðningsbatteri.” Það þarf að ná til krakka í vanda snemma á grunnskólaárunum í stað þess að hefja uppbyggingarstarfssemi þegar allt er komið í óefni. Þarna leika kennarar lykilhlutverk. Þeir eru í nánasta sambandinu við nemendurnar og hafa að auki þá sérþekkingu sem þarf til að greina vanda þeirra. Þeir kennarar sem rætt var við töldu að um brýnt mál væri að ræða. Hluti nemenda ætti við margskonar vanda að stríða, sumir námslega séð, auk þess sem hegðunarvandi af ýmsum toga yrði sífellt meira áberandi. Kennari í reykvískum grunnskóla segir um þetta:


„Það er alveg rétt að ýmis konar hegðunarvandi og samhlíða því námsörðugleikar hafa orðið meira áberandi meðal hluta nemenda á undanförunum árum. Við gerum okkur fulla grein fyrir þörfinni á því að við séum vökul, fylgjumst með og höldum góðu sambandi við foreldra. Dagskrá kennara er hins vegar þegar fullskipuð og því þarf eflaust að endurskipuleggja skólastarfið ef við eigum að fara að sinna ýmis konar öðrum þáttum en þeim sem snúa að náminu beint”

En lítum nánar á námsgengi þeirra nemenda sem standa utan framhaldsskólans á samræmdum prófum, í samanburði við gengi þeirra sem stunda nám við framhaldsskóla. Hér á eftir má sjá samanburð á frammistöðu ungmenna innan og utan framhaldsskóla á samræmdum prófum í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku.



Mynd 9. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í íslensku við lok grunnskóla.

Myndir 9 og 10 leiða í ljós verulegan mun á frammistöðu ungmenna á íslenskuprófi við lok 10. bekkjar í grunnskóla. Á fyrri myndinni sjáum við að hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fengu 6 eða lægra í einkunn á samræmdum prófum í íslensku liggur á bilinu frá 53% upp í 73%. Námsgengi er nokkuð mismunandi milli ára, sem bendir að mestum líkindum til þess að prófin séu misþung eftir árum. Þannig kemur fram í gögnum Námsmatsstofnunar að meðaleinkunnir á samræmdum prófum í stærðfræði og dönsku fyrir árið 2000 voru lægri en á árunum á undan.³³ Þetta gæti skýrt lægri útkomu 1984 árgangsins á samræmdum prófum í stærðfræði og dönsku þar sem 1984 árgangurinn útskrifaðist úr grunnskóla árið 2000.




Mynd 10. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í íslensku við lok grunnskóla.

Á mynd 10 kemur fram hlutfall nemenda í framhaldsskólum sem fengu einkunnina 6 eða lægra á samræmdum prófum í íslensku. Hlutfall þeirra er á bilinu 20 til 31% sem er umtalsvert lægra en hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hlutu svipaða einkunn.


Sömu sögu er að segja af árangri ungs fólks í stærðfræði. Á mynd 11 sést hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem segist hafa fengið einkunnina 6 eða lægri á samræmdu prófi í stærðfræði.

³³ Námsmatsstofnun(<http://www.namsmat.is/sampr/medsam9300.html>)



Mynd 11. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í stærðfræði við lok grunnskóla.


Eins og sjá má á myndinni er hlutfall slíkra einkunna í stærðfræði á bilinu 71 til 87%. Hins vegar sýna niðurstöður að hlutfall nemenda í framhaldsskólum sem fékk einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í stærðfræði er töluvert lægra en hjá jafnöldrum þeirra utan framhaldsskóla.



Mynd 12. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í stærðfræði við lok grunnskóla.


Á mynd 12 kemur fram að hlutfall framhaldsskólanema með þessa einkunn er á bilinu 30 til 61%.

Einkunnir ungmenna í ensku fylgja svipuðu mynstri og kemur fram í einkunnum í íslensku en töluvert fleiri ungmenni utan framhaldsskóla en innan segjast hafa fengið einkunnina 6 eða lægra á samræmdu prófi í ensku.




Mynd 13. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í ensku við lok grunnskóla.

Á mynd 13 kemur fram að á bilinu 44 til 66% ungmenna utan framhaldsskóla fengu þessa einkunn á samræmdu prófi í ensku borið saman við 25 til 35% nemenda í framhaldsskólum (mynd 14)




Mynd 14. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í ensku við lok grunnskóla.

Myndir 15 og 16 sýna einkunnir ungs fólks á samræmdum prófum í dönsku. Fyrri myndin sýnir hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægra í dönsku.



Mynd 15. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í dönsku við lok grunnskóla.

Á bilinu 44 til 74% ungmenna utan framhaldsskóla segjast hafa fengið þessa einkunn í dönsku borið saman við langtum lægra hlutfall framhaldsskólanema (14 til 44%), (mynd 16).



Mynd 16. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í dönsku við lok grunnskóla.


Væntingar til framhaldssnáms

Íslenskar rannsóknir á brottfalli nemenda úr framhaldsskólum leiða í ljós að flestir íslenskir grunnskólanemar stefna á framhaldsnám að grunnskóla loknum og að yfirgnæfandi meirihluti nemenda virðist stefna að stúdentsprófi þegar þeir skrá sig í framhaldsskóla.³⁴ Viðtöl við ungmenni utan framhaldsskóla renna stoðum undir þetta því mörg þeirra segjast ætla að fara í frekara nám síðar meir. Einn viðmælenda, ung stúlka, lítur framtíðina frekar björtum augum þrátt fyrir að eiga langt í land með að klára stúdentspróf. Hún segir:

„Ég held að hún [framtíðin] verði bara flott...ég ætla aftur í skólann í haust og keyra námið í gegn. Ég á svolítið mikið eftir...svona 100 einingar þannig að ég ætla að taka sumt utanskóla til þess að drífa þetta af...mig langar mikið til þess að kaupa mér íbúð og leigja hana út þangað til ég er búin með námið”

Mynd 17 sýnir hlutfall ungs fólks utan framhaldsskóla sem telur það frekar eða mjög líklegt að þau fari í nám við framhaldsskóla.

Á myndinni kemur fram að á bilinu 41 til 56% ungmenna utan framhaldsskóla hyggur á framhaldsnám.



Mynd 17. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem telja það frekar eða mjög líklegt að þau fari í nám við framhaldsskóla.

³⁴ Sjá m.a. Gerði G. Óskarsdóttur (1993) og Jón Torfa Jónasson og Kristjönu Stellu Blöndal (2002).

Það kemur ekki á óvart að hlutfall ungmenna sem telja það frekar eða mjög líklegt að þau fari í framhaldssnám lækkar með hækkandi aldri. Því hefur oft verið haldið fram að því lengri tími sem líður frá því að ungmenni séu í námi því erfiðara er fyrir þau að byrja að nýju.³⁵

Framhaldsskóli fyrir alla

Fram kemur í viðtölum við íslenska námsráðgjafa að lestrarhömlur séu orðnar æ algengari í framhaldsskólunum. Ástæðu þessa, telja viðmælendur, mega rekja til breyttrar samsetningar þess hóps sem sækir framhaldsskóla. Eins og kemur fram í inngangi urðu töluverðar breytingar á skipulagi og eðli íslenskra framhaldsskóla með lögnum sem sett voru 1988. Þá varð til fyrirkomulag sem kallast „framhaldsskóli fyrir alla” og vísar til þess að allir nemendur, burtséð frá námsgetu og námsframvindu, eigi kost á að hefja framhaldsskólanám. Grípum niður í orð sérkennara í Reykjavík:

„Þegar lögum um [framhaldsskólann] var breytt árið 1988...breyttist mjög samsetning nemendahópsins sem framhaldsskólar fá inn...nú fáum við inn nemendur sem hefðu ekki reynt við framhaldsskólanám áður en lögin breyttust...þetta er miklu breiðari nemendahópur og margir nemenda miklu veikari [námsmenn]. Þróunin innan skólanna hefur ekki verið jafnhröð því skólarnir eru ekki farnir að bjóða upp á nám sem hæfir öllum nemendum, nema að takmörkuðu leyti...”

En hvað varð um þetta unga fólk fyrir tíma nýju löggjafarinnar? Annar sérkennari svarar þessu svo:

„...einu sinni var bara landsprófið og þeir krakkar fóru í framhaldssnám...aðrir fóru í gaggó og síðan iðnnám og restin fór bara út á vinnumarkaðinn”

Í dag hefur þetta breyst. Nú hefja um 90% allra íslenskra ungmenna, sem lokið hafa grunnskóla, framhaldssnám burtséð frá árangri í samræmdum prófum.³⁶ Eins og eftirfarandi orð námsráðgjafa í framhaldsskóla bera vitni um hefur þetta haft þær afleiðingar að álag á framhaldsskólana hefur aukist til mikilla muna:

„Nú tókum við inn miklu breiðari hóp... ég er búin að vera hér ein í fullu starfi þangað til síðasta haust og var þá alveg að


³⁵ Viðtal við náms- og starfsráðgjafa, júní 2003.

³⁶ Hagstofa Íslands, Landshagir 2001.

drukkna...núna er hún [annar námsráðgjafi] komin í 50% starf en ég hef alltaf jafnmikið að gera og nú er hún [nýi námsráðgjafinn] alveg að drukkna líka”

Í skýrslu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur um sérkennslu barna í reykvískum grunnskólum (2000) kemur fram að alls séu tæplega 20% nemenda í Reykjavík í sérkennslu og sérúrræðum á ári hverju. Um 60% barna í sérkennslu og sama hlutfall barna í sérdeildum grunnskólanna eru þar vegna námserfiðleika af ýmsum toga, bæði almennra og sértækra. Um 15% nemenda í sérskólum og um 37% í sérdeildum eru þar vegna félags- og tilfinningalegra örðugleika eða hegðunarvanda ýmisskonar.³⁷

Þessar upplýsingar eru í samræmi við niðurstöður utanskólarannsóknarinnar. Á mynd 18 kemur fram hlutfall ungs fólks utan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf eiga við sértæka námsörðugleika að stríða. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla, sem svara því til að þeir eigi við sértæka námsörðugleika að stríða liggur á bilinu 17% til 29%, breytilegt eftir árgöngum.



Mynd 18. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem segjast oft eða nær alltaf eiga við sértæka námsörðugleika að stríða.

Skoðun margra sérfræðinga í uppeldi og menntun barna og unglinga er sú að þarna sé um að ræða nemendur sem af einhverjum ástæðum hafi ekki náð þeim lestrarhraða í grunnskóla sem gerð sé krafa um þegar í framhaldsskólann sé komið. Oft eigi þessir nemendur við sértæka námsörðugleika að stríða, svo sem lesblindu en

³⁷ Anna Ingeborg Petursdóttir, o.fl. (2002). *Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur. Könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd.* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

alls ekki alltaf. Þannig hefur skólafólk vaxandi áhyggjur af því að lestrarhæfni meðal ungs fólks hafi almennt minnkað. Námsráðgjafi í Reykjavík segir svo um þetta:

„Ég tel að almenn hæfni til lestrar hafi minnkað því sífellt fleiri nemendur lesa minna en áður...ég er ekki að tala um alvarlega lestrarörðugleika eins og dyslexíu heldur krakka sem eru læsir tæknilega séð en hafa lítið lesið og lesturinn nýtist þeim því ekki nema að takmörkuðu leyti...í framhaldssnámi er gerð ansi mikil krafa um sjálfstæðan lestur og þessir krakkar komast ekki í gegnum framhaldsskóla því þeir eru að lenda í því að ráða ekki við að lesa það námsefni sem þeir þurfa að komast yfir”

Annar námsráðgjafi við einn af fjölbrautarskólum Reykjavíkur tekur undir þetta og segir að tiltölulega algengt sé að krakkar sem hafi barist við almenna námserfiðleika síðan í grunnskóla haldi áfram námi eftir að grunnskóla sleppir þar sem námserfiðleikarnir geri ekki annað en að vaxa að ummáli. Hún segir:

„ef þau [ungmenni með námserfiðleika] fara í framhaldsskóla og fá kannski greiningu [á námserfiðleikunum] á fyrstu eða annarri önn þá eru þau orðin svo úthaldsslítill...þau hafa ekki seigluna og eru bara orðin nokkuð brotin...eiginlega mölbrotin stundum og á því stigi er voðalega erfitt að ætla sér að reka þau í gegnum framhaldsskóla”

Þeir sem rætt er við greina gjarnan að þá nemendur sem eigi við námsvandamál að stríða og aðra sem búi við félagslega erfiðleika eða fái ekki þann stuðning heima fyrir sem námið kallar á. Erlendir fræðimenn, sem fjallað hafa um ólíka námsstöðu meðal nemenda, telja þetta tvennt í mörgum tilvikum samofið³⁸. Þessar erlendu rannsóknir hafa í flestum tilvikum beinst að mismuni barna eftir félagslegri stöðu þeirra. Börn sem þannig koma misvel stödd námslega inn í skólana við upphaf skólagöngu, bæta jafnmiklu við sig í þekkingu og önnur börn, eftir að inn í skólann er komið. Yfirleitt tekst þó ekki að brúa bilið milli hópanna. Þessar rannsóknir eru gerðar í umhverfi ólíku því sem við þekkjum. Athyglin beinist að börnum sem eru alin upp við mjög ólíkar aðstæður og hafa ekki fengið tækifæri til að sækja leikskóla áður en skólaganga hefst. Ólíklegt er að unnt sé að yfirfæra þessar niðurstöður yfir á íslenskan veruleika. Þrátt fyrir takmarkaðar rannsóknir og upplýsingar um þetta efni hérlandis hefur áhugi á aðstæðum þessara barna á Íslandi vaxið á undanförunum árum. Eitt slíkt

³⁸ Farkas, George. (2003). Cognitive Skills and Noncognitive Traits and Behaviors in Stratification Processes. To appear, *Annual Review of Sociology*.

dæmi er eftirfylgdarþjónusta við hafnfirsk ungmenni á aldrinum 16 til 18 ára sem laut að þjónustu við ungmenni sem höfðu hætt í framhaldsskóla eða hófu aldrei nám eftir grunnskólann. Þjónustan var einkum fólgin í því að ná sambandi við þessi ungmenni, kanna stöðu þeirra og bjóða aðstoð náms- og starfsráðgjafa. Niðurstöður þessa verkefnis voru á þá leið að brottfall úr framhaldsskólum virðist sjaldnast meðvituð eða viljastýrð ákvörðun. Sá hópur ungmenna sem „dettur“ úr námi á það sameiginlegt að hafa mistekist í námi, jafnvel eftir ítrekaðar tilraunir. Í skýrslu eftirfylgdarþjónustunnar (2002) kemur fram:

„Mörg [ungmennanna] eiga því miður fremur neikvæða og dapra reynslu úr grunnskóla, hafa átt í námserfiðleikum og beðið skipbrot á ýmsum sviðum. Þau eru áhugalaus og neikvæð gagnvart námi og sjá lítinn tilgang í áframhaldandi skólagöngu, þó flest segi að þau þurfi að læra eitthvað til þess að komast áfram í lífinu...Mörg eru félagslega vanhæf, hafa ítrekað skipt um námsbrautir eða skóla, lent í einelti og eiga daprar minningar og reynslu.“³⁹

Á þessum nótum segir annar viðmælenda, uppeldisfræðingur í Reykjavík, að þó að nemendur með námserfiðleika séu breiður hópur, megi oft greina þætti sem einkenni marga þeirra. Hún segir:

„Þau [ungt fólk með námsörðugleika] eru oft í vandræðum með sig, (það er að segja) hegðunarvandamál eru mjög algeng meðal þeirra...Þessir nemendur eru (til dæmis) líklegri en aðrir til þess að stökkva á fætur í kennslustofunni og trufla kennslu ef þeir sjá einhverju bregða við fyrir utan gluggann“

Jafnframt segir hún að það sé algengt að þessir nemendur búi við erfiðar, félagslegar aðstæður. „Það er hópur af krökkum sem ekki er hugsað nógu vel um“.

„Foreldrar í dag vilja að skólinn taki meiri ábyrgð á uppeldi barna og unglinga en verið hefur. Á sama tíma er skólinn að berjast við fjárskort. Fjármagn til skóla eykst ekkert í takt við þessar auknu kröfur á hendur þeirra. Við þurfum öll að taka ábyrgð á þessum vanda og leysa hann í sameiningu. Sem samfélag þurfum við að taka ákvörðun um það hvernig við viljum styrkja fjölskyldur sem þurfa stuðning, til að mynda er hægt að bjóða foreldrum upp á námskeið í foreldrarfærni eða eitthvað svipað“

³⁹ Bryndis Guðmundsdóttir (2002). *Eftirfylgdarþjónusta*. Ráðgjöf við ungt fólk í Hafnarfirði. Óbirt áfangaskýrsla.

Samantekt

Flest bendir til þess að vandamál margra ungmenna í þessari rannsókn eigi upptök sín utan veggja skólans, til að mynda á heimilum eða í félagsstarfi. Í það minnsta er hér um samverkandi þætti að ræða. Margir búa ekki við þann stuðning og það atlæti sem nauðsynlegt er til þess að njóta velgengni í námi. Einungis hluti unga fólksins í þessari rannsókn á við sértæka námsörðugleika að stríða, aðrir „eiga það sameiginlegt að það vantar ansi mikið inn hjá þeim,” eins og einn sérkennari í Kópavogi segir. Mörg þeirra „eru ekki læs og skrifandi og þá náttúrulega treysta þau sér ekkert til þess að fara í framhaldsskóla.” Unglingaráðgjafi í Kópavogi segir að ástæðuna fyrir ástandi þessa unga fólks sé yfirleitt að finna heima fyrir. Hann segir:

„Þessir krakkar eiga oft ofboðslega fábrotið bakland...eru oft illa stödd þannig og fá ekki þann stuðning sem þau þurfa [til þess að ganga vel í framhaldssnámi]”

Sú skoðun kom fram meðal fleiri sem rætt var við að foreldrar þyrftu í mörgum tilvikum að taka sig á. Vandamálin mætti í mörgum tilvikum rekja til heimilanna miklu frekar en skólanna. Besta lausnin væri fólgin í því að foreldrar sinntu betur börnum sínum og unglungum. Þá væri gott ef skólinn og foreldrar gætu starfað náið saman, meðal annars í því að aðstoða unglunga sem ættu í erfiðleikum innan skólans. Þessi viðhorf koma heim og saman við niðurstöður íslenskra rannsókna sem gerðar hafa verið á undanförunum árum.⁴⁰ Stuðningur foreldra, sá tími sem þeir verja með börnum sínum, eftirlit þeirra og aðhald, eru allt þættir sem vega þungt í því að tryggja velferð unglunga.

En hvað geta skólarnir gert til þess liðsinna ungu fólki sem hafa ekki nauðsynlegan stuðning? Haft er eftir forstöðumanni vinnuskóla fyrir ungt fólk að skólarnir þurfi að beita sér á svipaðan hátt og íþróttafélögin og skapa liðsanda innan bekkjanna. Allir þurfa að eiga sér stað innan hópsins. Hann segir:

„...[Þú] ert kannski með 20 manna lið og þar eru allir með mismunandi hæfileika...sumir eru ofsalega flínkir og aðrir ekki...þú þarft að búa til gott lið úr þessum hópi...draga eitthvað gott fram hjá þeim sem eru kannski síðri en meðallagið og leggja svolítið í það að ná til þeirra sem eru þannig staddir...kannski er baklandið brotið...kannski er verið að draga úr íþróttáhuganum

⁴⁰ Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

heima fyrir eða vinirnir eru kannski eitthvað að draga þar úr...það getur verið eitthvað svona og þá þarft þú að reyna að vinna með þetta og búa til liðsanda”

Fjölskyldan

Fjölskyldan er yfirleitt talin mikilvægasta undirstöðueining samfélagsins. Það atlæti sem barnið býr við fyrstu æviárin hefur mikil áhrif á lífshlaup þess í framtíðinni. Af fjölskyldu sinni lærir barnið að eiga samskipti við aðra og þar er að finna hið tilfinningalega og félagslega skjól sem er því nauðsynlegt. Það gefur því augaleið að ekki er unnt að fjalla um aðstæður ungmenna sem standa utan framhaldsskóla, án þess að að hugað sé að tengslum þeirra við foreldra sína og fjölskyldu og stöðu fjölskyldunnar í íslensku samfélagi. Flestir eru sammála um að fjölskyldan, foreldrar og systkini, gegna mikilvægu hlutverki í öllu uppeldisstarfi og tengsl ungmenna við þessa lykilstofnun samfélagsins leikur veigamikil hlutverk, þegar horft er á aðstæður þeirra og umhverfi í víðara samhengi. Niðurstöður erlendra rannsókna hafa gefið til kynna að sterk tengsl ungmenna við fjölskyldur sínar séu í mörgum tilvikum forsenda vellíðunar og velgengni í lífinu. Erlendar og innlendar rannsóknir hafa meðal annars leitt í ljós að stuðningur foreldra hefur áhrif á andlega líðan ungs fólks⁴¹. Stuðningur foreldra, sá tími sem varið er með foreldrum svo og eftirlit foreldra hafa mikilvægt forvarnargildi fyrir vímuefnaneyslu ungs fólks⁴². Þá gegna góð tengsl við foreldra, hvatning þeirra og væntingar⁴³ mikilvægu hlutverki fyrir námsgengi ungmenna.

Breytt fjölskyldugerð

Fjölskyldan, sem meginstofnun samfélagsins, hefur tekið miklum veigamiklum breytingum á undanförunum áratugum. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur tíðni skilnaða á Íslandi tvöfaldast frá árinu 1966 og fram til ársins 2001. Árið 1966 var skilnaðartíðnin 5,8 en var komin upp í 11,2 árið 2001 fyrir alla aldurshópa.⁴⁴ Nú er svo komið að um 74% unglinga í efstu bekkjum grunnskóla búa með báðum kynforeldrum og 26% búa í öðrum fjölskyldugerðum. Þar af búa ríflega 10 % unglinga með einu foreldri, liðlega 11% unglinga með foreldri og fósturforeldri og rétt

⁴¹ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl., væntanlegt.

⁴² Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998.

⁴³ Coleman, James S. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94: 95-123.

⁴⁴ Hagstofa Íslands (2001). Aldursbundin tíðni lögskilnaða 1966-2001.

um 1% búa við aðrar aðstæður.⁴⁵ Reyndar er það oft svo að í dag er talað um fjölskyldur eins einstaklings í fleirtölu,⁴⁶ slíkar hafa breytingarnar verið. Margir fræðimenn hafa fjallað um mismunandi áhrif mismunandi fjölskyldugerða á námsframmistöðu og velferð ungs fólks. Coleman hélt því til að mynda fram að fjöldi fullorðinna á heimili skipti verulegu máli, þar sem fjölskyldur með tveimur foreldrum væru tvöfalt betur í stakk búnar til að flytja mannauð (human capital) milli kynslóða en fjölskyldur þar sem aðeins annað foreldri væri til staðar⁴⁷. Aðrir fræðimenn hafa lagt áherslu á að tengsl innan fjölskyldna skipti meira máli en fjölskyldugerðin⁴⁸. Þannig fá börn og unglingar sem alin eru upp hjá einu foreldri í mörgum tilvikum sama eða meiri stuðning en önnur börn sem alin eru upp hjá tveimur foreldrum, sem ekki sinni þeim sem skyldi. Coleman fjallaði reyndar um þetta líka. Hann lagði áherslu á að þótt báðir foreldrar væru til staðar yrðu tengsl barna og fullorðinna að vera góð svo börn gætu notið góðs of mannauði þeirra fullorðnu.

Álag í fjölskyldum

Skilnaður foreldra veldur óhjákvæmilega röskun í lífi barna og unglunga og benda rannsóknir til þess að slík röskun geti í sumum tilvikum haft neikvæð áhrif á líf þeirra. Tilfinningalegir og efnahagslegir erfiðleikar sem oft fylgja skilnaði geta valdið kvíða og raskað jafnvægi í tilfinningalífi barna og unglunga. Slíkir erfiðleikar geta einnig haft slæm áhrif á samskipti innan fjölskyldunnar, til að mynda milli foreldra og barna.⁴⁹ Reykvísk stúlka segir svo um skilnað foreldra sinna:

„Mamma og pabbi voru að skilja og ég [var] bara ósátt við það...ekki endilega það að þau séu að skilja heldur bara hvernig mamma kemur fram...hún er miklu minna heima en hún var...og hún er bara rosalega breytt“

Ennfremur segir stúlkan að skilnaður foreldranna og þær breytingar sem urðu á lífi hennar í kjölfar hans hafi haft „afgerandi“ áhrif á námsframvindu hennar og félagslíf en hún hætti námi stuttu seinna. Lýsing stúlkunnar kemur heim og saman við fjölmargar erlendar rannsóknir sem leitt hafa í ljós að tímabil í kjölfar skilnaðar er oft

⁴⁵ Heimild, Ungt fólk 1997.

⁴⁶ Umboðsmaður barna (1998). *Mannabörn eru merkileg. Staðreyndir um börn og unglunga*, bls. 19. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi hf.

⁴⁷ Coleman, James S. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94: 95-123.

⁴⁸ McKeown, R.E., C.Z.Garrison, K.L. Jackson, S.P. Cuffè, C.L. Addy, and J.L. Waller, 1997.

⁴⁹ Þórólfur Þórlindsson o. fl., 1998.

afar erfitt fyrir ungmenni, ekki síst vegna slæmrar líðanar foreldris og skertrar getu til að sinna uppeldishlutverki sínu.⁵⁰ Þessar aðstæður hafa oft áhrif á námsgengi ungmenna til hins verra.⁵¹

Mörgum hjónaskilnuðum fylgja einnig búferlaflutningar og í kjölfar þeirra verða breytingar á skólaumhverfi barna og unglinga. Einn viðmælenda, 18 ára gamall piltur, hefur töluverða reynslu af slíkum flutningum en foreldrar hans skildu þegar hann var fjögurra ára gamall. Hann segist hafa flutt á milli byggðarlaga landsins með reglulegu millibili og verið nemandi í fjórum grunnskólum, hver öðrum ólíkari. Námið gekk aldrei neitt sérstaklega vel en fór hríðversnandi þegar komið var í þriðja grunnskólann.

Önnur afleiðing hjónaskilnaða er fjölgun seinna hjónabands fráskilins fólks. Á áttunda áratugnum var fráskilið fólk 15 – 20% þeirra er gengu í hjónaband. Augljóst er að mörg börn alast því upp í fjölskyldum annars foreldris og nýs maka.⁵² Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands frá árinu 2001 bjuggu 21,7% barna á aldrinum 0-17 ára hjá einum fullorðnum. Þetta hlutfall fer upp í 29% ef litið er til Reykjavíkur eingöngu.⁵³ (Rétt er að hafa í huga að þessar upplýsingar geta gefið villandi mynd af raunverulegum aðstæðum þessara barna. Til að mynda telur embætti ríkisskattstjóra að einhver hluti sambúðarfólks á Íslandi skráir sig úr samvist vegna fjárhagsástæðna). Átján ára reykvískur piltur lýsir áhrifum þessara breytinga ágætlega:

„Ég þekki ekki helminginn af þeim [systkinum sínum]...ég á tvo bræður sem eru í fótbolta og svo einn sem er kennari...og svo á ég annan bróður sem var að koma úr fangelsi...hef ekki séð hann heillengi...svo á ég [annan] bróður...og svo man ég ekki meira...jú og tvíburarnir sem eru í ruglinu þarna...ég veit ekki hvað systir mín gerir...ég hef aldrei séð hana og þekki hana ekkert”

Ung stúlka segir á svipuðum nótum:

„Stjúppabbi minn gerði ofsalega mikið upp á milli mín og bræðra minna...þau [foreldrar hennar] rifust um það og á endanum skildu þau”.

⁵⁰ Sjá m.a. Rosenfeld, 1999.

⁵¹ Sjá m.a. Conger et al. 1992; Conger et al. 1993.

⁵² Gísli Ágúst Gunnlaugsson (1993). “Fólksfjölda- og byggðapróun 1880 – 1990,” bls. 106 í Guðmundur Hálfánarson og Svanur Kristjánsson (ritsj.) *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880 – 1990*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

⁵³ Hagstofa Íslands (2001). Fjölskyldustaða eftir kyni og landsvæðum 1995-2001.

Ekki er ólíklegt að skilnaðir foreldra og endurgiftingar hafi áhrif á líðan og námsgengi ungs fólks.

Oft má rekja streituvaldandi aðstæður til þess tímabils sem fór á undan skilnaðinum. Slæm samskipti foreldra sem leiddu til skilnaðar skilja oft eftir sig dýpri merki í sálarlífi ungs fólks, en skilnaðurinn sjálfur. Þá er það oft svo að skilnaður foreldra boðar ekki endi togstreitu þeirra í milli. Þá á álag í fjölskyldum oft rætur að rekja til fjárhagsvandamála eða líkamlegs og andlegs sjúkleika.⁵⁴

Nýleg rannsókn á högum 16 til 18 ára utanskólafólks í Hafnarfirði rennir stoðum undir þetta. Niðurstöður hennar leiddu í ljós að félagsstaða ungs fólks utan framhaldskóla er „nokkuð bágborin.“ Til að mynda var mikið um ungmenni sem bjuggu hjá einstæðu foreldri og/eða foreldrum sem voru þiggjendur félagslegrar þjónustu. Haft er eftir umsjónarmanni rannsóknarinnar:

„Mér fannst mjög áberandi að menntunarstig foreldranna var mjög takmarkað, það var lágt. Einnig var dálítið algengt að foreldrar krakkanna væru einstæðar mæður en hvort sem um var að ræða einstæðar mæður eða tvo foreldra þá var menntunarstigið samt yfirleitt lágt...einnig var svolítið algengt að þessar fjölskyldur væru þiggjendur einhverskonar félagslegrar þjónustu”

Tengsl innan fjölskyldna

Í viðtölum við sérfræðinga kemur skýrt fram mikilvægi þess að börn og unglingar séu í góðum tengslum við fjölskylduna en flestir viðmælenda í þessari rannsókn voru sammála um það að aðstæður nemenda hefðu mikil áhrif á líðan þeirra og námsframvindu. Aðstæður fjölskyldna eru stundum þannig að lítil tími er eftir að loknu dagsverki til þess að sinna börnum og unglingum. Viðmælendur lýstu þessu gjarnan sem einhvers konar los og sundrunu eða „skorti á stuðningi...” Þó eru þeir sem rætt var við sammála um það að þessi hópur ungmenna sé nokkuð stór og fari jafnvel stækkandi með árunum. Haft er eftir sérfræðingi í námsgengi ungs fólks:

„...ef við tökum út þá krakka sem eiga erfitt í skóla vegna eiginleika sem þau geta ekki beint stjórnað [t.d. leshömlur]...þá eru bara eftir krakkar sem eiga við erfiðar, félagslegar aðstæður að stríða.”

Gagnrýni á að samskiptin inni á heimilunum séu of lítil, kemur gjarnan fram í viðtölum við þá sem rætt er við en að sama skapi leggja þeir ríka áherslu á mikilvægi

⁵⁴ Regoli, Robert M. o. fl. (2000). *Delinquency in Society*. Fourth Edition. Bandaríkin: The McGraw-Hill Companies, Inc.

Þess að ungmenni fái stuðning heiman frá.⁵⁵ Haft er eftir námsráðgjafa við einn af framhaldsskólum Stór-Reykjavíkursvæðisins að foreldrar í dag hafi ekki tíma til þess að sinna börnum sínum sem skyldi. Hún segir:

„Ég held bara hreinlega að við foreldrar séum alltof upptekin í dag og höfum bara ekki tíma...gott merki um þetta er niðurstaða rannsóknar Manneldisráðs en hún sýnir að krakkar eru allt of afskiptalausir...þetta mataræði þeirra hlýtur að endurspeglar svolítið þennan lausa taum sem er á uppeldinu...þetta er spurning um að vera sjálfala svolítið og ráða sér sjálfur”

Viðmælandi segir í framhaldi af þessu:

„Það er svolítið um það að inni á heimilinum séu einhver samskipti sem eru bara ekki að virka...þetta eru ekkert endilega slæmir foreldrar, það er bara eitthvað annað sem virkar ekki...einhvern veginn ná þessir foreldrar og börn ekki saman”.

Námsráðgjafi í Reykjavík segir að stuðningur foreldra við börn sín þurfi að endurspeglast í samskiptum þeirra við skólana. Því meiri sem tengslin séu milli foreldra og skóla, því betri verði útkoman. Eftirfarandi orð lýsa þessu vel:

„...mín skoðun er sú að eftir því sem við vinnum lengur saman því betri verður útkoman...bæði foreldrar og skóli...þannig höldum við utan um þau [unga fólkið]...nú er okkur t.d. skylt að senda foreldrum miða ef börnin þeirra standa illa í mætingu og annað...þau [börn og unglingar] þurfa fyrst og fremst stuðning heiman frá, mörg hafa það sem betur fer en önnur ekki...sum eru innan gæsalappa „veikari fyrir” en aðrir ...[þar] vantar þetta úthald sem þarf og tengsl inn á heimilin”

Það er samdóma álit þeirra sérfræðinga sem rætt var við í tengslum við þessa rannsókn að það skipti mestu máli fyrir ungt fólk að eiga góð samskipti við fjölskyldu og vini, að þau finni stuðning og hafi einhvern til að leita til með það sem upp kemur í daglegu lífi. Haft er eftir sérkennara á Reykjavíkursvæðinu:

„...það sem skiptir allra mestu máli er að þau [unga fólkið] séu í tengslum við einhvern...séu ekki bara ein að væflast...þetta með að tilheyra einhverjum og þá ekki bara fjölskyldu heldur líka hópum úti í samfélaginu. Það eru krakkar sem koma hingað og ég hef líka hitt annars staðar sem búa við því líka umhyggju og ást og ég veit ekki hvað en komast samt ekki inn á beinu brautina því þau tilheyra

⁵⁵ Viðtal við námsráðgjafa (febrúar 2003).

engum hópi. Ef við hugsum um þessa krakka sem eru að klára grunnskólann en hafa engan hóp til þess að fara með í framhaldsskóla, krakkar fara helst í hópum þangað, og eru ein þá flosna þau fljótar upp, og þá sérstaklega krakkar sem hafa ekki náð tilskyldum árangri í grunnskóla og þurfa kannski að fara í núlláfangu alein...þau tilheyra engum hópi þar...eru ein í núlláfanganum að flækjast. Þessir krakkar sem við erum að fá hingað þau tilheyra engum sérstökum...eru ekki í íþróttum eða neinu.”

Ungt fólk þarf að tilheyra hópi eða hópum innan samfélagsins til þess að ganga vel í námi og starfi. Ungur piltur sem var tiltölulega nýhættur í skóla þegar viðtalið var tekið segir svo um skólaár sín á grunnskólaárunum:

„...ég tengdist krökkunum ekkert sérlega vel...fittaði ekki inn í hópinn...mamma þurfti ...eitt árið að keyra mig alltaf í skólann og ég fór ekki inn fyrr en það var búíð að hringja inn...[sennilega] hræðsla við krakkana eða eitthvað svoleiðis...einhver ætlaði að lemja mig og svona...”

Þessum pilti leið ætíð illa í skóla og gekk þar af leiðandi ekki vel í námi. Í dag er hann orðinn tvítugur og hefur ekki lokið neinu framhaldsskólaprófi.

Í sumum tilvikum fara saman bág tengsl foreldra og barna og rifrildi og átök inni á heimilinu. Tæplega tvítug stúlka utan af landi segir eftirfarandi þegar hún er spurð um það hvernig samskipti hennar við foreldrana hafi verið á unglingsárunum:

„...ofsalega slæm...við pabbi rifumst alla daga, ég rauk út og var bara hjá kærastanum mínum og lét ekki sjá mig í svolítinn tíma...stundum kom pabbi að sækja mig og einu sinni dró hann mig út með sér...svo flutti ég bara burt”

Annað viðmælandi lýsir aðstæðum sínum á eftirfarandi hátt:

„Þetta [rifrildin] setti rosalega mikið mark á heimilislífið...það var mjög stressað og allir áttu alltaf von á því að það kæmi sprenging út af því að ég og pabbi vorum alltaf að rifast og kíta á hvort annað og svo þegar bróðir minn byrjaði á gelgjuskeiðinu þá vorum við að kíta...og svo byrjuðu bróðir minn og pabbi...úff...ég flutti meira að segja stundum til vinkonu minnar út af þessu”

Í framhaldi af þessu sögðu viðmælendur að rifrildin og átökin inni á heimilinu hefðu bitnað verulega á námsframvindu þeirra. Ein stúlkan segir til dæmis að átökin við móður hennar hafi verið þannig að hún örmagnaðist og ákvað að taka sér hlé frá

námi. Önnur stúlka flúði heimilið og átökin þar og fór að sjá fyrir sér sjálf. Þannig var hún komin í þá aðstöðu að þurfa að vinna fullan vinnudag og átti þar af leiðandi erfitt með að halda áfram námi.

Barneignir ungmenna

Einn þeirra álagsþátta sem gjarnan eru nefndir í erlendum rannsóknum í tengslum við hagi ungra stúlkna, sem ekki ljúka námi, eru barneignir á unglingsárum. Víða koma barneignir unglunga í veg fyrir að þeir geti lokið námi. Þó fæðingartíðni íslenskra kvenna í aldurshópnum 15 til 19 ára hafi lækkað verulega frá árinu 1956 (úr 83 börnum hverjar 1000 konur tímabilið 1956 til 1960 og niður í 23,4 börn tímabilið 1996 til 2000)⁵⁶ eru fæðingar þessa aldurshóps meiri áhyggjuefni í dag en þá. Í dag er talið óæskilegt að ungt fólk á framhaldsskólaaldri standi í barneignum og er í þess stað lagt allt kapp á það að þau ljúki framhaldssnámi.

Staða þessara ungmenna, oft ungra mæðra, er áhyggjuefni víða erlendis. Bandarískar rannsóknir hafa leitt í ljós að sterkt samband er milli barnsfæðinga unglingsmæðra og slakrar félagsstöðu. Þannig má segja að því lakari sem félagsstaða þessara stúlkna er, því meiri líkur eru á því að þær eignist börn og búi með börnum sínum við mikla fátækt, jafnvel örbirgð. Þessar ungu, bandarísku mæður eru jafnframt langtum líklegri en aðrar stúlkur til þess ljúka ekki grunn- og menntaskólaprófi.⁵⁷ Við fyrstu sýn virðist svipað vera uppi á teningnum hér á landi, en rannsókn sem Rauði Kross Íslands stóð fyrir leiddi í ljós að ungar mæður sem búa einar með börnum sínum eru alla jafnan sá hópur samfélagsins sem er fjárhagslega verst staddur. Þó eru sérfræðingar í námsgengi ungs fólks ekki á eitt sáttir um gengi ungra mæðra í framhaldsskólum. Sumir halda því fram að þær séu sá hópur sem er í hvað mestri hættu á að falla úr framhaldssnámi. Þó eru enn fleiri á þeirri skoðun að þær njóti meiri velgengni í framhaldssnámi en fólk geri sér grein fyrir. Þannig segir námsráðgjafi í Reykjavík:

„við útskrifum margar stúlkur sem eru með börn...mér finnst það virðingarvert hvað þær eru margar ótrúlega duglegar...”

Annar námsráðgjafi tekur undir og segir:

⁵⁶ Hagstofa Íslands (2001). Vefsíður Hagstofunnar www.hagstofa.is. Tafla 2.33 Frjósemi kvenna 1956-2000.

⁵⁷ Murry, Velma McBride (1995). An Ecological Analysis of Pregnancy Resolution Decisions Among African American and Hispanic Adolescent Females. *Youth & Society*, 26: 3, bls. 328.

„Þessir hópur [ungar mæður] er ekkert fremur öðrum í hættu með að hrekjast frá námi, a.m.k. ekkert meira en hinn almenni nemendi...það er að mörgu leyti ágætt kerfi í kringum þessa nemendur...þær hafa tök á að fá styrki hér og þar en auðvitað fer staða þeirra mikið eftir því hverskonar bakland þær hafa...standa þær einar eða hafa þær fjölskyldu á bak við sig?...en kerfið er í sjálfu sér ágætt...þær eru mjög velkomnar hér og við gerum allt til þess að hjálpa þeim, t.d. ef þær eru mikið í burtu vegna veikinda barna þá horfum við framhjá mætingunni svolítið og þar fram eftir götunum”


Eins og hér kemur fram skiptir bakland ungra foreldra afskaplega miklu máli. Að hafa stuðning foreldra eða annarra fullorðinna á meðan á námi stendur og öruggt húsaskjól gerir sumum ungum foreldrum kleift að stunda framhaldsnám. Ein móðir segir svo frá þegar hún er spurð að því hvort það sé erfitt fyrir ungar mæður að vera í skóla:

„Já, svona frekar erfitt. Samt...ég veit að ég get búið heima hjá pabba og þá er þetta auðveldara og svona...ég veit ekki hvað ég myndi gera ef ég hefði það ekki...”

Önnur ung móðir býr í eigin húsnæði með barnsföður sínum og er í fjarnámi í framhaldsskóla í höfuðborginni. Hún er í náminu ásamt móður sinni sem hún fær mikinn stuðning frá og hjálpa þær hvor annarri í gegnum námið. Eins og hún segir:


„...ég er meiri mömmu og pabba stelpa í dag en ég var þegar ég var yngri...ég fór náttúrulega frá þeim þegar ég flutti...en nú hef ég varla vikið frá þeim...”

Þegar niðurstöður framhaldsskólakönnunarinnar (2000) og utanskólakönnunarinnar (2001) eru skoðaðar kemur í ljós að fleiri stelpur utan framhaldsskóla en innan framhaldsskóla hafa fyrir einu barni eða fleirum að sjá (sjá mynd 2). Líkt og sjá má á myndinni hefur innan við 0,5% stúlkna sem fæddar eru 1984 fyrir barni að sjá og á það bæði við stúlkur innan og utan framhaldsskóla.



Mynd 19. Hlutfall stelpna utan framhaldsskóla sem eiga eitt eða fleiri börn.

Þegar lítið er til þeirra stúlkna sem fæddar eru árin 1981 til 1983 kemur fram tölverður munur á barneignartíðni stúlkna innan og utan framhaldsskóla. Á bilinu 9-27% stúlkna utan framhaldsskóla hafa fyrir einu eða fleirum börnum að sjá (mynd 19) samanborið við á bilinu 0-2% stúlkna innan framhaldsskóla (mynd 20).



Mynd 20. Hlutfall stelpna innan framhaldsskóla sem eiga eitt eða fleiri börn.

Þó þarf að fara varlega í það að draga ályktanir af þessari niðurstöðu. Þessi munur gæti átt sér fleiri skýringar en þær að stúlkur utan framhaldsskóla séu langtum líklegri en stúlkur í framhaldsskólum til þess að eiga börn. Til að mynda náði framhaldsskólakönnunin helst til þeirra sem mæta í skólann að staðaldri og eru því líkur á því að ekki hafi náðst til barnafólks og annarra nemenda sem mæta stopult.

Samkvæmt námsráðgjafa í einum framhaldsskóla á Reykjavíkursvæðinu fær barnafólk meira svigrúm í mætingarskyldunni. Þannig má leiða líkur að því þó einhver munur sé til staðar á tíðni barneigna þessara tveggja hópa þá á hann líkast til einhverjar rætur í fyrirkomulagi mætingarskyldunnar.

Samantekt

Viðtöl við ungmenni utan framhaldsskóla renna stöðum undir þau viðhorf að breytt fjölskyldugerð samtímans, þ.e. aukin skilnaðartíðni, endurgiftingar foreldra og búferlaflutningar, hafi áhrif á frammistöðu ungmenna í námi. Þó er mikilvægt að taka fram að svo virðist sem þessar breytingar í sjálfu sér hafi ekki bein áhrif á líf þeirra og atferli heldur fylgja slíkum breytingum oft los og sundrung sem valda því að tengsl unga fólksins við fjölskylduna minnka. Eins og viðtöl við bæði ungmenni og sérfræðinga leiða í ljós eru aðstæður ungmennanna oft þannig að þau “eru ein að væflast” og þurfa svolítið að sjá um sig sjálf þegar í harðbakkann slær hjá foreldrum þeirra. Eins og einn viðmælenda bendir á:

„ Þegar það eru erfiðleikar í fjölskyldunni þá finnst foreldrum það oft kostur ef krakkarnir eru mikið í tölvum og eru ekki að trufla ”

Barneignir eru ennfremur annar þáttur sem hefur áhrif á námsframvindu ungs fólks. Fjölmargar rannsóknir benda til þess að svo sé. Hins vegar ber að hafa í huga að barneignir ungs fólks og námsferill er flókið viðfangsefni. Þó niðurstöður úr spurningakönnunum sem hér er stuðst við styðja það sjónarmið að barneignir ungmenna hindri þau í námi er erfitt að festa hendur á umfangi þessa vandamáls þar sem erfiðara er að ná til ungra foreldra á skólabeck en barnlausra nemenda. Þar af leiðandi ríkir nokkur óvissa um námsstöðu þessara ungmenna.

Hins vegar eru viðmælendur á einu máli um mikilvægi þess að ungt fólk á aldrinum 16 til 20 ára sé í góðum tengslum við fjölskyldur sínar, vini og samfélag.

Frístundir

Fyrri rannsóknir meðal íslenskra unglinga hafa leitt í ljós að tómstundastarf hefur veruleg áhrif á lífsstíl og viðhorf unglinga. Þeir unglingar sem taka þátt í íþróttum og öðru skipulögðu tómstundastarfi eru þannig síður líklegir til að tileinka sér lífsstíl

vímuefnaneyslu, afbrota- og áhættu hegðunar af ýmsu tagi.⁵⁸ Sumir félagsfræðingar hafa bent á að það tómsundastarf sem standi unglingum til boða gegni því mikilvæga hlutverki að vera vettvangur fyrir þátttöku þeirra í hefðbundnu starfi. Í slíku starfi finni þeir sér skemmtileg áhugamál sem fylla tíma þeirra auk þess sem þeir finni sér þar skýr markmið að stefna að. Þannig sé skipulagt tómsunda- og æskulýðsstarf mikilvægur vettvangur þar sem hægt sé að hafa jákvæð áhrif á lífsstíl ungmenna. Enn aðrir halda því fram að mestu máli skipti að tómsundastarf unglunga sé skipulagt af ábyrgum aðilum sem geti haft áhrif á starfið; eins og foreldrum, kennurum, þjálfurum og leiðbeinendum. Skýrustu dæmin um þetta er sennilega starfsemi íþróttafélaga og skipulagðs æskulýðsstarfs. Kjarninn í þessum hugmyndum er sá að það sé mikilvægt að huga að því við hvaða aðstæður unglingarnir byggja upp áhugamál sín og lífsstíl. Líkur á því að unglingar tileinki sér lífsstíl sem einkennist af neikvæðu atferli aukist eftir því sem þeir verji frítíma sínum meira saman, í fjarveru þeirra aðila sem standi vörð um hefðbundin gildi og viðmið. Niðurstöður íslenskra rannsókna styðja þessa mynd. Það virðist skipta höfuðmáli fyrir ungmenni að geta varið tíma sínum í skipulögðu tómsundastarfi, undir umsjón ábyrgra aðila.

Erlendar rannsóknir á brottfalli nemenda úr framhaldsskólum hafa til að mynda leitt í ljós að þátttaka ungmenna í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi innan skóla, spáir verulega fyrir um hvort ungmenni detta út úr námi eða ekki. Þátttaka í íþróttastarfi virðist þar vega þyngst en í rannsókn á brottfalli úr framhaldsskóla sem gerð var árið 1995 kom í ljós að þeir nemendur sem voru virkir þátttakendur í íþróttastarfi skólans voru síður líklegir til að falla úr námi en hinir sem ekki tóku þátt.⁵⁹ Þátttaka í listastarfi skóla dró einnig úr líkum á brottfalli. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður innlendra rannsókna, sem leitt hafa í ljós að þeir unglingar sem taka þátt í íþróttum og öðru skipulögðu tómsundastarfi eru líklegri til að ná betri árangri í námi og búa yfir meiri skuldbindingu við nám sitt en þeir unglingar sem ekki stunda íþróttir eða skipulagt tómsundastarf.⁶⁰ Þeir unglingar sem eru virkir þátttakendur í skipulögðu tómsundastarfi eru jafnframt síður líklegir til að neyta áfengis og annarra vímuefna, búa yfir betra sjálfsmati auk þess sem þeim líður alla jafna betur andlega. McNeal (1995) bendir á að vænleg leið til að draga úr brottfalli sé

⁵⁸ Sjá m.a. Þórólf Þórlindsson o.fl. 1984, Þórólf Þórlindsson o.fl. 1998 og Þórólf Þórlindsson o.fl. 2000.

⁵⁹ McNeal, Ralph. B. (1995). Extracurricular Activities and High School Dropouts. *Sociology of Education*, 68: 62-81.

⁶⁰ Þórólfur Þórlindsson, o.fl. 1994

að virkja unglunga til þátttöku í tómstundastarfi skólans, ekki síst þá sem eru í áhættu með að falla út úr námi.⁶¹

Margar innlendir og erlendar rannsóknir hafa þannig leitt í ljós að skipulagt íþróttá- og tómstundastarf gegnir veigamiklu hlutverki í því að hindra ýmsa frávikshæðun. Hér beinist athygli okkar að þeim hópi unglunga sem þegar hefur hætt námi. Þessi hópur hefur misst þau tengsl við samfélagið sem skólinn veitir öðrum ungmönnum á sama aldri. Af ýmsum ástæðum er því erfiðara að ná til þessa hóps með skipulagt tómstundastarf í huga. Aftur á móti má færa fyrir því sterk rök að þátttaka í skipulögðu tómstundastarfi eða íþróttum skipti þennan hóp jafn miklu eða meira máli en aðra hópa ungs fólks. Í þessari rannsókn leggjum við áherslu á íþróttaiðkun, skipulagt tómstundastarf og afþreyingu aðra, sem fyrri rannsóknir okkar hafa leitt í ljós að tengist hægum og líðan ungs fólks með jákvæðum og neikvæðum hætti.⁶²

Í viðtölum við sérfræðinga kemur fram að ungt fólk sem annaðhvort er ekki í skóla eða farið að skröpa mikið og er við það að hætta námi sé minna í íþróttum og tónlistarnámi en aðrir krakkar. Haft er eftir forstöðumanni vinnuskóla á

Reykjavíkursvæðinu að þetta unga fólk „...liggi bara í [rúminu]...í þunglyndi.”

Einnig segir námsráðgjafi í Hafnarfirði að „...þetta sé áberandi með svefninn...hjá sumum [ungu fólki] skilur maður ekki hvernig dagurinn líður...fjölskylduvandamál og þunglyndi valda því oft að það er erfitt að fara á fætur og takast á við daglegt líf.”

Einn námsráðgjafi segir að þessi hópur ungs fólks skiptist í tvennt: annars vegar í krakka sem eru frekar félagslega einangruð og sitja mikið við tölvurnar sínar og hins vegar krakka sem stunda kaffihúsin og „hangsa” með félögum sínum. Þó má sjá það sammerkt með hópunum að það er lítil sem engin þátttaka í skipulagðri félags- og tómstundastarfssemi. Áherslan er meira á augnablikið, eða bara að drepa tímann.


Niðurstöður úr utanskólakönnuninni 2001 renna stoðum undir þetta. Á eftirfarandi myndum má sjá hlutfall ungs fólks innan og utan framhaldsskóla sem segist stunda íþróttir eða líkamsrækt tvisvar sinnum í viku eða oftar og aðrar tómstundir svo sem leiklist og myndlist.

⁶¹ McNeal, Ralph. B. (1995). Extracurricular Activities and High School Dropouts. *Sociology of Education*, 68: 62-81

⁶² Sjá m.a. Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1994; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998.


Íþróttaiðkun

Hér á eftir verður fjallað um íþróttaiðkun ungmenna og aðra líkamlega hreyfingu. Myndir 21 og 22 leiða í ljós töluverðan mun á hlutfalli ungmenna innan og utan framhaldsskóla sem stunda líkamlega hreyfingu 2 sinnum í viku eða oftar. Þó 59% ungmenna utan framhaldsskóla segist mæðast eða svitna að minnsta kosti 2 sinnum í viku er það einungis tæplega fjórðungur þessa hóps sem stundar líkamsrækt eða íþróttir með íþróttafélagi (mynd 21). Enn færri segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi að minnsta kosti 2 sinnum í viku eða oftar, eða um 14%. Stór hluti þessa unga fólks hlýtur því að fá hreyfingu einhvers staðar annars staðar frá.



Mynd 21. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem stunda líkamsrækt, æfa íþróttir með íþróttafélagi eða mæðast/svitna, 2 sinnum í viku eða oftar.

Hins vegar er aðra sögu að segja af nemendum í framhaldsskólum landsins. Þó ekki muni miklu á hlutfalli ungmenna innan og utan framhaldsskóla sem segjast mæðast eða svitna 2 sinnum í viku eða oftar sé svipað (59% utanskóla og 66% framhaldsskóla) þá er framhaldsskólahópurinn ólíkur utanskólahópnum að því leyti að hinn fyrrnefndi er líklegri til þess að stunda líkamsrækt og æfa íþróttir með íþróttafélagi. Á mynd 22 kemur fram að 27% framhaldsskólanema segjast stunda líkamsrækt 2 sinnum í viku eða oftar, 28% segjast æfa íþróttir með íþróttafélagi og 66% segjast mæðast eða svitna 2 sinnum í viku eða oftar.



Mynd 22. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem stunda líkamsrækt, æfa íþróttir með íþróttafélagi og mæðast eða svitna, 2 sinnum í viku eða oftar.

Eins og kom fram hér að framan renna orð sérfræðinga stoðum undir þessar niðurstöður en þeir segja að ungt fólk utan framhaldsskóla sé ekki eins líklegt og nemendur í framhaldsskólum til þess að stunda skipulagðar íþróttir og tómstundir heldur kjósi þeir frekar að „hangsa” með félögunum. Eins og ein nítján ára gömul móðir segir þegar hún er spurð að því hvað hún hafi helst verið að gera eftir að skóla lauk á daginn:

„Ekki neitt...ég var alltaf með kærastanum mínum öllum stundum [og við vorum] aðallega að reyna að redda okkur sigarettum...horfðum eitthvað á vídeó...”

Annar viðmælandi, einnig ung móðir, segir frá svipuðu lífsmynstri þegar hún er spurð að því hvort hún hafi stundað einhverjar tómstundir eða íþróttir á unglingsárunum:

„Nei, eiginlega ekki. Ég var svolítið í hestum með pabba mínum...annars var ég ekki í neinu svoleiðis [tómstundum og íþróttum]. Við [vinahópurinn] vorum kannski að spila í tölvunni eða bara spila á einhverjari snalegri spil eða bara að tala um hvað við ætludum að gera um helgina eða hver væri að byrja með hverjum...seinna komu svo svona plötusnúðagræjur þarna [hjá einum vininum] og þá vorum við svolítið mikið í þeim...það var líka ótrúlega gaman að gramsa hjá honum og taka til...”

Athygli vekur í viðtölunum við ungmennin, sú tilhneiging þeirra að skipta ört um íþróttagrein. Þau virðast reyna margar íþróttir en ekki haldast nægjanlega lengi í hverri íþrótt fyrir sig til þess að ná einhverjum árangri. Eftirfarandi orð koma frá ungru stúlku sem er ekki í framhaldssnámi:


„...ég skipti ört á milli [íþrótt]...fótbolta, körfubolta, frjálsar og dans”

Hún segir að ástæða þessa „íþróttافلakks” sé sú að hún hafi ekki „fundið sig” í neinni íþrótt og því verið í sífelldri leit að réttu íþróttinni.

Skipulagt tómsundastarf


Í flestum framhaldsskólum landsins er boðið uppá töluvert úrval tómsunda. Þótt eðli þeirra sé misjafnt eftir skólum er markmið slíks starfs allajafna það að virkja ungmennin til skapandi verkefna með öðru fólki og gefa því færi á að upplifa starfssemi sem ekki er hluti af náminu. Þó að framboð slíkra tómsunda sé ekki minna úti í samfélaginu þá er kostnaðurinn oft hár og vegalengdirnar miklar. Ungt fólk utan framhaldsskóla verður því oft af þátttöku í slíku félagsstarfi.

Myndir 23 til 24 sýna hlutfall ungmenna innan og utan framhaldsskóla sem taka þátt í skipulagðu tómsundastarfi einu sinni í viku eða oftar. Þó nemendur í framhaldsskólum séu helmingi líklegri en ungt fólk utan framhaldsskóla til þess að stunda skipulagðar tómsundir þá er þátttaka beggja hópanna afar lítil. Á mynd 23 kemur fram að um það bil 2% ungmenna utan framhaldsskóla segjast stunda myndlist, leiklist og hljómsveitarstarf með nokkrum vinum eða vinkonum.



Mynd 23. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem eru í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum, myndlist eða leiklist einu sinni í viku eða oftar.

Tíðni þessarar ástundunar er heldur ekki há innan framhaldsskólanna. Á mynd 24 sjáum við að á bilinu 4% - 5% framhaldsskólanema segjast iðka myndlist, leiklist og hljómsveitarstarf 1 sinni í viku eða oftar.




Mynd 24. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem eru í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum, myndlist eða leiklist einu sinni í viku eða oftar.

Þessi niðurstaða gefur til kynna að íslensk ungmenni utan og innan framhaldsskóla eyði frítíma sínum á annan hátt en hér kemur fram.


Afþreying

Almennt má segja að ungmenni sem eru í framhaldsskóla eru líklegri en ungmenni utan hans til þess að taka þátt í skipulögðum tómstundum og afþreyingu (sbr. myndir 23 og 24). Eins og kemur fram hér á eftir eru utanskólanemar líklegri en framhaldsskólanemar til þess að fara í bæinn að kvöldi til en 34% þeirra segjast gera svo að minnsta kosti vikulega eða oftar borið saman við um 25% framhaldsskólanema (myndir 25 og 26). Hins vegar kemur ekki fram mikill munur á bæjarrölti ungmennanna né á fjölda heimsókna í leiktækjasali.



Mynd 25. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem rölta um og skoða í búðir, fara í bæinn að kvöldi til og fara í leiktækjasal, 1 sinni í viku eða oftar.


Um það bil fimmti hver einstaklingur segist rölta um og skoða í búðir þetta oft í viku en um það bil þriðji hver einstaklingur segist fara í bæinn að kvöldi til og/eða í leiktækjasali.



Mynd 26. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem röltu um og skoðu í búðir, fara í bæinn að kvöldi til og fara í leiktækjasal, 1 sinni í viku eða oftar.

Á mynd 26 getur að líta hlutfall framhaldsskólanema í þessu efni. Fram kemur afar lítill munur á hlutfalli ungmenna innan (23%) og utan (21%) framhaldsskóla sem segjast röltu um og skoðu í búðir vikulega eða oftar. Svipaða sögu er að segja um hlutfall ungmenna sem heimsækir leiktækjasali en um 4% ungmenna innan og utan framhaldsskóla segjast gera slíkt einu sinni í viku eða oftar. Hins vegar kemur fram meiri munur þegar spurt er um bærjarferðir að kvöldi til en fjórðungur framhaldsskólanema segist fara í bæinn að kvöldi til borið saman við um 34% utanskólafólks (myndir 25 og 26).


Ferðir í kvikmyndahús eru vinsæl tólmstundiðja meðal íslenskra ungmenna, sérstaklega framhaldsskólanema. Myndir 27 og 28 sýna hlutfall ungmenna sem fara í kvikmyndahús einu sinni í mánuði eða oftar.



Mynd 27. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fara í bíó einu sinni í mánuði eða oftár.


Eins og myndirnar bera með sér er þó nokkur munur á hlutfalli einstaklinga sem fara í bíó mánaðarlega eða oftár eftir því hvort þeir eru í framhaldsskóla eða ekki.

Þannig er hlutfall utanskólafólks sem fer í bíó þetta oft á bilinu 37 til 47% (sjá mynd 27) en hlutfall framhaldsskólánema er mun hærra, eða 68 til 73% (sjá mynd 28).



Mynd 28. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fara í bíó einu sinni í mánuði eða oftár.


Félagsfræðingar hafa löngum bent á tilvist svokallaðs skemmtanalífsstíls (party lifestyle) sem virðist að mörgu leyti hafa svipuð einkenni meðal ungmenna á Vesturlöndum. Slíkur lífsstíll einkennist meðal annars af því að sækja party, rúnta um á bíl, sækja rokktonleika, neyta áfengis og tóbaks⁶³ og bara „hangsa” eins og kemur fram í viðtölum við ungt fólk. Á mynd 29 kemur fram hlutfall ungs fólks utan framhaldsskóla sem segjast fara í party einu sinni í mánuði eða oftar. Á bilinu 48 til 64% svarenda staðhæfa þetta, en partíferðir eru algengari meðal yngstu ungmennanna (fædd 1984) en þeirra sem eldri eru.



Mynd 29. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fara í party einu sinni í mánuði eða oftar.


Hjá framhaldsskólanemum kveður við annan tón. Þar er hlutfall þeirra sem sækja party mánaðarlega eða oftar lægra hjá yngri nemendum en þeim sem eldri eru. Þetta þarf ekki að koma á óvart. Hvort tveggja er að á fyrsta skólaári í framhaldsskóla er námsálag oft meira en þegar ofar er komið, en þá eru nemendur að aðlagast auknu vinnuálagi sem fylgir framhaldsskólanámi. Á fyrsta ári hafa jafnframt ekki myndast þau tengsl meðal nemenda sem síðar hvetja þau til að hittast með reglulegu millibili.

⁶³ Þórólfur Þórlindsson, o.fl., 1998.




Mynd 30. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fara í partí einu sinni í mánuði eða oftár.

Að sögn námsráðgjafa í þessari rannsókn eru kaffihúsaferðir íslenskra ungmenna algeng afþreying. Þar sitja þau löngum stundum, jafnvel daglangt.




Mynd 31. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fara á kaffihús einu sinni í viku eða oftár.

Ekki kemur fram mikill munur á hlutfalli ungmenna sem fara á kaffihús einu sinni í viku eða oftár eftir því hvort þau eru í framhaldsskóla eða ekki. Á mynd 31 kemur fram að á bilinu 14 til 20% utanskólafólks fer á kaffihús þetta oft borið saman við um 8 til 18% nemenda í framhaldsskólum (mynd 32).




Mynd 32. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fer á kaffihús einu sinni í viku eða oftár.



Mynd 33. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fer á bari eða skemmtistaði einu sinni í viku eða oftár.

Á mynd 33 gefur að líta hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem fer á bari eða skemmtistaði vikulega eða oftár en á bilinu 12 til 22% þeirra staðhæfa þetta. Svipaða sögu er að segja um ungmenni í framhaldsskólum en hlutfall þeirra sem fer á slíka staði vikulega eða oftár er á bilinu 4 til 20%. Helst munar á hlutfalli ungmenna fædd 1984 en einungis 4% þeirra nemenda í framhaldsskólum fer á skemmtistaði einu sinni í viku eða oftár borið saman við um 12% utanskólafólks.



Mynd 34. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem fer á bari eða skemmtistaði einu sinni í viku eða oftar.

Samantekt

Niðurstöður okkar sýna að verulegur munur er á íþróttaiðkun ungmenna eftir því hvort þau eru í framhaldsskóla eða ekki. Sem dæmi má nefna segjast einungis 17% utanskólafólks stunda líkamrsækt 2 sinnum í viku eða oftar borið saman við um 27% nemenda í framhaldsskólum. Jafnframt eru framhaldsskólanemar líklegri en utanskólafólk til þess að stunda íþróttir með íþróttafélagi en 28% framhaldsskólanema segjast stunda íþróttir þetta oft borið saman við 14% utanskólafólks.

Hins vegar er ástundun skipulagðra tómsunda ekki mikil. Að meðaltali 4% framhaldsskólanema segjast stunda slíkar tómsundir borið saman við um 2% utanskólafólks. Þar af leiðandi eru líkur á því að íslensk ungmenni eyði frítíma sínum í einhverjar aðrar tómsundir en hér eru upptaldar.

Hins vegar er ýmisskonar afþreying tiltölulega vinsæl meðal ungs fólks þá sérstaklega partý, bíóferðir og bæjarferðir að kvöldi til. Niðurstöður okkar sýna að á bilinu 48-64% utanskólafólks fara í bíó að minnsta kosti mánaðarlega borið saman við um 66-72% framhaldsskólanema.

Andleg og líkamleg heilsa

Hér á eftir er fjallað um andlegt og líkamlegt atgervi ungs fólks innan og utan framhaldsskóla. Í skýrslunni er miðað við mat ungmennanna á heilsu sinni en ekki

faglegt mat, þ.e.a.s ekki er verið að spyrja um sjúkdóma og slys heldur eru þau beðin að meta heilsu sína á kvarðanum mjög góð, góð, sæmileg eða léleg.

Andleg heilsa

Erlendar rannsóknir hafa bent til þess að geðraskanir ungs fólks séu vaxandi vandamál víða á Vesturlöndum.⁶⁴ Sömu rannsóknir hafa jafnframt sýnt að andleg heilsa er að hluta félagslega skilgreint fyrirbæri. Þannig er til að mynda ljóst að þunglyndi og kvíði eru sjúkdómar sem að einhverju leyti eru sprotnir upp úr þeim aðstæðum sem fólk býr við.⁶⁵ Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á sterkt samband milli geðröskunar og stéttarstöðu einstaklinga. Fólk í lægri stigum þjóðfélagsins (low social-economic status) er líklegra til þess að þjáist af geðsjúkdómum, svo sem þunglyndi og kvíða, en fólk í hærri stéttarstöðu.⁶⁶ Aukin streita (social stress), meðal annars tengd fjárhagsáhyggjum og erfiðleikum ýmsum í atvinnulífi, eru í erlendum rannsóknum taldar veigamiklar ástæður sjúkdómsins. Þá eru oft dæmi um það að heilu fjölskyldurnar þjáist af þunglyndi.⁶⁷

Í Bandaríkjunum er nú talið að um 28 % fólks finni fyrir einkennum þunglyndis ár hvert.⁶⁸ Hér á landi er talið að þunglyndi hafi vaxið töluvert á undanförunum árum þó ekki sé að finna skýrar tölur um það. Hins vegar kemur fram að greining og meðferð geðdeyfðar (þunglyndis) hefur aukist mikið hér á landi. Í samanburðarskýrslu landlæknisembættisins á Íslandi (2000) kemur fram að notkun þunglyndislyfja, eða geðdeyfðarlyfja eins og þau eru oft kölluð, er nokkuð hærri en gerist og gengur hjá öðrum norrænum þjóðum. Árið 1997 til að mynda voru daglegir notendur slíkra lyfja á Íslandi um 45 neytendur per 1000 íbúa borið saman við á bilinu 21 – 34 neytendur per 1000 íbúa á hinum Norðulöndunum.⁶⁹ Þá eru ótaldir þeir einstaklingar sem leita sér ekki hjálpar en samkvæmt erlendum heimildum eru þeir margir.⁷⁰

Í viðtölum við sérfræðinga innan skólakerfisins kemur fram að þunglyndi sé vaxandi vandamál meðal ungmenna á Íslandi.

⁶⁴ Siegel, 1999.

⁶⁵ Sjá m.a. Turner og Lloyd, 1995; Turner, Wheaton og Lloyd, 1999.

⁶⁶ Sama heimild, bls. 138

⁶⁷ Sama heimild, bls. 149

⁶⁸ Cockerham, William C. (1996). *Sociology of Mental Disorder* (Fourth Edition), bls. 1. NJ: Prentice-Hall Inc.

⁶⁹ Páll Tryggvason, o. fl. (2000). *Börn og unglingar með geðræn vandamál – þjónusta utan sjúkrastofnana*. Skýrsla starfshóps Landlæknisembættisins.


⁷⁰ Cockerham (1996), bls. 1

„...það er alltof mikið um alvarlegt þunglyndi hjá ungu fólki í dag. Það eru ótrúlega margir sem við erum að senda frá okkur upp á geðdeild eða beint til geðlæknis því við sjáum að ástandið er orðið ansi slæmt...”

Ekki er ólíklegt að áreiti nútímans, auknar kröfur um að standa sig í harðri samkeppni um fallega líkamsímynd og aukin „lífsgæði” auk síðri tengsla milli kynslóða séu sá streituvaldur sem íslensk ungmenni kljást mörg við og eigi ríkan þátt í vanlíðan margra þeirra.


Í utanskólakönnuninni 2001 kemur fram að rétt tæp 16% svarenda segjast taka geðlyf núna eða hafa tekið þau einhvern tíman um ævina og hætt því (ekki sýnt á mynd). Til samanburðar má geta þess að hlutfall framhaldsskólanema sem segjast vera í þessum sporum er öllu lægra eða rétt rúm 4%.

Á myndum 35 og 36 kemur jafnframt fram hlutfall ungs fólks innan og utan framhaldsskóla sem segir að andleg heilsa þeirra sé ekki góð, þ.e. annaðhvort sæmileg eða léleg. Fyrri myndin (35) sýnir hlutfall utanskólafólks sem staðhæfir þetta en á bilinu 32-38% þeirra segja að andleg heilsa þeirra sé annaðhvort sæmileg eða léleg.




Mynd 35. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem segir að andleg heilsa þeirra sé sæmileg eða léleg.

Lægra hlutfall nemenda í framhaldsskólum en utanskóla heldur þessu fram. Á mynd 36 kemur fram hlutfall framhaldsskólanema sem telja andlega heilsu sína ekki góða. Eins og sést á myndinni segir á bilinu 20 til 21% framhaldsskólanema að andleg heilsa þeirra sé annaðhvort sæmileg eða léleg.




Mynd 36. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem segir að andleg heilsa þeirra sé sæmileg eða léleg.

Þessi niðurstaða gefur vísbendingu um það að ungt fólk utan framhaldsskóla sé líklegra en framhaldsskólanemar til þess að líða illa. Í báðum hópum er hlutfallið hins vegar hátt. Á næstu myndum sjáum við hlutfall ungmenna innan og utan framhaldsskóla sem grætur sjaldan, er sjaldan einmana og er sjaldan eða nær aldrei leitt eða hefur lítinn áhuga á að gera hluti.



Mynd 37. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem segjast stundum eða oft hafa lítinn áhuga á að gera hluti, stundum eða oft grét auðveldlega eða langaði til þess að gráta og voru stundum eða oft einmana (miðað við síðustu viku)

Eins og sjá má á myndum 37 til 38 eru ungmenni utan framhaldsskóla líklegri en ungmenni innan framhaldsskóla til þess að finna stundum eða oft til leiða eða hafa lítinn áhuga á að gera hluti, átt auðvelt með að gráta langað til þess að gráta og hafa stundum eða oft verið einmana. Hlutfall utanskólafólks í þessum sporum er á bilinu 27 til 51% (mynd 37) sem er nokkuð hærra en hlutfall jafnaldra þeirra í framhaldsskólum (17 til 35%) (mynd 38).



Mynd 38. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem segjast stundum eða oft hafa lítinn áhuga á að gera hluti, stundum eða oft grét auðveldlega eða langaði til þess að gráta og voru stundum eða oft einmana (miðað við síðustu viku)

Samtöl við ungt fólk utan íslenskra framhaldsskóla styðja þessar niðurstöður. Þunglyndi, kvíði, ofvirkni og aðrar persónuleikatrúflanir virðist há mörgum viðmælendum í þessari rannsókn. Að sögn sérfræðinga eru líkur á því að þessi vandi hamli velgengni unga fólksins í námi og starfi. Fram kemur hjá sumum viðmælendum að þunglyndi sé líka að finna hjá öðrum fjölskyldumeðlimum, stundum hjá öllum. Orð átján ára gamallar stúlku bera vitni um þetta:

„...mamma er á lyffjum og ég held að pabbi sé líka þunglyndur þótt ég viti ekki hvort hann sé á lyffjum...jú það er svolítið mikið þunglyndi...ég held að amma hafi líka verið þunglynd...stóra systir mín er líka á lyffjum...”

Stúlkan segir enn fremur að í ofanálag sé öll fjölskyldan haldin lesblindu, það er að segja báðir foreldrarnir og börnin fjögur. Vegna alls þessa hefur nám hennar beðið

hnekki og í dag er hún ekki í skóla. Annar viðmælanda, ungur piltur, sem var ofvirkur í æsku en þjáist nú af þunglyndi og er á lyfjum á foreldra sem báðir eru með geðhvarfasýki (manic depression) og eru einnig við slæma líkamlega heilsu. Pilturinn lýsir þessu svo:

„Þau [foreldrarnir] eru bæði þunglynd....reyndar eru þau manic depressive [einnig eru þau]100% öryrkjar...pabbi er með MS og mamma er bæði sykursjúk og með nýrnasjúkdóm”

Meirihluti þeirra ungmenna sem viðtölin eru tekin við í þessari rannsókn eiga við andlega vanlíðan af einhverju tagi að stríða. Sérfræðingar og námsráðgjafar sem rætt var við, eru jafnframt þeirrar skoðunar að slíkum vandamálum fari fjölgandi. Haft er eftir sérkennara í Reykjavík:


„Mér finnst þessi hópur fara stækkandi. Að minnsta kosti verð ég alltaf sífellt meira var við þennan hóp...þetta eru krakkar sem hafa ekki framkvæmdasemi til þess að sækja skóla hvað þá að bera sig eftir einhverju öðru...”

Námsráðgjafi í Hafnarfirði tekur undir þessi orð og segir að það hafi komið henni á óvart hvað „hópurinn er rosalega stór,” en verulegum hluta af hennar tíma er varið í ungmenni með þunglyndisvandamál sem og annan hegðunarvanda. Hún segir:

„það er verið að greina fleiri og fleiri ofvirka [í grunnskólanum] og auðvitað heldur þetta síðan áfram í framhaldsskólunum...það er ákveðið hlutfall sem heldur áfram námi og athyglisbresturinn er alltaf hamlandi”


Líkamleg heilsa

Á myndum 39 og 40 kemur fram hlutfall ungmenna innan og utan framhaldsskóla sem segja að líkamleg heilsa þeirra sé sæmileg eða léleg. Eins og myndirnar leiða í ljós kemur fram munur á hlutfalli ungmenna sem segja svo um heilsu sína eftir því hvort þau eru í framhaldsskóla eða ekki.



Mynd 39. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem finnst líkamleg heilsa þeirra vera sæmileg eða léleg.

Fyrri myndin sýnir að á bilinu 22 til 42% utanskólafólks segja að líkamleg heilsa þeirra sé sæmileg eða léleg borið saman við 21 til 25% framhaldsskólanema (mynd 40). Athygli vekur að mat ungs fólks utan framhaldsskóla á líkamlegri heilsu sinni er breytilegt eftir aldri. Þannig kemur fram að 42% ungmenna fædd árið 1984 staðhæfa þetta borið saman við um 22% ungmenna fædd árið 1981. Hins vegar kemur þetta mynstur ekki fram meðal nemenda í framhaldsskólum (mynd 40).



Mynd 40. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem finnst líkamleg heilsa þeirra vera sæmileg eða léleg.

Samantekt

Punglyndi og andleg vanlíðan er vaxandi vandamál á Vesturlöndum. Ísland hefur ekki farið varhluta af þessari þróun en greining og meðferð geðdeyfðar hefur aukist mjög hér á landi. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á sterkt samband milli geðröskunar og stéttarstöðu einstaklinga. Niðurstöður íslenskra rannsókna renna stoðum undir þetta en í utanskólakönnuninni 2001 og framhaldsskólakönnuninni 2000 kemur fram að rétt tæp 16% utanskólafólks segjast taka geðlyf núna eða hafa tekið þau einhvern tímann um ævina og hætt því. Til samanburðar má geta þess að hlutfall framhaldsskólanema sem segjast vera í þessum sporum er öllu lægra eða rétt rúm 4%.

Þessu til viðbótar er utanskólafólk líklegra en framhaldsskólanemar til þess að segja að andleg heilsa þeirra sé annaðhvort sæmileg eða léleg. Þeir eru líklegri til þess að hafa verið leiðir í síðustu viku og hafa grátið eða langað til þess að gráta. Einmanaleiki virðist einnig vera meira ráðandi meðal utanskólafólksins en 36% þeirra segjast stundum eða oft hafa verið einmana í síðustu viku borið saman við um helmingi færri framhaldsskólanema (17%).

Þó þessar niðurstöður gefi okkur ekki vísbendingar um þróun andlegrar líðanar ungs fólks yfir tíma er ljóst að það er verulegur munur á andlegri líðan ungs fólks eftir því hvort þau eru í framhaldsskóla eða ekki. Þó erfitt sé að alhæfa um orsakasamband þarna á milli (þ.e. að hætta námi veldur aukinni vanlíðan) benda niðurstöður viðtalsrannsóknarinnar til þess að hér sé um að ræða margþætt vandamál sem á upptök sín löngu áður en unga fólk kemst á framhaldsskólaaldur.

Hins vegar vekur athygli að líkamleg heilsa ungs fólks er mismunandi eftir því hvort þau eru í framhaldsskóla eða ekki. Hugsast gæti að sæmileg eða léleg líkamleg heilsa réði einhverju um það hvort ungt fólk hæfi nám í framhaldsskóla eður ei. Það er þó ekki líklegt að það eigi við í þessu tilviki þar sem mat utanskólafólks á líkamlegri heilsu sinni er breytilegt eftir aldri. Yngstu ungmennin eru töluvert líklegri en elsti árgangurinn til þess að meta líkamlega heilsu sína sem sæmilega eða lélega. Þetta bendir til þess að hér sé um að ræða flókið samspil hlutlægs og huglægs mats unga fólksins á heilsu sinni, þ.e.a.s. viðhorf unga fólksins til heilsu sinnar þarf ekki endilega að byggja á „læknisfræðilegum staðreyndum,” ef svo má að orði komast, um heilsu þeirra heldur getur verið um persónulega upplifun þeirra að ræða.

Vímuefnaneysla

Bæði innlendar og erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að ungmenni sem ekki eru í sterkum tengslum við umhverfi sitt er mun hættara við vímuefnaneyslu en öðrum.⁷¹ Í ljósi umræðunnar hér að framan um mikilvægi þess að ungt fólk sé í tengslum við skólaflokkinn samfélagsins kemur ekki á óvart að í þessari rannsókn sjáum við skýran mun á vímuefnaneyslu ungmenna sem stunda nám í framhaldsskólum annars vegar og ungmenna sem eru ekki í framhaldssnámi hins vegar.


Félagsfræðingar hafa löngum bent á það að neysla áfengis og annarra vímuefna er meðal þeirra þátta í daglegu lífi unglunga sem hvað best spáir fyrir um slæmt námsgengi. Sama á við þegar litið er til þátta eins og líðanar í skóla og afstöðu til skólaflokkans. Unglingar sem neyta áfengis og annarra vímuefna eru ekki aðeins líklegri til að standa sig verr í námi, heldur líður þeim verr og búa yfir neikvæðari afstöðu til skólans en unglingar sem ekki neyta áfengis. Í rannsókn sem gerð var hér á landi árið 1997 kom í ljós að því fyrr sem unglingar hefja neyslu áfengis því lakari verður námsárangur þeirra við lok grunnskóla. Rannsóknin leiddi í ljós að þeir unglingar sem byrjuðu að drekka ungir voru líklegri en hinir sem byrjuðu síðar til þess að leiðast út í neyslu annarra vímuefna þegar fram í sótti. Staða þessara unglunga var í alla staði síðri en annarra, þeim leið verr í skóla, þeir höfðu litla skuldbindingu við námið og þeir voru líklegri til þess að hafa þegar í grunnskóla hafið neyslu annarra vímuefna. Allir þessir þættir, slæmt námsgengi, lítil skuldbinding við nám, slæm líðan í skóla og ólögleg vímuefnaneysla vega auðvitað þungt þegar kemur að því að skoða hverjir ljúka námi og hverjir ekki.

Reykingar

Hér á eftir eru sýndar niðurstöður úr spurningakönnunum 2000 og 2001 á hlutfalli ungs fólks innan og utan framhaldsskóla sem reykir daglega, drekkur áfengi og neytir annarra ólöglegra vímuefna. Jafnframt verður gripið niður í búta úr viðtalsrannsókninni þar sem það á við.


Myndir 39 og 40 sýna hlutfall ungmenna utan og innan framhaldsskóla sem reykja daglega. Á fyrri myndinni kemur fram að hlutfall utanskólafólks sem reykir daglega er á bilinu 45 til 51%.

⁷¹ Sjá m.a. Þórólfur Þórlindsson, o.fl. 1998, Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999.



Mynd 41. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem reykja daglega.


Framhaldsskólanemar eru síður líklegir en ungmenni utan skóla til þess reykja daglega en hlutfall þeirra er á bilinu 17 til 21% (mynd 42). Hins vegar eiga framhaldsskólanemar það sameiginlegt með utanskólafólki að daglegar reykingar eru ekki mjög breytilegar eftir aldri.



Mynd 42. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem reykja daglega.


Áfengisneysla

Á myndum 43 og 44 má sjá hlutfall ungmenna utan og innan framhaldsskóla sem hafa orðið drukkin einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga.



Mynd 43. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa orðið drukkin einu sinni eða oftar sl. 30 daga.

Eins og mynd 41 ber með sér hafa um það bil tveir af hverjum þremur ungmennum utan skóla orðið drukkin einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga en hlutfall þeirra er á bilinu 61 til 66%.




Mynd 44. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa orðið drukkin einu sinni eða oftar sl. 30 daga.

Á mynd 44 kemur fram að á bilinu 55 til 72% nemenda í framhaldsskólum segjast hafa orðið drukkin einu sinni eða oftar sl. 30 daga. Þótt þetta sé tiltölulega svipað

hlutfall og kemur fram hjá ungu fólki utan framhaldsskóla fer neysla framhaldsskólanema meira eftir aldri ungmennanna en neysla utanskólafólks. Þannig má segja að ölvunardrykkja framhaldsskólanema aukist talsvert með hækkandi aldri.

Svipað mynstur kemur fram þegar litið er til neyslu ungmenna á heimabruggi og landa þrisvar sinnum eða oftar um ævina. Sá mælikvarði er notaður til að skoða þann hóp ungmenna sem hefur ekki bara prófað að neyta heimabruggs/landa heldur hefur neytt þess oftar. Eins og almenn umræða í samfélaginu bendir til hefur neysla á heimabruggi og landa löngum verið áhyggjuefni margra íslenskra foreldra. Það er vel hugsanlegt að slíkar áhyggjur hafa ýtt einhverjum foreldrum út á þá braut að versla áfengi fyrir börnin sín til þess að forða þeim frá landadrykkju. Orð átján ára gamals þilts bera vitni um þetta:


„[M]amma fór í ríkið fyrir okkur og keypti vín af því að við vorum farin að drekka svo mikinn landa og þarna drukkum við og skemmtum okkur mjög vel”



Mynd 45. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað heimabruggi/landa þrisvar sinnum eða oftar um ævina.

Myndir 45 og 46 sýna að neysla utanskólafólks á heimabruggi og landa er hærri en neysla framhaldsskólanema. Neysla fyrrefnda hópsins liggur á bilinu 49 til 56% en neysla síðarnefnda hópsins á bilinu 25 til 39%. Hins vegar eykst neysla

framhaldsskólanema á heimabruggi og landa með hækkandi aldri, sem er öfugt við jafnaldra þeirra utan framhaldsskóla.



Mynd 46. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað heimabrugg/landa þrisvar sinnum eða oftar um ævina.

Hassneysla

Niðurstaða erlendra og íslenskra rannsókna⁷² hafa leitt í ljós að unglingar ánetjast vímuefnum í ákveðinni röð. Þannig byrja þeir yfirleitt á neyslu áfengis og að reykja sígarettur en hefja í kjölfarið neyslu sterkari efna. Þegar ungt fólk verður háð nýju efni segir það auk þess ekki skilið við fyrri efni.⁷³ Stúlka í Reykjavík lýsir þessu svona:


„[Þ]egar ég byrjaði að reykja [hass] þá var þetta bara svona æi, af hverju ekki? Ég var eitthvað að drekka og þau að reykja og svo allt í einu langaði mig bara til þess að prófa”

Annar viðmælanda tekur undir orð stúlkunnar og segir að fíkniefnaneytendur hefji neyslu fíkniefna í ákveðinni röð „þetta er allt bara tröppugangur, eitt [efni] leiðir af öðru.” Hann segist ennfremur ekki hafa hætt að reykja hass þó hann hafi fljótlega bætt neyslu annarra efna við. Reyndar segist hann hafa notað hass „til þess að reykja sig niður” eftir mikla neyslu á sterkari efnum.

⁷² Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson, 1997.


⁷³ Þórólfur Þórlindsson, o.fl., 1998.

Á myndum 47 og 48 má sjá hlutfall ungmenna innan og utan framhaldsskóla sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina. Eins og myndirnar bera með sér er talsverður munur á neyslu ungmennanna eftir því hvort þau eru í framhaldsskólahópnum eða í utanskólahópnum. Eins og sjá má á mynd 47 er hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hefur notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina á bilinu 25% til 32%.



Mynd 47. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina.

Á mynd 47 kemur fram hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina er mun lægra en hjá utanskólaþólki en neysla þeirra er bilinu 6 til 17%.




Mynd 48. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina.

Neysla annarra ólöglegra vímuefna


Myndir 49 til 51 sýna hlutfall ungmenna innan og utan framhaldsskóla sem hafa notað svefntöflur/róandi án lyfseðils læknis og E-töflur þrisvar sinnum eða oftar um ævina. Þessu til viðbótar er neysla á kókaíni, sveppum sem vímuefni og sniffi (t.d. lím) einu sinni eða oftar um ævina skoðuð.

Þegar á heildina er litið er neysla þessara efna heldur algengari meðal ungmenna utan framhaldsskóla en innan.




Mynd 49. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað svefntöflur eða róandi lyf án lyfseðils læknis þrisvar sinnum um ævina eða oftar.

Á myndum 49 og 50 kemur fram að hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað svefntöflur eða róandi lyf án lyfseðils læknis þrisvar sinnum eða oftar um ævina er öllu hærra en kemur fram hjá ungu fólki innan framhaldsskóla. Um það bil tíundi hver einstaklingur utan framhaldsskóla segist hafa neytt slíkra efna þetta oft um ævina borið saman við um einn af hverjum tuttugu innan framhaldsskólanna.




Mynd 50. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað svefntöflur eða róandi lyf án lyfseðils læknis þrisvar sinnum um ævina eða oftar.

Það vekur athygli að fleiri yngri ungmenni (fædd 1984) en eldri í utanskólahópnum segjast hafa neytt slíkra lyfja þetta oft um ævina, eða um 15% þeirra borið saman við um 6 til 11% eldri ungmenna. Slíkt mynstur kemur ekki fram hjá framhaldsskólanemendum og því er ekki hægt að skýra þennan mun á grundvelli þess að algengi slíkrar lyfjanotkunar sé að aukast.




Mynd 51. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað E-töflur þrisvar sinnum um ævina eða oftar.

Líkt og með svefntöflur og róandi lyf án lyfseðils er mun algengara að ungmenni utan framhaldsskóla hafi neytt E-taflna þrisvar sinnum eða oftar um ævina. Á bilinu 6 til 13% ungmenna utan framhaldsskóla hafa neytt E-taflna þetta oft (mynd 51) samanborið við innan við 2% ungmenna innan framhaldsskóla (sjá mynd 52).




Mynd 52. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað E-töflur þrisvar sinnum um ævina eða oftar.

Sömu sögu er að segja um neyslu á kókaíni einu sinni eða oftar um ævina en slík neysla er áberandi meiri meðal ungmenna utan framhaldsskóla en innan (mynd 53).




Mynd 53. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað kókaín einu sinni um ævina eða oftar.

Á mynd 53 kemur fram að hlutfall ungmenna í utanskólahópnum sem segist hafa neytt kókaíns einu sinni um ævina eða oftár er á bilinu 8 til 20% borið saman við um 2 til 7% framhaldsskólanema (mynd 54).




Mynd 54. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað kókaín einu sinni um ævina eða oftár.

Á myndum 55 og 56 er að sjá neyslu ungmenna á sveppum sem vímuefni einu sinni eða oftár um ævina.




Mynd 55. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað sveppi sem vímuefni einu sinni um ævina eða oftár.

Fyrri myndin (55) sýnir að á bilinu 3 til 16% ungmenna utan framhaldsskóla segjast hafa neytt efnisins borið saman 3 til 6% nemenda í framhaldsskólum (mynd 56).




Mynd 56. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað sveppi sem vímuefni einu sinni um ævina eða oftár.

Notkun sniffefna er einnig algengari meðal ungmenna utan framhaldsskóla en meðal framhaldsskólanema.



Mynd 57. Hlutfall ungmenna utan framhaldsskóla sem hafa notað sniffefni (t.d. lím) einu sinni um ævina eða oftár.

Á mynd 57 kemur fram að hlutfall utanskólafólks sem hefur notað sniff einu sinni eða oftár um ævina er á bilinu 9 til 11% borið saman við um 4 til 5% neyslu meðal framhaldsskólanema (mynd 58).



Mynd 58. Hlutfall ungmenna innan framhaldsskóla sem hafa notað sniffefni (t.d. lím) einu sinni um ævina eða oftar.

Samantekt

Að ölvunardrykkju undanskilinni er neysla á vímuefnum heldur algengari meðal ungmenna utan framhaldsskóla en innan hans. Niðurstöður leiða í ljós að utanskólafólk er líklegra en framhaldsskólanemar til þess að reykja daglega, neyta heimabruggs og svefntaflna án lyfseðils læknis. Jafnframt eru ungmenni utan framhaldsskóla líklegri en ungmenni innan hans til þess hafa neytt hass og E-taflna að minnsta kosti þrisvar sinnum um ævina. Þá eru þau líklegri til þess að hafa neytt kókaíns, sveppa sem vímuefnis og sniffað einu sinni eða oftar um ævina. Þessi niðurstaða rennir stoðum undir þá kenningu félagsfræðinnar að skólinn sé mikilvægur í því tilliti að forða ungu fólki frá neikvæðum lífsstíl vímuefnaneyslu. Mikilvægt er að benda á að þó námsárangur nemenda ráðist oft af þáttum sem liggja utan skólans gerir vímuefnavandi ungs fólks oft fyrst vart við sig í skólanum. Fjarvistir nemenda og önnur vandamál í skóla eru oft fyrstu einkenni um að unglingur sé byrjaður að neyta vímuefna. Mikilvægt er að gripið sé inn í sem allra fyrst sé um slíkt að ræða. Skólastofnanir verða að hafa úrræði til þess að aðstoða unga vímuefnaneytendur ef vel á að fara. Þó einhver úrræði séu þegar til innan kerfisins segja sérfræðingar að þau séu ekki nægjanlega öflug. Að sögn námsráðgjafa í Reykjavík skortir úrræði handa vímuefnaneytendum sem enn eru á skólaskyldaldri. Einn viðmælenda, sautján ára gamall piltur í Reykjavík, flosnaði upp úr námi í 8. bekk grunnskóla vegna

vímuefnaneyslu. Hann var „tekinn fyrir að selja fíkniefni á skólalóðinni” og var í framhaldi rekinn úr skóla. Þá fluttist hann á Rauða Kross húsið í Reykjavík þar sem hann dvaldist í þrjá og hálfan mánuð. Reyndar gerði brottreksturinn vímuefnaneysluna auðveldari þar sem pilturinn þurfti ekki að sitja á skólabekk á daginn. Hann segir:

„Hún [neyslan] verður veruleg þegar mér er vísað úr skóla og flyt á Rauða Kross húsið í bænum og var ekki í neinum skóla eða neitt í fleiri mánuði...við þurftum alltaf að vera komin út úr húsinu klukkan hálf níu og þá kynntist ég krökkum sem voru í neyslu og byrjaði í dagneyslu”

Viðmælandinn segir ennfremur að neyslan hafi gert það að verkum að hann sinni ekki náminu. Hann fór í skólann skyldunnar vegna en ekki vegna námsáhuga eða viðleitni til þess að standa sig vel. Þetta hafði þær afleiðingar að í dag skortir hann þá grundvallarþekkingu sem þarf til þess að komast í gegnum framhaldsskólanám.

Lokaorð

Hér að framan hafa verið kynntar niðurstöður viðamikilla rannsókna á aðstæðum íslenskra ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára. Athygli okkar hefur beinst að því að draga upp mynd af högum þeirra ungmenna sem standa utan framhaldsskólans í samanburði við ungmenni sem stunda nám í framhaldsskólum. Leitast hefur verið við að koma til skila sem mestu af grunnupplýsingum um stöðu þessara tveggja hópa ungs fólks. Hér er um allflokinn samanburð að ræða sem fáir hafa ráðist í áður vegna þess hve erfitt er að ná til þess hóps sem stendur utan skóla á þessu aldurskeiði. Eftir stendur að æskilegt væri að dýpka enn frekar skilning okkar á aðstæðum þess hóps sem stendur utan skóla. Þetta mætti gera með því að skoða tengsl tiltekinna þátta líkt og fjölskylduaðstæður við aðra þætti í lífi þessa ungmenna eins og frávíkshæðun.

Niðurstöður okkar leiða í ljós að hagir og líðan þeirra ungmenna sem ekki stunda nám við framhaldsskóla eru síðri en þeirra ungmenna sem stunda nám í framhaldsskólum.

Það er samdóma álit þeirra sem rætt var við að stór hluti þess hóps sem stendur utan skólans hafi átt við námserfiðleika að stríða. Þessir sömu aðilar segja þó oft erfitt að greina á milli þess hvort um sértæka námsörðugleika sé að ræða eða hvort rekja megi námserfiðleikana til bágborinna félagslegra aðstæðna. Rannsóknirnar leiða í ljós að tengsl þessara ungmenna við fjölskyldur sínar eru veikari en annarra ungmenna.

Margir viðmælenda kvörtuðu þannig undan skorti á stuðningi frá foreldrum. Þessi niðurstaða þarf ekki að koma á óvart þar sem rannsóknir okkar hafa áður leitt í ljós að stuðningur foreldra, eftirlit og aðhald er veigamikill þáttur í því að tryggja velferð íslenskra ungmenna. Fyrri rannsóknir okkar hafa jafnframt leitt í ljós mikilvægi skipulags tómsunda- og íþróttastarfs. Hér kemur fram verulegur munur á íþróttaiðkun ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára eftir því hvort þau eru í framhaldssnámi eða ekki. Þannig eru þau ungmenni sem standa utan skóla síður líkleg til þess að stunda íþróttir en ungmenni innan skóla. Almennt má því segja að fyrrgreind ungmenni skorti tengsl við hinar ýmsu stofnanir samfélagsins. Hér er því ekki eingöngu um að ræða skort á tengslum við skólann heldur einnig við fjölskylduna, vinnumarkaðinn og jafningjahópinn. Þá virðast þau síður leita aðstoðar til stuðningsaðila samfélagsins eins og námsráðgjafa, fulltrúa félagsþjónustu og heilbrigðiskerfis og unglíngaráðgjafa félagsmiðstöðvanna.

Sé litið til andlegrar heilsu ungs fólks utan framhaldsskóla kemur í ljós að hún er síðri en framhaldsskólanema. Þau virðast líklegri til að finna til ýmissa þunglyndiseinkenna svosem einmanaleika og leiða. Í viðtölum við sérfræðinga kemur fram að hér er greinilega um vaxandi vanda að ræða meðal ungs fólks. Loks leiða rannsóknirnar í ljós að vímuefnaneysla þess hóps sem stendur utan framhaldsskóla er meiri en þeirra sem stunda nám í framhaldsskólum. Þau eru líklegri en framhaldsskólanemar til þess að hafa notað allar tegundir ólöglegra vímuefna. Niðurstöður þessara nýju rannsókna koma ekki á óvart. Eins og fyrri rannsóknir okkar hafa leitt í ljós eru ungmenni sem eru síður tengd hinum ýmsu stofnunum samfélagsins líklegri til þess að eiga við frávíksvanda að stríða svo sem bága andlega líðan og vímuefnaneyslu.

Hér ber að ítreka að ekki er um einsleitan hóp ungmenna að ræða en fyrrgreind lýsing virðist þó eiga við um stóran hluta hans. Athygli okkar hefur beinst að ungu fólki innan og utan framhaldsskólakerfisins. Þó er greinilegt að fyrrgreindur vandi þess hóps sem stendur utan skólans á sér oft ekki rætur að rekja innan veggja hans heldur til annarra samfélagsþátta. Þá er ljóst að vandi þessa unga fólks er í flestum tilvikum ekki nýr af nálinni heldur má rekja hann langt aftur í tíma.

Þessar niðurstöður eru þýðingarmikið tæki þeim stofnunum og einstaklingum sem móta og framkvæma stefnu í málefnum ungs fólks á Íslandi. Þrátt fyrir löggjöfina „framhaldsskóli fyrir alla“ frá árinu 1988 er ljóst að það er hópur ungs fólks í samfélaginu sem festir ekki rætur í íslenskum framhaldsskólum. Ennfremur eru

vísbendingar um það að þessi ungmenni eigi erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum. Ef unnt á að vera að hjálpa þessu fólki er nauðsynlegt að safna tölfræðilegum upplýsingum um fjölda þeirra. Að sögn starfsmanns Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur er erfitt að nálgast slíkar upplýsingar hér á landi, sérstaklega hvað varðar ungt fólk á aldrinum 16 til 18 ára. Helsta ástæðan er sú að ungmenni á þessu aldurskeiði hafa ekki rétt til atvinnuleysisbóta og eru þar af leiðandi ólíkleg til þess að vera á atvinnuleysissskrá. Þetta hefur þær afleiðingar að erfitt er að koma auga á ungt fólk sem hvorki er í skóla né í vinnu en slíkar upplýsingar eru nauðsynleg forsenda gæfuríkrar stefnumótunar í málefnum þeirra

Annar þáttur sem vert er að benda á er að allar lagasetningar af hálfu stjórnvalda, jafnt stórar sem smáar, hafa veruleg áhrif á aðstæður fólks úti í samfélaginu. Hér er sérstaklega vísað til framhaldsskólalöggjafarinnar árið 1988 sem hefur verið nefnd „framhaldsskóli fyrir alla.” Eins og áður segir var eitt af mörgum markmiðum laganna það að gera framhaldsskólann aðgengilegri ungu fólki hvort sem það hefur náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi eður ei. Þó erfitt sé að meta bein og óbein áhrif þessarar löggjafar á aðstæður ungs fólks í dag er hugsanlegt að með þessu hafi vandi þeirra í skóla magnast verulega. Eins og niðurstöður viðtalsrannsóknarinnar (2003) benda til er vandi ungs fólk utan framhaldsskóla oftast en ekki námserfiðleikar af ýmsum toga. Þessir erfiðleikar eru ekki nýjir af nálinni heldur virðast eiga rætur langt aftur í tímann. Að gera þessu unga fólki kleift að hefja framhaldssnám er ekki endilega lausn á vanda þeirra heldur þvert á móti. Þeir sérfræðingar sem talað var við í þessari rannsókn eru sammála um það að vandi ungs fólks sem á við námserfiðleika að etja gerir lítið annað en að stækka þegar komið er í framhaldsskóla. „Að byrgja brunninn áður en barnið dettur í hann” er máltæki sem á vel við í þessu tilviki en æskilegt er að íslenskt skólakerfi leggi áherslu á að leysa vanda þessara barna og unglinga áður en þau hefja framhaldsskólanám.

Heimildir

- Agresti, A. 1996. An introduction to categorical data analysis. New York: Wiley
- Anna Ingeborg Pétursdóttir, o.fl. (2002). *Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur. Könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd.* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
- Astone, N.M. and Upchurch, D.M. (1994). Forming a Family, Leaving School Early, and Earning a GED: A Racial and Cohort Comparison. *Journal of Marriage and the Family*, Vol. 56, No. 3., bls. 759-771.
- Babbie, E. 2001 *The Practice of Social Research* 9th Edition. Belmont, CA: Wadsworth
- Bryndís Björg Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2001). *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess.* Áfangaskýrsla. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Bryndís Guðmundsdóttir (2002). Eftirfylgdarþjónusta. Ráðgjöf við ungt fólk í Hafnarfirði. Óbirt áfangaskýrsla
- Catterall, J. (1985). *On the Social Costs of Dropping Out of School.* Stanford, CA: Stanford University Press.
- Cockerham, William C. (1996). *Sociology of Mental Disorder* (Fourth Edition), bls. 1. NJ: Prentice-Hall Inc.
- Coleman, James S. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94: 95-123.
- Farkas, George (2003). Cognitive Skills and Noncognitive Traits and Behaviors in Stratification Processes. To appear, *Annual Review of Sociology*.
- Fein, D. J. (1990) Racial and Ethnic Differences in U.S. Census Omission Rates Demography, Vol. 27, No. 2. pp. 285-302.
- Gerður G. Óskarsdóttir (1993). *Hætt í skóla. Nám og aðstæður nemenda sem hætta í skóla eftir tvö ár í framhaldssnámi eða fyrr.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson (1993). "Fólksfjölda- og byggðapróun 1880 – 1990," bls. 106 í Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson (ritsj.) *Íslensk þjóðfélagspróun 1880 – 1990.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands (ýmis ár) Landshagir.
- Hagstofa Íslands (2001). Vefsíður Hagstofunnar www.hagstofa.is. Tafla 2.33 Frjósemi kvenna 1956-2000.
- Hagstofa Íslands (1997) *Hagskinna - sögulegar hagtölur um Ísland frá 17. öld fram til 1990*
- Hirschi, T. (1969). *Causes of Delinquency.* Los Angeles: University of California Press.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir (1999). *Staða pílta og stúlkna í skóla og utan hans.* Samfélagstíðindi, bls. 41-42.

- Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson (1997). Áfengi, aldur og vímuefnaneysla. *Áhrif*, 2, bls. 4-9.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Farkas, George og Silver, Eric. (væntanlegt 2003). The Role of Depressed Mood and Anger in the Relationship between Family Conflict, Delinquent Behavior and School Performance.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Kerlinger, F. N. (1986). Foundations of behavioral research. (3rd ed.). New York: Holt, Rinehart, and Winston.
- Levin, H. (1972). *The Costs to the Nation of Inadequate Education* (study prepared for the Select Committee on Equality of Educational Opportunity, U.S. Senate). Washington, DC: U.S. Government Printing Office.
- McNeal, Ralph. B. (1995). Extracurricular Activities and High School Dropouts. *Sociology of Education*, 68: 62-81
- McKeown, R.E., C.Z.Garrison, K.L. Jackson, S.P. Cuffe, C.L. Addy, and J.L. Waller, (1997). Family Structure and Cohesion, and Depressive Symptoms in Adolescents. *Journal of Research on Adolescence*, vol. 7, no. 3, pp. 267-281.
- McWhirter, J.J., B.T. McWhirter, A.M. McWhirter, E.H. McWhirther (1998). *At-Risk Youth: A Comprehensive Response*, Brooks/Cole.
- Miech, R.A., A. Caspi, T.E. Moffitt, B.R.E. Wright, and P.A. Silva (1999). Low Socioeconomic Status and Mental Disorders: A Longitudinal Study of Selection and Causation during Young Adulthood, *American Journal of Sociology*, vol. 104, no. 4, bls. 1096-1131.
- Meyer, John W. (1977). The Effects of Education as an Institution. *American Journal of Sociology*, Vol. 83, No. 1, bls. 55 -77.
- Námsmatsstofnun (2000). Yfirlit um meðaltöl samræmdra einkunna 1993-2000. Vefsíða (<http://www.namsmat.is/samrpr/medsam9300.html>)
- Pallas, A.M., Entwisle, D.R. and Cadigan, D. (1987). Children who do Exceptionally Well in First Grade. *Sociology of Education*, Vol. 60, No. 4, bls. 257-271.
- Powers, D.A. and Y. Xie. (2000). *Statistical methods for categorical data analysis*. San Diego: Academic Press.
- Regoli, Robert M. og John D. Hewitt (2000). *Delinquency in Society*. Bandaríkin: The McGraw-Hill Companies, Inc.
- Ricketts, E. and I. Sawhill. (1988). Defining and Measuring the Underclass. *Journal of Policy Analysis and Management*, 7: 316-325.
- Rumberger, R. (1987). High School Dropouts: A Review of Issues and Evidence. *Review of Educational Research*, 57: 101-121.
- Sadker, M.P. and D.M. Sadker (1987). *Teachers, Schools, and Society*. New York: Random House.
- Schneider, B. og Stevenson, D. (1999). *The Ambitious Generation: America's Teenages, Motivated but Directionless*. Yale University Press. New Haven and London.

- Steinberg, L., P. Blinde, and K. Chan (1984). Dropping Out Among Language Minority Youth. *Review of Educational Research*, 54: 113-132.
- Thornberry, T., M. Moore, and R. Christenson (1985). The Effect of Dropping Out of High School on Subsequent Criminal Behavior. *Criminology*, 23: 3-18.
- Umboðsmaður barna (1998). *Mannabörn eru merkileg. Staðreyndir um börn og unglinga*, bls. 19. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi hf
- Þóroddur Bjarnason. (1995). Administrerung mode bias in a school survey on alcohol, tobacco and illicit drug use. *Addiction*, 90, 555-559.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (1994). *Um gildi íþróttanna fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2000). *Félagsstarf og frístundir íslenskra unglinga*. Reykjavík: Æskan.

Viðauki

Aðhvarfsgreining og möguleg samsetning brottfalls

Fólk á aldrinum 16-19 ára⁷⁴ sem ekki er skráð í framhaldsskóla hefur fjölbreyttan bakgrunn. Ástæður þess að það er ekki í framhaldsskóla eru margar og vel má hugsa sér að sömu þættir og ýta undir eða stuðla að fjarveru einstaklinga úr skólakerfinu, geti valdið því að ungt fólk hafi lítinn áhuga eða vilja til að svara spurningum um félagslegar aðstæður þeirra. Þessir sömu þættir geta einnig verið tengdir sumum þeirra atriða sem spurt er um í könnuninni.

Þó póstrannsóknir með um eða yfir 50% brottfalli séu algengar þá eru þær gjarnan gangrýndar á þeirri forsendu að þeir sem ekki svari séu allt frá því að vera hugsanlega til líklega ólíkir þeim sem svara. Þessi munur kemur samkvæmt skilgreiningu fram í svörum og hugsanlega eru einstaklingarnir einnig ólíkir á þeim þáttum sem spurt er um. Þess vegna, samkvæmt röksamemdunum, gefi rannsóknir með háu brottfalli hugsanlega skakka mynd af þeim hópi sem rannsókninni er ætlað að lýsa.

Við kynningu á niðurstöðum í skýrslu þessari höfum við þrjár leiðir sem mótvægi við gagnrýni sem þessa. Þó niðurstöður könnunarinnar séu eina matið á stöðu þess hóps sem hugur er á að kanna þá forðumst að túlka prósentutölur sem afgerandi réttmætar áætlanir á umfangi félagslegrar aðstöðu fólks utan framhaldsskólanna. Til að fá innsýn inn í líklegan mun á þessum tveimur hópum einstaklinga þá reiknum við hlutfallstölur fyrir árgangana fjóra í hvorum hópi fyrir sig og kynnum í súlurítum. Munurinn sem sést á milli þessara tveggja hópa gefur vísbendingu um hvers eðlis munur þessara hópa sé. Í öðrum lagi þá nýtum við okkur upplýsingar sem fengnar voru þegar reynt var að skyggjast inni samsetningu hópsins sem svarði ekki. Þetta var gert með sérstöku átaki þar sem reynt var að hringja í alla þá sem ekki höfðu svarað eftir tvær ítrekanir í pósti. Við þetta átak bættust við 76 einstaklingar við heildar fjölda svarenda. Þeir sem svöruðu eftir þetta séráttak eru aðgreindir í úrvinnslunni.

⁷⁴ Aldur miðast hér við fæðingarár, þ.e.a.s. þeir sem fæddir eru árið 1984 teljast 16 ára, þeir sem fæddir eru árið 1983 teljast 17 ára, þeir sem fæddir eru árið 1982 teljast 18 ára og þeir sem fæddir eru árið 1981 teljast 19 ára. Þó er það svo að einhver lítill hópur er ekki búinn að ná því aldursári sem miðað er við hér þar sem könnunin var lögð fyrir í lok október og því einhver hluti nemenda sem átti eftir að ná fullum 16, 17, 18 og 19 ára aldri.

Aðhvarfsgreiningu má annars vegar nota til að álykta um hvort samband sem finnst í úrtaki sé einnig að finna í þýðinu. Eins er aðhvarfsgreining gangleg til að reikna hlutfylgni tveggja breyta innan svarhópsins þegar öðrum þáttum er haldið föstum. Þegar skoðaður er munur á milli þessara tveggja svarhópa þá er nauðsynlegt að taka tillit til mismunandi aldursskiptingar í svarhópunum tveimur. Það er gert með því að skoða hlutfallstölur í árgöngum innan svarhópanna. Vegna þess tíma sem leið á milli fyrirklaga þessara tveggja kannana eru árgangarnir að jafnaði misgamlir þegar þeir svöruðu spurningaheftinu. Með margbreytu aðhvarfsgreiningu er unnt að aðgreina þennan mun á nákvæmari hátt með því að reikna meðalaldur við svörum hvers árgangs innan og utan framhaldsskólans og halda áhrifum aldurs í stað árgangs föstum. Aðhvarfsgreining leyfir okkur einnig að kanna að hvaða leiti þeir sem svöruðu eftir átakið eru frábrugðnir þeim sem svöruðu fyrir átak.

Tvíflokka aðhvarfsgreining

Í aðhvarfsgreiningu með tvíflokka fylgibreytum (t.d. reykt daglega síðusu 30 daga eða ekki) er nauðsynlegt að meta svokallað logit fall. Logit fall er skilgreint sem $\text{logit}(p) = \ln[p/(1-p)]$. Fallið \ln er náttúrulegur lógarithmi, bókstafurinn p stendur fyrir líkur. Í hlutfalliinu $p/[1-p]$ er bókstafurinn p líkur á atburði og $1-p$ eru líkur á „ekki“ atburði eða líkur á andstæðum atburði sem samtals eru 1,0 (því $p + 1-p = 1$). Köllum þetta hlutfall vinningshlutfall þar sem ekki hefur náðst samstaða um betra íslenskt orð sem er auðveldlega má aðgreina frá líkum. Líkur þess að fá töluna 4 á teningi eru $1/6=0.166667$ en vinningshlutfall er hins vegar $0.166667/(1-0,166667) = 0,2 = 1/5$. Í aðhvarfsgreiningu er metið gildi B stuðla í jöfnunni:

$$\text{logit}(p) = \text{skurðpunktur} + B1*STULKA + B2*ALDUR + B3*FRAMHALDSSK + B4*ÁTAK$$

B stuðlarnir meta „áhrif“ frumbreytu á náttúrulegan lógaryþma af líkindum (odds) en oftast er auðveldara að túlka stuðulinn í veldisvísifalli e^B eða $\exp(B)$. Powers og Xie (2000)⁷⁵ og Agresti (1996) sýna að veldisvísifallið e^B má túlka sem ávinningshlutfall *odds-ratio* fyrir tiltekna flokkafrumbreytu.

⁷⁵ Powers, D.A. and Y. Xie. 2000. *Statistical methods for categorical data analysis*. San Diego: Academic Press.

Tafla V1. Líkan fyrir samanburð á myndum 2 og 3. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem finnast nám oft eða nær alltaf tilgangslaust.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,4702	0,1855	1	0,0112	0,6249
Aldur	0,0123	0,0515	1	0,8107	1,0124
Stúlkka	-0,9119	0,1191	1	0,0000	0,4017
Átak	-0,2243	0,5406	1	0,6783	0,7991
Skurðpunktur	-1,1442	1,1076	1	0,3016	

B stuðullinn fyrir breytuna “Í framhaldsskóla” hér að ofan er því túlkaður svo að þeir einstaklingar sem eru í framhaldsskóla haustið 2000 hafa rétt rúmlega helmingi lægra (,6249) vinninghlutfall ($p/[1-p]$) til finnast nám oft eða nær alltaf tilgangslaust miðað við einstaklinga utan framhaldsskóla, eftir að tekið er tillit til aldurs og kyns. Breytan átak stendur fyrir þá 76 einstaklinga sem svöruðu eftir sérstakt átak þar sem reynt var að hringja í alla þá sem ekki höfðu svarað eftir tvær ítrekanir í pósti. Við sjáum að þeir sem svara spurningarlistanum eftir umrætt sérstak átak hafa um 20% lægra ($\text{Exp}[B]= 0,7991$ í aftasta dálki töflu V1) vinningshlutfall, sem þó er ekki tölfræðilega marktækt. Powers og Xie (2000, bls. 76) benda á að túlkun á B stuðlum fyrir samfelldar frumbreytur, eins og aldur, sé eilítið flóknari en fyrir tvíflokkka frumbreytur. Þar sem megin markmið með breytunni „aldur” í þessu módeli er að eyða út áhrifum á mismunandi aldursamsetningu hópanna þá látum við hjá líða að túlka þann stuðul til hlítar. Dálkurinn *p-gildi* gefur til kynna hvort tiltekinn stuðull sé tölfræðilega marktækur. Hér eins og víða í úrvinnslu á spurningakönnunum er marktæktarkrafa valin 0,05. Því er B stuðull með p-gildi lægra en 0.05 því álitinn tölfræðilega marktækur. Samkvæmt venju er í hverri töflu birt staðalvilla metils (*standard error of estimate*, S.E) hvers stuðuls og fjöldi frelsisgráða (fg) notaðar í tölfræðiprófinu.

Skilgreinum nú líkur á atburði eða einkenni einstaklinga fyrir fjóra hópa; 1) fyrir 16-19 ára nemendur í framhaldsskóla, 2) fyrir fólk utan framhaldsskóla sem svara fyrir átak, 3) fólk utan framhaldsskóla sem svara eftir átak og 4) fólk sem er utanskóla og svarar ekki könnun þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þar á. Notum áfram sem dæmi líkur á að einstaklingi finnist alltaf eða oft að nám sé tilgangslaust. Líkurnar á þessu einkenni ungs fólks í framhaldsskóla táknum við með P_s . Samsvarandi líkur fyrir ungt fólk utan framhaldsskóla sem svarar spurningakönnun fyrir umrætt átak er táknað með

P_f . Líkur fyrir ungt fólk utan framhaldsskóla sem svarar eftir átak er svo aftur táknað með P_e . Fjórði og síðasti hópurinn er sá hópur einstaklinga sem er utan framhaldsskóla og svarar ekki könnuninni eftir ítrekaðar tilraunir. Líkur fyrir þennan brottfallshóp eru táknaðar með P_b .

Við höfum ávallt mat á þremur af þessum fjórum stærðum þ.e. P_s , P_f og P_e . Við setjum fram þá tilgátu, sem í eðli sínu er óprófanleg, að röð líkinda í utanskólahópnum sé ávallt $P_f < P_e < P_b$ eða $P_f > P_e > P_b$ sem á íslensku útfærist svo að brottfallshópurinn sé líkari þeim sem svöruðu eftir átak en þeim sem svöruðu fyrir átakið. Þessi tilgáta byggir á þeirri hugmynd að auðveldast er að fá þá sem svöruðu spurningalistanum fyrst til að taka þátt í rannsókn sem þessari og erfiðast sé að fá þá sem ekki svöruðu til að taka þátt. Þeir sem svöruðu eftir umrætt átak eru þar á milli. Gert er ráð fyrir línulegu sambandi á milli þessarar þátttökutregðu og þess einkennis sem mælt er. Línulegt samband er algeng forsenda í félagsvísindum sem ýmist er prófanleg eða óprófanleg eins og hér.

Lítum á aðhvarfstuðla fyrir tvær breytur í töflu V1 þar sem kynntar eru niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir myndir 2 og 3. Breytan „Í framhaldsskóla” er með neikvætt formerki sem segir að lægri líkur eru á því að þeir sem eru í framhaldsskóla telji stundum eða oft eða nám sé tilgangslaust en þeir sem eru utan framhaldsskólans (neikvæð stærð hafin upp í veldi af e gefur ávalt tölu milli 0 og 1, en jákvæð tala ávalt tölu sem er hærri en 1 eins og sjá má í aftasta dálki hverrar aðhvarfsgreiningar). Neikvætt formerki á breytunni „átak” segir að þeir sem svöruðu eftir átakið eru að öðru jöfnu ólíklegri til að finnast nám tilgangslaust. Það er veik vísbending um að við höfum hugsanlega ofmetið muninn sem sést á samanburði mynda 2 og 3. Vísbendingin er veik þar sem stuðullinn fyrir breytuna er ekki tölfræðilega martækur miðað 0.05% marktæktarkröfu.

Sambandi þar sem stuðlar beggja breyta eru neikvæðir má lýsa með tveimur ójöfnum þar sem ekki er unnt að meta röð P_s og P_B

$$P_s < P_f < P_e$$

$$P_B < P_f < P_e$$

Ef, eins og í sumum töflum þessa viðauka breytan “átak” er með öðru formerki og stuðullinn fyrir “Í framhaldsskóla” þá bendir það til að við höfum hugsanlega

vanmetið þann mun sem við birtum á viðeigandi mynd í megin texta skýrslunnar. Þá myndi stærðarröðun líka vera á þennan hátt að því gefnu að forsenda okkar sem kynnt er hér haldist:

$$P_s < P_f < P_e < P_b$$

Vegið meðaltal P_f og P_e (svarhópur þeirra sem eru utan framhaldsskóla) er þá einhverju lægra en vegið meðaltal P_f , P_e og P_b (þýði þeirra sem er utan framhaldsskóla) þar sem P_b vegur nokkuð þyngra en P_f og P_e samanlagt. Með öðrum orðum getum við sagt að munurinn í utanskóla þýðinu er líklegri til að vera meiri en sést meðal þeirra sem svöruðu.

Eins og myndir 2 og 3 sýna greinilega þá er töliverður kynjamunur á viðhorfi ungs fólks til náms. Þetta sést einnig á töflu V1 þar sem stuðullinn fyrir stúlkur sýnir að líkindi þess að þær telji nám tilgangslaust er minna en helmingur (0,41) af líkindum pílta. Ekki kemur fram munur eftir aldri þar sem stuðullinn er bæði mjög lágur auk þess að vera ekki tölfræðilega marktækur.

Seinni taflan fyrir hvert myndapar í þessum viðauka er sett fram til að svara spurningunni “Hvernig samsetningu hjá brottfallshópnum þyrftum við að sjá til að þýðin tvö væru nákvæmlega eins?” Þegar þessi ímyndaða samsetning er skoðuð, með það í huga að brottfallshópurinn er samkvæmt skilgreiningu utan framhaldsskóla, þá er rétt að velta fyrir sér hversu líkleg svona skipting er, með í farteskinu þá vitneskju sem við höfum um utanskólahópnum. Ef svarið er “nær ómögulegt” getum við ályktað að munurinn sem við sjáum á súluritunum er líklegur til að vera í rétta átt. Við þessar reikniæfingar gerum við ráð fyrir að svarendur í framhaldsskólahópnum endurspegli viðkomandi þýði rétt, þýði sem skilgreint er sem reglulegir nemendur framhaldsskólanna. Hlutfallstölurnar sem birtar eru í viðkomandi mynd (myndum 2 og 3 í þessu tilfelli) eru endurteknar í þessum töflum þar sem þær eru grundvöllurinn á ímyndaðri samsetningu brottfallshópsins í þessum reikniæfingum. Við sjáum á myndum 2 og 3 og töflunni hér að neðan að fólki utan framhaldsskólans er mun líklegra til að finnast nám nám oft eða nær alltaf tilgangslaust.

Tafla V2. Reiknað ímyndað brottfall fyrir myndir 2 og 3.

Fæðingaár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	6,1	4,0	2,6
1982	5,3	4,7	4,3

1983	6,7	3,7	1,7
1984	10,0	4,0	0,0

Til þess að samsetning brottfallshópsins eyði út þessum mun þyrfti samsetning þess hóps að vera þannig að lágt hlutfall þeirra væri á þeirri skoðun að nám væri tilgangslaust. Sem dæmi má nefna þá mætti enginn einstaklingur í 1984 árgangi brottfallshópsins vera á þeirri skoðun að nám sé tilgangslaust til þess að munurinn héldist í þá átt fyrir 1984 árganginn sem sést á myndum 2 og 3. Í þessu tilfalli sjáum við að það er tæknilega mögulegt að brottfallshópurinn sé þannig saman settur að munurinn á milli ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sé enginn. Í samanburði hópanna tveggja á ýmsum öðrum þáttum hér að neðan er það mikill á þannig samsetning er tæknilega óhugsandi. Í öðrum tilfellum er munurinn tæknilega mögulegur en þá oft frekar eða mjög röklega ólíklegur.

Tafla V3. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 4 og 5. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem segjast of eða alltaf leiðast nám

	B	S.E.	Wald	fg	p-gildi	Exp(B)
Ekki í framhaldsskóla	-0,5629	0,0950	35,1	1	0,0000	0,5696
Aldur	0,0135	0,0248	0,3	1	0,5850	1,0136
Stúlka	-0,7005	0,0545	165,4	1	0,0000	0,4963
Átak	0,1855	0,2572	0,5	1	0,4709	1,2038
Skurðpunktur	0,6600	0,5376	1,5	1	0,2196	

Aðhvarfsgreiningin sýnir tölfræðilega marktækan mun á milli þeirra sem eru í framhaldsskóla og utan hans hvað varðar námsleiða. Þeir sem svöruðu eftir átak eru heldur líklegri til að leiðast nám en sá munur er ekki tölfræðilega marktækur. Stúlkur eru mun ólíklegri en piltar til að leiðast nám. Sá munur sem sést á aldri meðal þeirra sem eru utanskóla má hugsanlega skíra með vísan í þann tíma sem liðinn er frá lok grunnskóla. Ef að þeir sem lausast eru tengdir skólakerfinu hætta fyrst þá má ætla að árgangur 1984 sé að nokkru einsleitari árgangi 1981 þar sem þau öfl sem ýta ungu fólki út úr skólakerfinu hafa haft lengstan tíma til að vinna á eldri árganginum. Skólaleiði gæti þá hugsanlega verið stærri þáttur í brotthvarfi yngri árgangsins úr námi en hjá þeim eldri.

Tafla V4. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 4 og 5 Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem segjast of eða alltaf leiðast nám

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	26,8	21,4	17,8
1982	35,9	23,3	14,9
1983	40,0	24,1	13,5
1984	37,7	19,9	8,0

Tafla V4 sýnir að í þessu tilfalli er ekki tæknilega útilokað að samsetning brottfallshópsins sé með þeim hætti að engin munur sé á hlutfalli fólks innan og utan framhaldsskóla. Samt er harla ólíklegt að munurinn sé engin þar sem brottfallshópurinn þyrfti að vera einstaklega áhugasamur um nám til að eyða út þeim mun sem sést á myndum 4 og 5.

Tafla V5. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 6 og 7. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem segjast líða oft eða nær alltaf illa í skóla.

	B	S.E.	Wald	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-1,3343	0,1217	120,29	1	0,0000	0,2633
Aldur	0,1314	0,0416	9,99	1	0,0016	1,1405
Stúlka	-0,0984	0,0898	1,20	1	0,2730	0,9062
Átak	-0,5430	0,3537	2,36	1	0,1247	0,581
Skurðpunktur	-2,3306	0,8780	7,05	1	0,0079	

Tafla V6. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 6 og 7.

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	18,5	6,4	-1,67
1982	22	6,9	-3,17
1983	17,3	6,3	-1,03
1984	29,5	3,7	-13,50

Í þessu tilfalli er tæknilega ógerningur að samsetning brottfallsins sé með þeim hætti að sá munur sem sést á svörum hópanna á fullyrðingunni um að þeim líði oft eða nær alltaf illa í námi sé í raun enginn. Þeir sem svöruðu eftir áttak eru hins vegar síður líklegir til að líða illa í skóla en þeir sem svöruðu fyrir áttak. Það bendir til að hugsanlega er munurinn ofmetinn að einhverju leyti. Hér er kynjamunurinn umtalsvert minni en sést á myndum 2 og 3.

Tafla V7. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 9 og 10. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í íslensku við lok grunnskóla

	B	S.E.	Wald	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-1,8094	0,0971	347,52	1	0,0000	0,1638
Aldur	-0,2144	0,0244	77,23	1	0,0000	0,807
Stúlka	-0,6760	0,0521	168,48	1	0,0000	0,5086
Átak	-0,3035	0,2555	1,41	1	0,2348	0,7382
Skurðpunktur	7,3600	0,5395	186,09	1	0,0000	

Tafla V8. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 9 og 10

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	53,5	20	-2,33
1982	59,6	22,1	-2,90
1983	66,2	28,7	3,70
1984	73,5	31	2,67

Ógerningur er að vega upp upp með nokkurri samsetningu brottfallshópsins þann mun sem við sjáum á samræmdum einkunnum í íslensku á myndum 9 og 10. Hins vegar sést, þó munurinn sé ekki marktækur, að þeir sem svöruðu eftir átak eru heldur ólíklegri til að hafa haft lágar einkunnir í íslensku en þeir sem svöruðu fyrir átak. Það er veik vísbending um að munurinn á myndum 9 og 10 sé frekar ofmetinn en vanmetinn.

Tafla V9. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 11 og 12. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í stærðfræði við lok grunnskóla.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-1,8457	0,1089	1	0,0000	0,1579
Aldur	-0,2278	0,0214	1	0,0000	0,7963
Stúlka	-0,1323	0,0466	1	0,0045	0,8761
Átak	-0,5117	0,2789	1	0,0666	0,5995
Skurðpunktur	7,7889	0,4920	1	0,0000	

Tafla V10. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 11 og 12

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	82,5	50,3	28,83
1982	71,2	29,9	2,37
1983	82,9	43,1	16,57
1984	87	60,6	43,00

Þrátt fyrir mikinn mun á einkunnum á samræmdu prófi í stærðfræði á milli þeirra sem eru utan og innan framhaldskólanna þá er tæknilega mögulegt að samsetning brottfallshópsins eyði út þeim mun sem sést á myndum 11 og 12, þó röklega sé það mjög ólíklegt. Þeir sem svara eftir átak eru heldur ólíklegri til að hafa fengið lága einkunn í stærðfræði en þeir sem svöruðu fyrir átak, þessi munur er nálægt því að vera tölfræðilega marktækur.

Tafla V11. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 13 og 14. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í ensku við lok grunnskóla

	B	S.E.	df	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-1,1559	0,0915	1	0,0000	0,3148
Aldur	-0,2111	0,0231	1	0,0000	0,8097
Stúlka	0,0341	0,0494	1	0,4897	1,0347
Átak	0,1798	0,2498	1	0,4716	1,197
Skurðpunktur	5,1196	0,5053	1	0,0000	

Tafla V12. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 13 og 14

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	43,9	24,8	12,07
1982	48,1	23,3	6,77
1983	59,9	33,5	15,90
1984	66	35	14,33

Aðhvarfsgreingin sýnir að framhaldsskólanemendur eru tölfræðilega marktækt mun ólíklegri til að hafa fengið einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í ensku. Þeir sem svöruðu eftir átak eru heldur líklegri til hafa fengið lága einkunn en þeir sem svöruðu fyrir átakið en sá munur er ekki tölfræðilega marktækur. Neðri taflan sýnir að brottfallshópunum þurfti að hafa gengið töluvert vel í samræmdum prófum í ensku til að sá eyða burt þeim mun sem sést á myndum 13 og 14.

Tafla V13. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 15 og 16. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem fengu einkunnina 6 eða lægri á samræmdum prófum í dönsku við lok grunnskóla.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-1,5500	0,0974	1	0,0000	0,2123
Aldur	-0,2072	0,0235	1	0,0000	0,8128
Stúlka	-0,8099	0,0505	1	0,0000	0,4449
Átak	0,0836	0,2625	1	0,7501	1,0872
Skurðpunktur	7,1603	0,5229	1	0,0000	

Tafla V14. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 15 og 16

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	43,6	14,4	-5,1
1982	74,1	44,3	24,4
1983	63,5	27,4	3,3
1984	71,7	35,5	11,4

Aðhvarfsgreininginn sýnir töfræðilega marktækan mun á milli nemenda í og utan framhaldsskóla á samræmdum einkunnum í dönsku. Sá mikli munur sem sést á þessum einkunnunum má fræðilega eyða með ímyndaðri samsetningu brottfallshópsins (nema fyrir þá sem fæddir eru 1981) en þannig samsetning er röklega mjög ólíkleg. Stuðullinn fyrir breytuna „átak“ er veik vísbending um að munurinn sé frekar vanmetinn en ofmetinn. Sem fyrr er umtalsverður munur á piltum og stúlkum á einkunnunum á samræmdum prófum.

Tafla V15. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 19 og 20. Hlutfall ungra stúlkna utan og innan framhaldsskóla sem á eitt eða fleiri börn.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-2,5212	0,2959	1	0,0000	0,0804
Aldur	0,9296	0,1531	1	0,0000	2,5335
Átak	0,0432	0,4868	1	0,9293	1,0442
Skurðpunktur	-17,0344	3,1304	1	0,0000	

Tafla V16. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 19 og 20

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	27,1	1,7	-15,23
1982	12,5	0,7	-7,17
1983	8,6	0,2	-5,40
1984	0	0,1	0,17

Það er tæknilega ógerningur að eyða þeim mikla mun sem sést á barnafjölda stúlkna á myndum 19 og 20 með nokkurri samsetningu brottfallshópsins. Stuðull fyrir breytuna „átak“ er veik vísbending um að munurinn sé vanmetinn frekar en ofmetinn. Stúlkur í framhaldsskóla eru tölfræðilega marktækt ólíklegri til að eiga barn en jafnöldurur þeirra utan framhaldsskólans.

Tafla V17. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 21 og 22 . Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðast eða svitni 2 sinnum í viku eða oftar.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	0,3290	0,0894	1	0,0002	1,3896
Aldur	0,0069	0,0221	1	0,7553	1,0069
Stúlka	-0,5987	0,0490	1	0,0000	0,5495
Átak	-0,0934	0,2473	1	0,7057	0,9108
Skurðpunktur	0,8025	0,4830	1	0,0966	

Tafla V18. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 21 og 22

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	0,58	0,64	0,68
1982	0,59	0,68	0,74
1983	0,56	0,65	0,71
1984	0,63	0,65	0,66

Það er tölfræðilega marktækur munur á hópunum tveimur á hlutfalli þeirra sem reyna á sig líkamlega þannig að þeir mæðist verulega eða svitni. Það er þó tæknilegur möguleiki að samsetning brottfallsins sé á þann hátt að munurinn sé ekki til staðar. Breytan „átak“ bendir til að munurinn sé heldur vanmetinn en þau áhrif eru ekki tölfræðilega marktæk.

Tafla V19. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 23 og 24. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem eru í hljómsveit með nokkrum vinum sínum einu sinni í viku eða oftar.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	0,5595	0,2797	1	0,0454	1,7497
Aldur	-0,0740	0,0547	1	0,1758	0,9287
Stúlka	-1,5489	0,1436	1	0,0000	0,2125
Átak	-0,5953	1,0430	1	0,5682	0,5514
Skurðpunktur	-0,8261	1,2377	1	0,5045	

Tafla V20. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 23 og 24

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	0,03	0,04	0,05
1982	0,12	0,04	-0,01
1983	0,02	0,04	0,05
1984	0,03	0,05	0,06

Það er tölfræðilega marktækur munur á hópunum tveimur. Stuðulinn við breytuna „átak“ er veik vísbending um að munurinn sé vanmetinn frekar en ofmetinn. Piltar eru mun líklegri til að vera í hljómsveit en stúlkur. Það er tæknilega mögulegt að samsetning brottfalls eyði þessum mun nema hjá þeim sem fæddir eru 1982.

Tafla V21. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 23 og 24 (miðsúla). Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem stunda myndlistarnám einu sinni í viku eða oftár.

23 og 24b.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	1,5261	0,3918	1	0,0001	4,6001
Aldur	0,1397	0,0544	1	0,0102	1,1500
Stúlka	0,5372	0,1278	1	0,0000	1,7112
Átak	1,9345	0,6002	1	0,0013	6,9204
Skurðpunktur	-9,5676	1,3620	1	0,0000	

Tafla V22. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 23 og 24 (miðsúla)

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	0,02	0,05	0,07
1982	0,02	0,05	0,07
1983	0,01	0,04	0,06
1984	0	0,03	0,05

Tölfræðilega marktækur munur er á hópunum. Eins er marktækur munur á piltum og stúlkum þar sem stúlkur eru mun líklegri til að stunda myndlistarnám. Stuðulinn á breytunni „átak“ er hins vegar tölfræðilega marktæk og sterk vísbending um að munurinn sé ofmetinn. Eins er tæknilega mögulegt að samsetning brottfalls eyði þessum mun.

Tafla V23. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 23 og 24 (súlu lengst til hægri). Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem stundar leiklist einu sinni í viku eða oftar.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	0,9111	0,3480	1	0,0088	2,487
Aldur	-0,2168	0,0544	1	0,0001	0,8051
Stúlka	0,5376	0,1209	1	0,0000	1,7119
Átak	-0,0053	1,0578	1	0,9960	0,9947
Skurðpunktur	-1,9446	1,2995	1	0,1345	

Tafla V24. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 23 og 24 (súlu lengst til hægri)

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	0,000	0,033	0,055
1982	0,020	0,040	0,053
1983	0,010	0,041	0,061
1984	0,050	0,059	0,066

Hér er tölfræðilega marktækur munur á hópunum tveimur þar sem fólk í framhaldsskóla er mun líklegra til að vera í leiklist en fólk utan framhaldsskólans. Stúlkur eru mun líklegri en piltar til að vera í leiklist. Stuðullinn við breytuna „átak“ gefur engar vísbendingu. Samsetning brottfallshópsins getur tæknilega eytt þeim mun sem sést á myndunum.

Tafla V25. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 25 og 26 (súla lengst til vinstri). Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem röltir um og skoðar í búðir vikulega eða oftár.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,1656	0,1095	1	0,1305	0,8474
Aldur	-0,2149	0,0262	1	0,0000	0,8066
Stúlka	1,1526	0,0609	1	0,0000	3,1663
Átak	0,1800	0,3022	1	0,5515	1,1972
Skurðpunktur	1,0269	0,5728	1	0,0730	

Tafla V26. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 25 og 26 (súla lengst til vinstri).

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	20,6	17,3	15,1
1982	18,4	20,0	21,1
1983	21,3	23,4	24,8
1984	29,5	27,9	26,8

Ekki er tölfræðilega marktækur munur á hópunum tveimur á þessum þætti.

Tæknilegur möguleiki er að samsetning brottfallshópsins eyði þeim mun sem sést á myndum 25 og 26 hvað snertir það að röltu um og skoða í búðir.

**Tafla V27. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 25 og 26 (miðsúla).
Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem fer í bæinn að kvöldi til
eða um helgar vikulega eða oftár**

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,2466	0,0957	1	0,0100	0,7815
Aldur	0,0048	0,0241	1	0,8432	1,0048
Stúlka	-0,0834	0,0528	1	0,1140	0,9199
Átak	0,1800	0,2603	1	0,4892	1,1972
Skurðpunktur	-0,5729	0,5254	1	0,2755	

**Tafla V28. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 25
og 26 (miðsúla)**

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	24,1	25,3	26,10
1982	33,3	24,8	19,13
1983	29,2	25,8	23,53
1984	45,9	23,6	8,73

Það er tölfræðilega marktækur munur á milli hópanna tveggja þar sem ungt fólk í framhaldsskóla er ólíklegra til að fara í bæinn að kvöldi til eða um helgar. Stúlkur eru alennmt heldur ólíklegri til að fara í bæinn að kvöldi til eða um helgar. Samsetning brottfallshópsins getur tæknilega eytt þessum mun og stuðullinn fyrir breytuna „átak“ er veik vísbending um að munurinn sé vanmetinn.

Tafla V29. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 25 og 26 (súla lengsti til hægri). Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem fer vikulega eða oftár í leiktækjasali.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,0624	0,2288	1	0,7851	0,9395
Aldur	-0,1889	0,0531	1	0,0004	0,8279
Stúlka	-0,0543	0,1125	1	0,6294	0,9472
Átak	0,6456	0,5083	1	0,2040	1,9072
Skurðpunktur	0,4329	1,1638	1	0,7099	

Tafla V30. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 25 og 26.

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	2,7	3,2	3,53
1982	3,3	3,8	4,13
1983	4,7	4,6	4,53
1984	9,8	5,2	2,13

Það er ekki tölfræðilega marktækur munur á milli hópanna hvað varðar ásókn í leiktækjasali. Stuðullinn með breytunni „átak“ er hár en ekki tölfræðilega marktækur og er því veik vísbending um að ungt fólk utan framhaldsskóla sé hugsanlega líklegra til að sækja leiktækjasali en sést á mynd 25.

Tafla V31. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 27 og 28. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem fara í kvikmyndahús einu sinni í mánuði eða oftár.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	1,2096	0,0888	1	0,0000	3,3521
Aldur	-0,0321	0,0228	1	0,1599	0,9684
Stúlka	-0,2565	0,0503	1	0,0000	0,7737
Átak	-0,0061	0,2479	1	0,9805	0,994
Skurðpunktur	-0,5654	0,4952	1	0,2536	

Tafla V32. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 27 og 28

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	37,3	68,3	89,0
1982	42,0	71,7	91,5
1983	46,8	72,7	90,0
1984	41,0	70,4	90,0

Nemendur í framhaldsskóla fara mun oftár í kvikmyndahús en jafnaldrar þeirra utan framhaldsskólanna. Aldur hefur þar nánast engin áhrif og stúlkur eru heldur ólíklegri til að fara svo oft í kvikmyndahús en piltar. Til þess að eyða út þeim mun sem sést á myndnum tveimur með ímyndaðri samsetningu brottfalls þá þyrfti 9 af hverjum 10 í brottfallshópnum að sækja bíó mánaðarlega eða oftár. Stuðulinn við breytuna „átak“ gefur engar vísbendingar í þessari samantekt.

Tafla V33. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 29 og 30. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem fer í partí einu sinni í mánuði eða oftar.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	0,7500	0,0888	1	0,0000	2,117
Aldur	0,0739	0,0228	1	0,0012	1,0767
Stúlka	0,1195	0,0495	1	0,0159	1,1269
Átak	0,1125	0,2466	1	0,6484	1,119
Skurðpunktur	-2,1442	0,4951	1	0,0000	

Tafla V34. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 29 og 30

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	48,4	71,9	87,6
1982	58,9	72,0	80,7
1983	55,6	71,2	81,6
1984	63,9	66,1	67,6

Nemendur í framhaldsskóla eru tölfræðilega marktækt líklegri til að fara í partí mánaðarlega eða oftar. Stuðullinn með breytunni „átak“ er veik vísbending um að þessi munur sé hugsanlega ofmetinn. Samsetning brottfallshópsins gæti tæknilega eytt þessum mun.

Tafla V35. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 31 og 32. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem fer á kaffihús einu sinni í viku eða oftar

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	0,1169	0,1245	1	0,3478	1,124
Aldur	0,2905	0,0323	1	0,0000	1,337
Stúlka	0,7126	0,0750	1	0,0000	2,0393
Átak	0,5157	0,3079	1	0,0940	1,6748
Skurðpunktur	-8,5362	0,7086	1	0,0000	

Tafla V36. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 31 og 32

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	15,0	18,1	20,2
1982	15,6	14,2	13,3
1983	14,4	10,5	7,9
1984	20,0	7,8	-0,3

Aðhvarfsgreiningin hér að ofan sýnir að ekki er marktækur munur á hópunum tveimur hvað varðar ásókn í kaffihús. Greiningin sýnir að aldur einstaklinga skiptir hér máli.

Ljóst er á myndum 31 og 32 að samvirkni er á milli aldurs einstaklinga og hvort einstaklingar eru skráðir í skóla. Viðbótargreining sýnir að þessi samvirkniáhrif eru tölfræðilega marktæk (niðurstaða ekki birt í töflu). Eins sést að stúlkur á þessum aldri eru tölvuvert líklegri til að stunda kaffihús en piltar á sama aldri. Ímynduð samsetning brottfalls getur tæknilega eytt þessum mun á milli allra árganganna nema þeirra sem fæddir eru 1984.

Tafla V37. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 33 og 34. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem fer á bari eða skemmtistaði einu sinni í viku eða oftar.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	0,0338	0,1148	1	0,7686	1,0344
Aldur	0,5320	0,0341	1	0,0000	1,7023
Stúlka	-0,0020	0,0724	1	0,9783	0,9980
Átak	0,0581	0,3110	1	0,8517	1,0598
Skurðpunktur	-11,6395	0,7321	1	0,0000	

Tafla V38. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 33 og 34

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	20,6	20,3	20,1
1982	22,0	16,3	12,5
1983	15,4	8,9	4,6
1984	11,7	4,2	-0,8

Ekki er tölfræðilega marktækur munur á hópnum tveimur hvað snertir ásókn í bari og skemmtistaði. Aldur einstaklinga tengist ásókninni sterkt enda eru aldurstakmörk inn á þessa staði. Þar sem munurinn mælist mjög lítill er hugsanlegt að samsetning brottfallshópsins geti eytt þessum mun nema þá fyrir 1984 árganginn.

Tafla V39. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 35 og 36. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem segir að andleg heilsa þeirra sé sæmileg eða léleg.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,6276	0,0933	1	0,0000	0,5339
Aldur	0,0051	0,0245	1	0,8365	1,0051
Stúlka	0,4575	0,0544	1	0,0000	1,5802
Átak	-0,2359	0,2686	1	0,3798	0,7899
Skurðpunktur	-0,7894	0,5316	1	0,1376	

Tafla V40. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 35 og 36

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	32,4	20,6	12,7
1982	33,1	24,2	18,3
1983	38,2	24,8	15,9
1984	38,3	20,4	8,5

Aðhvarfsgreining á mun hópanna tveggja á mati þeirra á andlegri heilsu sinni sýnir marktækan mun á þessum hópum. Nemendur í framhaldsskóla eru mun ólíklegri til að telja andlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Stuðullinn fyrir breytuna „átak“ er veik vísbending um að munurinn sé að einhverju leiti ofmetinn.

Tafla V41. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 37 og 38. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem segir það stundum eða oft hafa lítinn áhuga á að gera hluti.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,5305	0,0871	1	0,0000	0,5883
Aldur	0,0501	0,0215	1	0,0196	1,0513
Stúlka	0,2504	0,0472	1	0,0000	1,2845
Átak	0,3205	0,2499	1	0,1996	1,3779
Skurðpunktur	-0,8039	0,4689	1	0,0864	

Tafla V42. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 37 og 38

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	46,4	35,3	27,9
1982	52,5	38,5	29,2
1983	53,0	37,5	27,2
1984	56,7	31,8	15,2

Ungt fólk utan framhaldsskóla er marktækt líklegra til sýna ýmis einkenni þunglyndis en jafnaldrar þeirra í framhaldsskóla. Hvað varðar einkennið að hafa lítinn áhuga á að gera hluti er munurinn tölfræðilega marktækur. Stuðullinn fyrir breytuna „átak“ er veik vísbending um að þessi munur sé vanmetinn. Stúlkur eru heldur líklegri en piltar til að sýna slík einkenni. Taflan hér að ofan sýnir að samsetning brottfallshópsins þarf að vera töluvert mikið frábrúðin bæði utanskóla svarhópnum og framhaldsskólahópnum til að eyða þeim mun sem sést á myndunum tveimur.

**Tafla V43. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 37 og 38 (miðsúla).
Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem segir það stundum eða oft gráta eða langa til að gráta.**

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,7362	0,1069	1	0,0000	0,4789
Aldur	-0,0418	0,0280	1	0,1353	0,9591
Stúlka	2,0194	0,0791	1	0,0000	7,5341
Átak	-0,1257	0,3089	1	0,6840	0,8819
Skurðpunktur	-2,7122	0,6128	1	0,0000	

Tafla V44. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 37 og 38 (miðsúla)

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	24,7	16,2	10,5
1982	31,1	18,5	10,1
1983	26,5	19,5	14,8
1984	31,7	17,8	8,5

Svipaða sögu er að segja um þunglyndiseinkennið “grét eða langaði til að gráta; stundum eða oft”, nema hvað stuðullinn við breytuna „átak” er veik vísbending um að munurn sé að einhverju leiti ofmetinn.

Tafla V45. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 37 og 38 (súla lengst til hægri). Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem segist stundum eða oft vera einmana

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-1,0054	0,0953	1	0,0000	0,3659
Aldur	0,0514	0,0271	1	0,0575	1,0528
Stúlka	0,6429	0,0612	1	0,0000	1,902
Átak	-0,0028	0,2606	1	0,9914	0,9972
Skurðpunktur	-1,5241	0,5820	1	0,0088	

Tafla V46. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 37 og 38 (súla lengst til hægri)

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	34,8	16,1	3,6
1982	39,0	19,3	6,2
1983	34,5	17,5	6,2
1984	36,1	14,6	0,3

Þunglyndiseinkennið “Stundum eða oft einmana” segir svipaða sögu og tvö þau fyrri, nema hvað stuðullinn við breytuna „átak” gefur hér enga vísbendingu.

Brottfallshópurinn þyrfti hér að vera afskaplega einsleitur þar sem örfáir einstaklingar mættu sýna þetta einkenni til að munurinn á milli hópanna væri í raun enginn.

Tafla V47. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 39 og 40. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem segir líkamlega líðan vera sæmileg eða léleg.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,3980	0,0968	1	0,0000	0,6717
Aldur	-0,0591	0,0245	1	0,0160	0,9427
Stúlka	0,5420	0,0544	1	0,0000	1,7195
Átak	-0,2585	0,2856	1	0,3653	0,7722
Skurðpunktur	-0,2157	0,5335	1	0,6859	

Tafla V48. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 39 og 40.

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	21,7	20,7	20,0
1982	32,0	23,3	17,5
1983	29,2	25,2	22,5
1984	41,9	23,0	10,4

Aðhvarfsgreining á mun hópanna tveggja á mati þeirra á líkamleg heilsu sinni sýnir marktækan mun á þessum hópum. Nemendur í framhaldsskóla eru mun ólíklegri til að telja líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Stuðullinn fyrir breytuna „átak” er veik vísbending um að munurinn sé að einhverju leiti ofmetinn.

Tafla V49. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 41 og 42. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem reykir daglega.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-1,3112	0,0903	1	0,0000	0,2695
Aldur	0,0759	0,0257	1	0,0031	1,0788
Stúlka	0,0505	0,0562	1	0,3694	1,0518
Átak	-0,1033	0,2432	1	0,6708	0,9018
Skurðpunktur	-0,2561	0,5502	1	0,6416	

Tafla V50. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 41 og 42

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	47,1	21,2	3,9
1982	50,8	18,8	-2,5
1983	48,5	19,6	0,3
1984	45,0	16,7	-2,2

Samsetning brottfallsins er með þeim hætti að það er tæknilega ógerningur að eyða út þeim mun sem sést á reykingum hópanna tveggja á myndum 41 og 42. Þeir sem svöruðu eftir „áttak“ eru heldur ólíklegri til að reykja en þeir sem svöruðu fyrir „áttak“ sem bendir til að þessi munur er sennilega ofmetinn að einhverju leiti. Þótt svarhlutfall hefði verið hærra í utanskólarannsókninni eru engar líkur á að munurinn á milli ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sé í raun enginn.

Tafla V51. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 43 og 44. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem hefur orðið drukkið einu sinni eða oftar síðustu 30 daga.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	0,2398	0,0921	1	0,0092	1,2711
Aldur	0,2288	0,0221	1	0,0000	1,2571
Stúlka	-0,0567	0,0478	1	0,2358	0,9449
Átak	0,0937	0,2650	1	0,7238	1,0982
Skurðpunktur	-3,8819	0,4846	1	0,0000	

Tafla V52. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 43 og 44

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	64,6	72,0	76,9
1982	65,7	66,7	67,4
1983	65,7	63,2	61,5
1984	61,4	55,0	50,7

Ungt fólk utan framhaldsskólans er ólíklegra til að hafa orðið drukkið síðastliðna 30 daga en jafnaldrar þeirra í framhaldsskóla og er sá munur tölfræðilega marktækur.

Stuðullinn með breytunni „átak“ er veik vísbending um að munurinn sé heldur ofmetinn.

Tafla V53. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 45 og 46. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem hefur notað heimabruugg eða landa þrisvar sinnum eða oftar um ævina

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,6292	0,0872	1	0,0000	0,533
Aldur	0,2097	0,0222	1	0,0000	1,2333
Stúlka	-0,1958	0,0487	1	0,0001	0,8222
Átak	0,0832	0,2464	1	0,7357	1,0867
Skurðpunktur	-2,9448	0,4800	1	0,0000	

Tafla V54. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 45 og 46.

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	55,7	39,3	28,4
1982	50,8	33,8	22,5
1983	52,7	30,4	15,5
1984	49,2	24,8	8,5

Þeir sem eru utanskóla hafa marktækt oftar notað heimabruugg eða landa en jafnaldrar þeirra í framhaldsskóla. Stuðullinn með breytunni „átak“ er veik vísbending um að munurinn sé að einhverju leiti vanmetinn. Samsetning hins ímyndaða brottfalls þannig að munurinn hverfi er fræðilega möguleg.

Tafla V55. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 47 og 48. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem hafa notað hættuþrátt sinnum eða oftari um ævina.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,6372	0,1019	1	0,0000	0,5288
Aldur	0,3429	0,0308	1	0,0000	1,409
Stúlka	-0,6492	0,0678	1	0,0000	0,5225
Átak	0,0097	0,2738	1	0,9719	1,0097
Skurðpunktur	-5,8269	0,6542	1	0,0000	

Tafla V56. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 47 og 48

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	32,4	17,4	7,4
1982	24,6	16,9	11,8
1983	31,4	12,1	-0,8
1984	24,6	6,3	-5,9

Mikill og tölfræðilega marktækur munur er á milli hópana á því hvort þeir hafi prófað hættuþrátt. Samsetning brottfallshópsins getur ekki með nokkrum kringumstæðum eytt þessum mun fyrir árgangana fædda 1983 og 1984. Stúlkur eru mun ólíklegri til að hafa prófað hættuþrátt en karlkyns jafnaldrar þeirra.

Tafla V57. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 49 og 50. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem nota svefntöflur eða róandi lyf án lyfseðils lækni

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,8351	0,1589	1	0,0000	0,4338
Aldur	-0,0116	0,0483	1	0,8098	0,9885
Stúlka	-0,2442	0,1045	1	0,0195	0,7834
Átak	-0,4171	0,4815	1	0,3864	0,659
Skurðpunktur	-0,8214	1,0277	1	0,4241	

Tafla V58. Ímyndað samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 49 og 50

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	10,0	4,2	0,3
1982	6,3	4,9	4,0
1983	10,5	4,2	0,0
1984	14,8	4,4	-2,5

Mikill og marktækur munur er á hópunum tveimur hvað varðar notkun á róandi lyfjum og svefntöflum án lyfseðils lækni. Stuðullinn með breytunni „átak“ er vísbending um að þessi munur sé eitthvað ofmetinn en samsetning ímyndaða brottfallsins sýnir að það er næstum tæknilega ómögulegt að þessi munur sé í raun enginn.

Tafla V59. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 51 og 52. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem hafa notað e-töflur þrisvar sinnum eða oftár um ævina.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-1,5070	0,1947	1	0,0000	0,2216
Aldur	0,4026	0,0794	1	0,0000	1,4957
Stúlka	-0,5211	0,1641	1	0,0015	0,5939
Átak	0,1590	0,4018	1	0,6922	1,1724
Skurðpunktur	-7,7182	1,6588	1	0,0000	

Tafla V60. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 51 og 52.

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	12,6	2,1	-4,9
1982	6,2	2,2	-0,5
1983	9,5	1,1	-4,5
1984	6,6	0,5	-3,6

Mikill og marktækur munur er á hópunum tveimur hvað varðar notkun á e-töflum. Stuðullinn með breytunni „átak“ er veik vísbending um að þessi munur sé vanmetinn að einhverju leiti. Samsetning ímyndaða brottfallsins sýnir að það er tæknilega ógerningur að þessi munur geti horfið þó brottfallið hefði verið minna.

Tafla V61. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 53 og 54. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem notað hafa kókaín einu sinni eða oftar um ævina.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,8908	0,1349	1	0,0000	0,4103
Aldur	0,3974	0,0478	1	0,0000	1,4880
Stúlka	-0,4951	0,1022	1	0,0000	0,6095
Átak	0,0260	0,3378	1	0,9387	1,0263
Skurðpunktur	-7,6471	1,0056	1	0,0000	

Tafla V62. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 53 og 54

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	19,8	7,2	-1,1
1982	13,6	6,2	1,3
1983	14,8	3,7	-3,8
1984	8,2	2,1	-1,9

Mikill og marktækur munur er á hópunum tveimur hvað varðar notkun á kókaíni. Stuðullinn með breytunni „átak” gefur engar vísbendingar. Samsetning ímyndaða brottfallsins sýnir að það er tæknilega ógerningur að þessi munur geti horfið þó svarhlutfallið hefði verið hærra.

Tafla V63. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 55 og 54. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem notað hafa sveppi sem vímuefni einu sinni eða oftár um ævina.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,9509	0,1479	1	0,0000	0,3864
Aldur	0,2953	0,0510	1	0,0000	1,3435
Stúlka	-0,9365	0,1158	1	0,0000	0,3920
Átak	0,3452	0,3333	1	0,3003	1,4123
Skurðpunktur	-5,2538	1,0746	1	0,0000	

Tafla V64. Ímyndað samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 55 og 54

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	16,0	5,7	-1,1
1982	11,5	4,7	0,1
1983	14,8	3,1	-4,7
1984	3,3	2,5	2,0

Mikill og marktækur munur er á hópunum tveimur hvað varðar notkun á sveppum sem vímuefni. Stuðullinn með breytunni „átak“ er veik vísbending um að þessi munur sé vanmetinn að einhverju leiti. Samsetning ímyndaða brottfallsins sýnir að það er tæknilega ógerningur að þessi munur geti horfið fyrir alla árgangana þó svarhlutfallið hefði verið hærra.

Tafla V65. Aðhvarfsgreining fyrir samanburð á myndum 57 og 58. Hlutfall ungs fólks utan og innan framhaldsskóla sem hafa sniffað, t.d. lím, einu sinni eða oft.

	B	S.E.	fg	p-gildi	Exp(B)
Í framhaldsskóla	-0,8005	0,1576	1	0,0000	0,4491
Aldur	-0,0321	0,0470	1	0,4950	0,9684
Stúlka	-0,7404	0,1050	1	0,0000	0,4769
Átak	0,1041	0,3993	1	0,7943	1,1097
Skurðpunktur	0,2508	1,0026	1	0,8024	

Tafla V66. Ímynduð samsetning brottfallshóps til að eyða út mun milli mynda 57 og 58

Fæðingarár	Utanskóla	Í framhaldsskóla	Brottfall
1981	10,0	4,5	0,8
1982	8,6	4,7	2,0
1983	10,7	5,0	1,2
1984	11,5	5,0	0,6

Mikill og marktækur munur er á hópunum tveimur hvað varðar sniff á efnum.

Stuðullinn með breytunni „átak“ er vísbending um að þessi munur sé vanmetinn að einhverju leiti. Samsetning ímyndaða brottfallsins sýnir að það er tæknilega eru mjög hverfandi líkur á að þessi munur hefði horfið þó svarhlutfallið hefði verið hærra.

Samantekt

Aðhvarfsgreiningarnar hér að ofan leiða í ljós að í lang flestum tilfellum sýna hefbundin tölfræðipróf að marktækur munur er á ungu fólki í og utan framhaldsskóla á þeim þáttum sem skoðaðir eru eftir að tekið sé tillit til aldurs og kyns. Það unga fólk utan framhaldsskólans sem svaraði spurningalistanum seint er ýmisst verr eða betur stætt en jafnaldrar þeirra sem svaraði spurningalistanum snemma og er sá munur aðeins einu sinni tölfræðilega marktækur. Sé tilgátan rétt að þeir sem ekki svara séu líkari þeim sem svara seint en þeim sem svara snemma þá er átakshópurinn í heildina vísbending um að brottfallshópurinn sé hvorki betur né verr á sig kominn en þeir sem svara. Þó að í mörgum tilfellum sé fræðilegur möguleiki á að samsetning brottfallsins geti eytt þeim mun sem sést þá þyrfti sú samsetning oft að vera mjög ýkt og í mikilli andstöðu við niðurstöður eigindlega hluta rannsóknarinnar. Þessi rannsókn sýnir að hlutfallsleg notkun ungs fólks utan framhaldsskóla á ýmsum vímefnum er það mikil að ógerningur er að samsetning þeirra sem ekki svöruðu geti eytt út þeim mun sem sést á þessum hópum. Í heildina styðja þær viðbótarniðurstöður sem birtar eru í

Þessum viðauka þá staðhæfingu að ungt fólk utan framhaldsskólans er verr stætt en janfaldrar þeirra í framhaldsskóla.